



ML í lögfræði

NÝ LÖG UM NEYTENDALÁN

Áhrif breytinganna

Nafn nemanda: Ragna Lóa Sigmarsdóttir

Kennitala: 050490 – 3359

Leiðbeinandi: Áslaug Árnadóttir

Útdráttur

Neytendalán er lán samkvæmt samningi sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytanda. Ritgerð þessi fjallar um neytendalán. Neytendalánalög eru mikilvægur þáttur í neytendavernd hér á landi. Árið 2013 voru sett ný lög um neytendalán sem höfðu í för með sér ýmsar breytingar frá því sem áður var, en markmiðið með lögnum var að auka neytendavernd og samræma lagaumhverfi við veitingu neytendalána. Tilgangur ritgerðarinnar var að skoða hvort þessar breytingar hefðu haft einhver áhrif, en heiti ritgerðarinnar er: *Ný lög um neytendalán; áhrif breytinganna*.

Með tilkomu laganna frá 2013 var útvíkkað gildissvið frá fyrri lögum um neytendalán, upplýsingaskyldan sem lögð er á lánveitendur og lántaka var aukin, hámark var sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar, uppgreiðsla lánessamninga var auðvelduð sem og svigrúm til þess að falla frá lánessamningum, þá voru einnig sett inn sérstök ákvæði sem fjalla um lánshæfis- og greiðslumat.

Til þess að ná fram markmiðum ritgerðarinnar var farið yfir sögu neytendalána og tilskipanir sem Evrópubandalagið hefur sett um efnið, en það er nauðsynlegt vegna aðildar Íslands að evrópska efnahagssvæðinu. Sérstakur kafli er um neytendalánalögin frá 2013 þar sem farið er yfir helstu ákvæði laganna og breytingu frá fyrri lögum. Að auki er svo farið yfir álit, úrskurði og dóma sem féllu á grundvelli eldri laga um neytendalán, og svo álit, úrskurði og dóma sem hafa fallið eftir að nýju lögin tóku gildi. Ljóst er að þetta réttarsvið er í mikilli þróun innan Evrópusambandsins og mun landsréttur halda áfram að þróast samhliða því.

Abstract

Consumer loans are loans according to a contract between a lender and an individual for a commercial purpose for the lender. This thesis is regarding consumer loans. Consumer loan laws are very important in regards to consumer protection here in Iceland. In the year 2013 new laws were passed regarding consumer loans that resulted in a number of changes to the then current law, the objective was to increase consumer protection and to harmonize the laws for consumer loans. The purpose of this thesis is to observe if these changes have had any impact, the title is: *New laws of consumer loans; impact of the changes*.

The 2013 laws brought a broader scope to the previous laws of consumer loans, the disclosure for both lender and consumer was increased, a set maximum for the annual percentage rate of charge, paying up loans was easier likewise to waiver loan contracts, in addition specific provisions regarding credit history and debt-to-income ratio were included.

The history of consumer loans and the directive of the European Union was reviewed in order to achieve the objective of this thesis, which is imperative due to Iceland's membership of the European Economic Area. A specific chapter is dedicated to the consumer loan laws of 2013 where the main provisions and changes are discussed. The opinions, rulings and judgement according to consumer loan laws for both cases that fell under the outdated laws and the new laws were reviewed and discussed. It is obvious that this area of law is under major development within the European Union and therefore the laws here will evolve in parallel.

Efnisyfirlit

Útdráttur	II
Abstract.....	III
Myndaskrá	VI
Lagaskrá	VII
Dómaskrá	X
1. Inngangur	1
2. Sögulegt yfirlit.....	3
2.1 Þróun lagasetningar á sviði neytendalána	3
2.2. Kaup með eignarréttarfyrirvara og afborgunarkaup.....	4
2.3 Norræn löggjöf og frumvarp til laga um afborgunarkaup.....	4
2.4 Tilskipanir Evrópusambandsins um neytendalán.....	5
2.5. Lög um neytendalán nr. 30/1993	8
2.6 Lög um neytendalán nr. 121/1994	8
2.7 Neytendalánalög frá 1994 í framkvæmd.....	11
3. Aðdragandi nýrra laga sem sett voru árið 2013	15
3.1 Tilskipun 2008/48/EB	15
3.1.1 Markmið tilskipunarinnar	16
3.3 Aðlögun tilskipunar 2008/48/EB í íslenskan rétt	20
4. Lög um neytendalán 33/2013	21
4.1 Gildissvið laga nr. 33/2013	21
4.1.2 Aðilar samnings	22
4.1.3. Lánssamningar sem falla undir löginn.....	24
4.2 Upplýsingaskylda áður en lánssamningur er gerður	24
4.2.1 Upplýsingar sem eiga að koma fram í auglýsingum eða öðru kynningarefni	24
4.2.2. Upplýsingar áður en samningur er gerður, við gerð tiltekinna samninga og undanþága....	25
4.2.3. Lánshæfis- og greiðslumat.....	27
4.3. Aðgangur að gagnagrunni	28
4.4. Upplýsingar og réttindi varðandi lánssamninga.....	29
4.4.1. Réttur til að falla frá samningi	35
4.4.2. Greiðsla fyrir gjalddaga	36
4.4.3. Framsal kröfuréttinda.....	38
4.4.4. Ósamþykktur yfirdráttur og FIT-kostnaður	39
4.5 Árleg hlutfallstala kostnaðar	40
4.5.1. Heildarlántökukostnaður.....	41
4.5.2. Viðbótarþjónusta.....	43
4.5.3. Árleg hlutfallstala kostnaðar í samningum	44
4.5.4 Hámark árlegrar hlutfallslegrar tölu kostnaðar	46
4.5.5. Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar	46
4.6 Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar	48
4.6.1 Réttarstaða neytandans utan samningssambandsins	50
4.7 Eftirlit og viðurlög	50

4.7.1 Aðgerðir Neytendastofu.....	51
4.7.2 Bótaskylda	55
5. Áhrif breytinganna sem gerðar voru 2013.....	57
5.1. Áhrif á lánveitendur.	57
5.1.1. Smálánafyrirtækin.....	58
5.2. Áhrif á lántaka.....	60
5.3. Hefur lögunum verið beitt af úrskurðaraðilum eða dómstólum?	60
6. Ný lög um fasteignalán til neytenda	63
6.1 Tilskipun 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnaði.....	64
6.2. Helstu breytingar frá gildandi rétti	65
7. Samantekt og niðurstaða	67
Heimildaskrá.....	69

Myndaskrá

Mynd 1: Stærðfræðilíkan fyrir árlega hlutfallstölu kostnaðar	47
---	-----------

Lagaskrá

Íslensk lög:

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um tékka nr. 94/1933

Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um Neytendalán nr. 30/1993

Lög um breytingu á lögum nr. 30/1993 um neytendalán nr. 101/1994

Lög um Neytendalán nr. 121/1994

Lög um breytingu á lögum nr. 7/1935 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með síðari breytingum nr. 14/1995

Lög um samningsveð nr. 75/1997

Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Lög um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán nr. 179/2000

Lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005

Samkeppnislög nr. 44/2005

Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005

Lög um neytendastofu nr. 62/2005

Lög um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán með síðari breytingum nr. 63/2008

Lög um Neytendalán nr. 33/2013

Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016

Reglugerðir:

Reglugerð um breytingu á reglugerð um neytendalán nr. 377/1993 með síðari breytingum nr. 236/2000

Reglugerð um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust nr. 246/2001

Reglugerð um lánshæfis og greiðslumat nr. 920/2013

Reglugerð um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar nr. 965/2013

Lögskýringargögn:

- Alþt. 1978-79, A-deild, þskj. 508 – 249. mál.
- Alþt. 1992, A-deild, þskj. 14 – 14. mál.
- Alþt. 1992-93, A-deild, þskj. 841 – 14. mál.
- Alþt. 1993-94, A-deild, þskj. 642 – 430. mál.
- Alþt. 2000-01, A-deild, þskj. 90 – 90. mál.
- Alþt. 2004-2005, A-deild, þskj. 736 — 482. mál.
- Alþt 2007-08, A-deild, þskj. 838 – 537 mál.
- Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj 1248 – 724. mál.
- Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál.
- Alþt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál.

Stjórnartíðindi:

B-deild, Reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga nr. 712/2008.

Erlendar reglur:

Tilskipun ráðsins frá 20. desember 1986 nr. 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastrar starfstöðvar.

Tilskipun ráðsins frá 22. desember 1987 nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Tilskipun ráðsins frá 22. febrúar 1990 nr. 90/88/EBE um breytingu á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Tilskipun ráðsins frá 5. apríl 1993 nr. 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 16. febrúar 1998 nr. 98/7/EB um breytingu á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. september 2002 nr. 2002/65/EB varðandi fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 11. maí 2005 nr. 2005/29/EB um um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 nr. 2008/48/EB um lánessamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Tilskipun framkvæmdarstjórnarinnar frá 14. nóvember 2011 nr. 2011/90/EB um breytingu á II. hluta I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB þar sem settar eru fram viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. febrúar 2014 nr. 2014/17/EB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði.

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 92/2010
Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 153/2010
Hrd. 16. september 2010 í máli nr. 471/2010
Hrd. 14. mars 2013 í máli nr. 605/2012
Hrd. 24. apríl 2013 í máli nr. 672/2012
Hrd. 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015
Hrd. 26. nóvember 2015 í máli nr. 243/2015

Héraðsdómar:

Hérd. Rvk. 6. febrúar 2015 (E-4521/2013)
Hérd. Rvk. 8. apríl 2016 (E-2935/2015)
Hérd. Rvk. 9. júní 2016 (E-1935/2015)

Innlendar ákvarðanir:

Ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 (6/2009)
Ákvörðun Neytendastofu 5. febrúar 2010 (1/2010)
Ákvörðun Neytendastofu 28. apríl 2010 (21/2010)
Ákvörðun Neytendastofu 17. maí 2010 (25/2010)
Ákvörðun Neytendastofu 30. júlí 2010 (34/2010)
Ákvörðun Neytendastofu 27. febrúar 2014 (8/2014)
Ákvörðun Neytendastofu 2. júní 2014 (29/2014)
Ákvörðun Neytendastofu 2. júní 2014 (28/2014)
Ákvörðun Neytendastofu 23. september 2014 (44/2014)
Ákvörðun Neytendastofu 27. janúar 2015 (3/2015)
Ákvörðun Neytendastofu 20. maí 2016 (16/2016)
Ákvörðun Neytendastofu 20. maí 2016 (17/2016)
Ákvörðun Neytendastofu 14. nóvember 2016 (59/2016)

Ákvörðun samkeppnisráðs 1. apríl 2004 (11/2004)
Ákvörðun samkeppnisráðs 7. júní 2005 (19/2005)

Innlendir úrskurðir:

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 17. maí 2005 (2/2005)
Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 22. desember 2009 (22/2009)
Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 26. nóvember 2009 (24/2009)

Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 25. september 2009 (9/2009)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 16. júlí 2010 (6/2010)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 10. febrúar 2011 (17/2010)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 21. nóvember 2014 (13/2014)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 21. janúar 2015 (14/2014)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 19. júní 2015 (20/2014)
Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 16. september 2016 (3/2016)

Dómar Evrópudómstólsins:

EBD mál C-208/98, ECR 2000 I-01741 (Berliner Kindl)

EBD mál C-361/89, ECR 1991 I-01189 (Di Pinto)

EBD mál C-509/07, ECR 2009 I-03311 (Scarpelli)

EBD mál C-76/10, ECR 2010 I-11557 (Pohotovost)

EBD mál C-143/13, OJ C 171 (Volksbank)

EBD mál C-449/13, OJ C 65 (CA Consumer Finance)

Dómar EFTA-dómstólsins:

Mál nr. E-27/13, 25. nóvember 2014. Sævar Jón Gunnarsson gegn Landsbankanum hf.

Mál nr. E-25/13, 4. desember 2014. Gunnar Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.

1. Inngangur

Neytendalán er lán samkvæmt samningi sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytanda. Undanfarið hefur verið mikið fjallað um lánessamninga í samfélaginu, en í kjölfar efnahagshrunsins hefur verið deilt um lögmæti hinna ýmsu lánessamninga. Þá hefur sérstaklega verið deilt um lögmæti verðtryggingarinnar og lögmæti lánessamninga sem veittir voru í erlendum miðli. Lítið hefur verið fjallað um hvort þessir lánessamningar stangist á við lög um neytendalán. Eftir umfangsmikla yfirferð reglnanna um neytendalán sem voru í gildi, voru sett lög nr. 33/2013 þar sem upplýsingaskylda lánveitenda til neytenda var aukin, gildissvið laganna víkkað svo fleiri lánessamningar féllu undir lögina og hámark sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar.

Í meistaraprófsritgerð þessari verður sérstaklega farið yfir lögina sem sett voru árið 2013 með það að markmiði að sjá hver áhrif breytinganna eru á lánamarkaðinn hér á landi. Þá verður farið sérstaklega yfir eldri lög í framkvæmd hjá úrskurðaraðilum og dómstólum og svo hvernig úrskurðaraðilar og dómstólar hafa beitt nýju lögnum.

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar um sögulegan aðdraganda neytendaverndar í tengslum við neytendalán og lánaviðskipti almennt, bæði hérlendis og erlendis. Ástæða þess að sérstaklega er farið í þetta efni er til að fá betri mynd af því hvernig þessir samningar eru og auka skilning á þeim. Í kaflanum er farið yfir þróun lagasetningar á þessu sviði en nokkrum sinnum hafa verið lögð fram frumvörp sem hafa ekki verið samþykkt á Alþingi sem lög. Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu voru samþykkt lög nr. 30/1993 um neytendalán og um leið farið sérsaklega yfir þær tilskipanir sem komið hafa frá Evrópusambandinu um þetta efni. Þeim lögum var svo síðar breytt í lög nr. 121/1994 og fjallað er stuttlega um þau og breytingarnar sem gerðar hafa verið á þeim í gegnum árin. Að auki er farið yfir þá dómaframkvæmd sem byggð er á lögnum fram til gildistöku nýrra laga.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar er farið yfir aðdraganda nýrra laga sem sett voru árið 2013, en þau lög eru aðalefni ritgerðarinnar. Helsta ástæðan fyrir setningu þeirra laga var tilskipun sem kom frá Evrópusambandinu árið 2008. Tilskipunin var sett vegna þróunar á lánamarkaði og til þess að stuðla að aukinni neytendavernd.

Í fjórða kafla hefst umfjöllunin um meginefni ritgerðarinnar sem eru lög 33/2013. Í honum er gerð grein fyrir hverjum kafla laganna fyrir sig, helstu hugtök sem mikilvægt er að hafa í huga þegar lánessamningar um neytendalán eru skoðaðir eru skilgreind og lagaákvæðin skýrð eins vel og kostur er.

Farið er yfir helstu breytingarnar sem gerðar voru með lögunum í fimmta kafla. Hér ber helst að nefna útvíkkun gildissviðs, aukna upplýsingaskyldu og hámark var sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar. Fjallað er sérstaklega um starfsemi smálánafyrirtækja, en lánastarfsemi þeirra er töluvert frábrugðin hefðbundinni lánastarfsemi. Mikið hefur verið fjallað um starfsemi þessara fyrirtækja í samfélaginu, enda voru þau eftirlitslaus þangað til lög nr. 33/2013 voru sett.

Í sjötta kafla er farið yfir áhrif breytinganna sem lögin höfðu í för með sér og fjallað sérstaklega um áhrif á lánveitendur og lántaka. Í lok kaflans er svo farið yfir þau tilvik þar sem lögunum hefur verið beitt af úrskurðaraðilum og dómstólum.

Á meðan á ritun þessarar ritgerðar stóð voru samþykkt ný lög á Alþingi sem fjalla sérstaklega um fasteignalán og því þótti nauðsynlegt að bæta við kafla sem fjallar einungis um fasteignalán. Þau lög voru sett til þess að innleiða tilskipun frá Evrópusambandinu frá 2014 í landslög. Farið er stuttlega yfir tilskipunina og síðan þær breytingar sem þessi lög koma til með að hafa.

Að lokum er að finna niðurstöðukafla þar sem farið er yfir helstu niðurstöður ritgerðarinnar.

2. Sögulegt yfirlit

Til þess að átta sig betur á því hvers vegna reglurnar eru eins og þær eru í dag er mikilvægt að fara í gegnum söguna. Það er gert til að sjá hvernig reglurnar í tengslum við neytendalán hafa þróast í gegnum tíðina.

2.1 Þróun lagasetningar á sviði neytendalána

Það er nokkuð algengt að kaup á hlutum séu fjármögnuð með einhvers konar samningi um greiðslu söluhlutarins. Í sumum tilfellum er það þannig, að seljandi lánar kaupanda hluta kaupverðsins í vissan tíma og til þess að tryggja það að hann fái greitt heldur seljandinn eignarrétti á söluhlutnum þar til allt hefur verið greitt upp, eða að seljandinn áskilur sér rétt til þess að endurheimta hlutinn ef kaupandi stendur ekki við gerðan samning.¹ Í dag er þó einnig mikið um að fjármögnunarfyrirtæki annist slíka lánastarfsemi og hafa þau aukið aðgang neytenda að þesskonar lánum þó nokkuð.²

Ástæður fyrir reglum eða lögum varðandi neytendalán eru yfirleitt þær að með þeim sé verið að vernda neytendur og fyrirtæki. Seljendur hafi yfirleitt meiri þekkingu og upplýsingar um þá þjónustu sem þeir bjóða upp á en sá sem er í viðskiptum við þá. Lögin og reglurnar eru sett til þess að tryggja að neytandinn geti lagt mat á það hvort þjónustan henti honum. Lögin stuðla þannig að því að neytanda séu veittar meiri og nákvæmari upplýsingar um lánið sem hann ætlar að taka. Hér er verið að reyna að koma í veg fyrir tjón sem neytandinn getur orðið fyrir vegna skorts á upplýsingum.³

Árið 1993 voru fyrstu lögin um neytendalán sett á Íslandi. Það voru lög nr. 30/1993 en þau voru sett eftir að Ísland gerðist aðili að evrópska efnahagssvæðinu.⁴ Þau voru svo síðar endurskoðuð og endurútgefin sem lög um neytendalán nr. 121/1994.⁵ Fyrir þann tíma voru ekki í gildi hér á landi nein almenn lög um lánaviðskipti eða afborgunarkaup. Hér ber þó að hafa í huga að reglur um afborgunarkaup eða lánaviðskipti voru ekki nýtilkomnar í heiminum því finna má reglur eða lagabálka varðandi lánaviðskipti langt aftur í tímann.⁶

¹ Páll Sigurðsson, *Kauparéttur: meginreglur íslensks réttar um lausafjárkaup* (Orator 1988) 302-303.

² sama heimild.

³ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafli III.

⁴ Hér eftir EES-samningurinn.

⁵ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson, *Neytendaréttur* (Codex 2009) 165.

⁶ Alþt. 1978-79, A-deild, þskj. 508 – 249. mál, almennar athugasemdir.

2.2. Kaup með eignarréttarfyrirvara og afborgunarkaup

Kaup með eignarréttarfyrirvara eru framkvæmd þannig að seljandi áskilur sér eignarrétt að hlut þar til að kaupverðið hefur verið að fullu greitt.⁷

Kaup sem gerð eru með eignarréttarfyrirvara hafa lengi tíðkast í samfélögum manna. Til marks um það má helst nefna að slíkir samningar voru viðurkenndir í Rómarétti (“pactum de reservati dominii”). Svona samninga, eins og við þekkjum þá í dag, má hins vegar rekja til Bandaríkja Norður Ameríku.⁸ Um miðja 19. öld hófst sala til almennings á ýmsum varningi, sem hægt var að greiða fyrir með afborgunarkaupum. Í ljós kom að mikil eftirspurn var eftir slíkri þjónustu frá framleiðendum eða verslunum, og í dag er það þannig að flestar tegundir neytendavarnings er hægt að fá með afborgunarkjörum.⁹

Þessir afborgunarsamningar náðu svo að festa rætur á Norðurlöndunum á síðari hluta 19. aldar. Í dag eru afborgunarsamningar nokkuð algengir og vita flestir hvað þeir fela í sér, það er í raun engum takmörkunum háð hvaða hlutir eru seldir með afborgunarkaupum. Í raun eru það þó dýrari hlutir sem er yfirleitt ætlað að endast í nokkur ár sem eru keyptir með afborgunarkaupum.¹⁰

2.3 Norræn löggjöf og frumvarp til laga um afborgunarkaup

Víða erlendis hafa verið sett sérstök lög um afborgunarkaup. Þau eru oftast sett til þess að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda við slík kaup. Hér á landi fór fyrst að bera á þessu á árunum milli heimsstyrjaldanna.¹¹ Danmörk, Noregur og Svíþjóð hófu í sameiningu vinnu um samningu laga um afborgunarkaup í byrjun þessarar aldar og í kjölfar þess samstarfs voru sett lög í þessum löndum sem voru efnislega samhljóða. Í þessum lögum var reynt að skýra sem best réttarstöðu og úrræði kaupenda og seljenda þegar afborgunarsamningar væru gerðir. Lögin áttu að vernda kaupanda gegn ósanngjörnum kröfum eða ósæmilegum viðskiptaháttum frá seljanda. Þá var einnig að finna ákvæði sem tryggðu seljanda ef kaupandi vanefndi samninginn.¹²

Á Íslandi hafa ekki verið sett sérstök lög um afborgunarkaup. Hins vegar var lagt fram á 100. löggjafarþingi, 1978–79, stjórnarfrumvarp til laga um afborgunarkaup. Þetta frumvarp náði þó ekki fram að ganga heldur dagaði það uppi á þingi eftir að það hafði mætt talsverðri

⁷ Gaukur Jörundsson, Eignarréttur (1978-1980) Rit II 195.

⁸ Páll Sigurðsson (n. 1) 304.

⁹ sama heimild.

¹⁰ sama heimild 305 - 307.

¹¹ sama heimild 305.

¹² Alþt. 1978-79, A-deild, þskj. 508 – 249. mál, almennar athugasemdir.

andstöðu ákveðinna umsagnaraðila.¹³ Með frumvarpinu var markmiðið það sama og með fyrrgreindum lögum sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð settu, löggin áttu að tryggja og skýra réttarstöðu og úrræði kaupenda og seljenda þegar vara eða þjónusta væri seld með afborgunarkaupum. Að auki miðuðu ákvæði frumvarpsins að því að vernda neytendur gegn ósanngjörnum kröfum eða harkalegu framferði seljanda, þá var einnig fjallað um endurheimt söluhlutar en jafnframt var lagt til að seljanda yrðu tryggð fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda.¹⁴

Árið 1986 var svo lagt fram þingmannafrumvarp til laga um afborgunarkaup en eins og fyrra frumvarpið um sama efni þá dagaði það uppi í þinginu. Þetta þingmannafrumvarp var samhljóða frumvarpi því sem var lagt fram sem stjórnarfrumvarp árið 1978–79.¹⁵

Breyting varð á þegar Ísland gerðist aðili að EES samningnum. Það varð til þess að Ísland varð að taka upp tilskipanir sem vörðuðu neytendalán vegna þess að samræma þurfti löggjöf okkar að því sem EES samningurinn gerði ráð fyrir.¹⁶

2.4 Tilskipanir Evrópusambandsins um neytendalán

Aðkoma Íslands að evrópska efnahagssvæðinu hefur haft mikil áhrif. Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 veittu EES samningnum lagagildi hér á landi, en með þeim var löggilt meginmál hans, viðaukar og bókanir. Neytendatilskipanir Evrópusambandsins eru flestar lágmarkstilskipanir sem þýðir að þær kveða á um ákveðna lágmarksvernd sem ríkin verða að innleiða en aðildarríkjunum er heimilt að ganga lengra í neytendavernd sinni. Á því eru þó þær hömlur að slíkar reglur brjóti ekki gegn reglum sambandsins um fjórfrelsi.¹⁷ Innan Evrópubandalagsins hafa verið settar nokkrar tilskipanir sem fjalla um neytendalán og gera þessar tilskipanir ráð fyrir því að aðildarríkin samræmi lög og stjórnsýslufyrirmæli sín í samræmi við þær.

Tilskipun ráðsins nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán frá 22. desember 1986 átti að koma á lágmarksvernd fyrir neytendur á sviði neytendamála. Hún var upprunalega sett vegna þess að mikill munur var á lögum aðildarríkjanna um neytendalán og slíkur lagamunur gæti raskað samkeppni milli

¹³ Verslunarráð Íslands taldi í umsögn sinni að frumvarpið mundi hafa það í för með sér að afborgunarkaup legðust niður þar sem seljendur kysu heldur að taka við víxlum en að taka fyrirvara um eignarétt í söluvörunni.

¹⁴ Alpt. 1978-79, A-deild, þskj. 508 – 249. mál, almennar athugasemdir.

¹⁵ Í greinagerð sem fylgdi frumvarpinu segir : „Er frumvarpið hér lagt fram óbreytt frá því sem það var eftir afgreiðslu neðri deildar Alþingis vorið 1979”.

¹⁶ Páll Sigurðsson, *Lagaþættir III* (Háskólaútgáfan Reykjavík 1994) 252-253.

¹⁷ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson (n. 5) 23.

lánveitenda innan bandalagsins.¹⁸ Ráðið taldi að í kjölfar sívaxandi lánveitinga til neytenda innan bandalagsins myndi sameiginlegur neytendalánamarkaður vera til hagsbóta fyrir aðildarríkin. Þá skipti ekki máli hvort um væri að ræða neytendur, lánveitendur, framleiðendur, heildsala og smásala, eða þjónustuaðila. Þessi tilskipun átti að stuðla að aukinni vernd fyrir neytendur gegn óréttmætum lánskjörum og sjá til þess að þeir fengju fullnægjandi upplýsingar um skilyrði fyrir lántöku, lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Í tilskipuninni var þessi upplýsingaskylda lögð á lánveitendur, og verður að telja að í því hafi falið mikil réttarbót fyrir neytendur.

Þá var einnig lögð sú skylda á lánveitendur að ákveðnar upplýsingar yrðu að koma fram í skilmálum og auglýsingum frá þeim, ef slíkt væri til staðar. Einnig var að finna ákvæði sem fjallaði um rétt neytenda til þess að standa skil á skuldbindingum fyrir gjalddaga.¹⁹ Eitt af meginatriðunum í þessari tilskipun var ákvæði um árlega hlutfallstölu kostnaðar en það var eitt af þeim atriðum sem lánveitendum bar að upplýsa um. Árleg hlutfallstala er reiknuð út og lýst sem árlegri prósentu af heildarupphæð lánsins.²⁰ Þegar þessi tilskipun var sett var hins vegar ekki sett inn ákvæði sem tilgreindi nákvæmlega hvernig árleg hlutfallstala kostnaðar ætti að vera reiknuð, það væri komið undir aðildarríkjunum hvernig það yrði gert. Í 15. gr. tilskipunarinnar kemur eftirfarandi fram: „Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari ákvæði til að vernda neytendur er samrýmist skuldbindingum þeirra samkvæmt sáttmálanum.“

Nokkru síðar var sett önnur tilskipun varðandi neytendalán innan Evrópubandalagsins en henni var ætlað að gera breytingar á fyrri tilskipun um sama efni. Þessi síðari tilskipun kom frá ráðinu, það er tilskipun nr. 90/88/EBE og var hún sett þann 22. febrúar 1990. Tilskipunin fjallaði þar af leiðandi einnig um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Í tilskipuninni kemur fram að hún hafi verið sett með það að markmiði að tryggja að neytendur nyttu verulegrar verndar og var þess vegna talið æskilegt að ein og sama aðferðin yrði notuð við að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar innan bandalagsins alls.²¹ Tilskipunin setti því fram stærðfræðiformúlu til þess að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þá var hægt að sjá hvaða þætti lánskostnaðar ætti að taka til greina þegar þessi útreikningur var gerður og um leið tilgreindur sá kostnaður sem ekki skyldi talinn með. Í 4. lið 1. gr. kemur svo fram að bæta skuli við 2. mgr. 4. gr. í fyrri tilskipun ákvæði sem eykur við þá

¹⁸ Upphafsorð tilskipunar 87/102/EBE.

¹⁹ Sjá t.d. 4. gr. og 8. gr. tilskipunarinnar.

²⁰ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson (n. 4) 168.

²¹ Aðfaraorð tilskipunar 90/88/EBE.

upplýsingaskyldu sem þegar var komin á. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að tilgreina eigi upphæð lánsins og upplýsa skuli lántakanda um fjölda og tíðni gjalddaga sem hann þarf að greiða, þá skal einnig upplýsa um upphæð vaxta ofl. Þá er tekið sérstaklega fram að upplýsa skuli um heildarupphæð greiðslna þar sem það sé hægt. Tilskipunin frá 1986 og þessi sem fjallað er um hér voru aðlagðar að íslenskum rétti með lögum nr. 30/1993.

Þann 16. febrúar 1998 kom tilskipun frá Evrópuþinginu og ráðinu nr. 98/7/EB en með henni var gerð breyting á tilskipun nr. 87/102/EBE. Þessari tilskipun var ætlað að auka enn meira á vernd neytenda við lántöku. Hún setur skilyrði um að nákvæmni upp á einn aukastaf sé nauðsynleg þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð og í aðfaraorðum hennar er einnig skilgreint hvernig almanaksár sé fundið út og jafnframt hvernig mánuðir séu reiknaðir. Af þessu má álykta að með tilskipuninni hafi verið ætlast til þess að ákveðinnar nákvæmni sé gætt þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út. Þessi tilskipun var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 236/2000.

Árið 2008 setti Evrópuþingið og ráðið tilskipun nr. 2008/48/EB um neytendalán. Þegar þessi tilskipun var sett var um leið mælt fyrir því að fyrri tilskipanir um þetta efni yrðu felldar niður. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar var farið yfir aðdragandann að setningu hennar. Þar kom fram að Evrópuþingið og ráðið töldu að aðildarríkin beittu margs konar aðferðum við neytendavernd, og það gæti leitt til samkeppnisröskunar meðal lánveitenda innan bandalagsins og gæti jafnframt skapað hindranir á innri markaði. Þá var talið nauðsynlegt að endurskoða regluverk Evrópusambandsins varðandi neytendalán. Tilgangurinn með þessari nýju tilskipun var því að endurskoða reglurnar sem þegar höfðu verið settar en nýjar reglur áttu að auka neytendavernd og tryggja betur samræmt lagaumhverfi við veitingu neytendalána.²² Nánar verður fjallað um þessa tilskipun í kafla 3.1.

Hér ber þó að nefna að undanfarið hefur Evrópusambandið horft frekar til allsherjarsamræmingar í neytendatilskipunum sínum og mega þá lög aðildarríkjanna hvorki ganga lengra né skemur en ákvæði tilskipananna. Þessu til viðbótar þarf túlkunin á reglum sem settar eru að vera eins alls staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins.²³ Til stendur að endurskoða neytendatilskipanir sambandsins og í Grænbók (e. Green paper) segir að markmiðin með því séu að í lok þessarar endurskoðunar eigi neytendur innan Evrópubandalagsins, hvar sem þeir eru staddir innan bandalagsins eða hvaðan sem þeir kaupa vöruna eða þjónustuna, alls staðar að hafa sömu réttindi.²⁴

²² Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafla III.

²³ Stephen Weatherill, *Eu consumer law and policy* (Edward Elgar publishing 2005) 61-63.

²⁴ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson (n. 4) 24.

2.5. Lög um neytendalán nr. 30/1993

Eins og áður hefur komið fram voru fyrstu lögín hér á landi sem fjölluðu um neytendalán sett árið 1993. Þetta voru lög nr. 30/1993 um neytendalán og í þeim voru settar reglur sem fjölluðu um tiltekin réttindi neytenda í lánsviðskiptum. Lögín áttu að aðlaga íslenska löggjöf að reglum Evrópubandalagsins. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu er varð að lögnum segir að það sé byggt á tilskipunum nr. 87/102/EBE og nr. 90/88/EBE, og voru þær innleiddar í íslenskan rétt með þessum lögum. Þá kom einnig fram að við gerð frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar frumvörp að dönskum og sænskum lögum varðandi lánessamninga.²⁵

Frumvarpið náði upphaflega til lánessamninga sem gerðir voru við lántakanda af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila með ákveðnum undantekningum. Þá tók frumvarpið einnig til almennra neyslulána og lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu. Markmiðið var að bæta möguleika lántakenda á að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og var sérstaklega sett inn ákvæði sem fjallaði um árlega hlutfallstölu kostnaðar og upplýsingar varðandi hana. Lögín áttu að hafa þann tilgang að fullnægja þeim skilyrðum sem Evrópubandalagið hafði sett um þetta efni.

Gildissvið laganna var ákveðið í 1. gr. en þar segir: „Lög þessi taka til lánessamninga sem gerðir eru við lántakanda í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila.“ Í 2. gr. frumvarpsins var gildissviðið svo aðeins þrengt en þar voru ákveðnar tegundir af lánessamningum undanskildar, þó svo að þeir féllu undir skilgreininguna í 1. gr.²⁶

Í byrjun áttu lögín að ná bæði til einstaklinga og lögaðila sem voru að taka lán. Hins vegar lagði efnahags- og viðskiptanefnd fram breytingatillögu í nefndaráliti sínu og taldi að þrengja ætti gildissvið laganna þannig að þau myndu aðeins ná til lána sem neytendur taka en ekki til lána sem tekin væru í tengslum við atvinnustarfsemi.²⁷ Eftir aðra umræðu hafði 1. gr. verið breytt og sagði nú: „Lög þessi taka til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.“ Í lögum nr. 30/1993 var svo að finna nokkur ákvæði varðandi upplýsingaskylduna sem verið var að leggja á lánveitendur og hvernig eftirliti skyldi háttað. En farið verður nánar út í sérstök ákvæði laganna í næsta kafla.

2.6 Lög um neytendalán nr. 121/1994

Við gildistöku laga nr. 30/1993 1. október 1993 komu fljótlega í ljós ýmsir gallar við framkvæmd þeirra. Í byrjun nóvember 1993 fól viðskiptaráðuneytið starfshópi að fara yfir þau

²⁵ Alþt. 1992, A-deild, þskj. 14 – 14. mál, Inngangur, kafli 1.

²⁶ Alþt. 1992, A-deild, þskj. 14 – 14. mál, Inngangur, kafli 4.

²⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, þskj. 841 – 14. mál.

ákvæði laganna sem valdið höfðu vandræðum frá gildistöku þeirra. Út frá því voru lög in endurskoðuð og endurútgefin sem lög um neytendalán nr. 121/1994 (hér eftir nefnd nl).

Gildissvið nl er skilgreint í 1. gr. Þar segir að lög in taki til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Er þetta gildissvið það sama og það var í lögum 30/1993, eftir að breytingartillaga kom frá efnahags- og viðskiptanefnd. Mikilvægt er þó að hafa í huga, að eins og áður þarf að skoða ákvæði 2. gr. nl í samræmi við 1. gr. vegna þess að í 2. gr. er að finna upptalningu á lánessamningum sem falla ekki undir lög in og eru sérstaklega undanþegnir. Í 4. gr. laganna er svo að finna hugtakaskilgreiningar og er þar tekið fram hverjir geti talist neytendur og lánveitendur samkvæmt lögum. Alltaf er mjög mikilvægt að afmarka gildissvið laga til þess að sjá hverjir falli þar undir og skipta þessar fyrrnefndu greinar miklu máli í þeim efnum.

Eins og áður segir má finna í 4. gr. skilgreiningar á ýmsum hugtökum, þar á meðal er skilgreint hugtakið lánveitandi. Í b. lið 1. mgr. 4. gr. segir að lánveitandi sé „einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán“. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu er varð að lögum nr. 30/1993²⁸ er lánveitandi sá sem veitir lánið og sá sem hefur unnið sér inn réttindi lánveitanda samkvæmt samningi. Þessu til viðbótar verður að telja mikilvægt að skilgreina fleiri lykilhugtök í lögum til þess að átta sig betur á gildissviði þeirra. Neytendalán er lán sem er veitt þegar lánveitandi er í atvinnurekstri og lántakandi er neytandi, s.s. einstaklingur sem er ekki að taka lán til atvinnurekstrar.²⁹ Eins og áður hefur komið fram átti hugtakið neytandi upprunalega að hafa mun víðtækari merkingu. Þá átti það að ná bæði til lögaðila og einstaklinga en það var talið of víðtækt. Lagt var til að það yrði takmarkað við einstaklinga og lögaðilar yrðu teknir út.³⁰ Tilskipanir sem settar hafa verið um þetta efni hjá Evrópusambandinu skilgreina neytanda aðeins sem einstakling, ekki lögaðila eða fyrirtæki.³¹

Hugtakið lánssamningur er einnig skilgreindur í c. lið. 4. gr., þar segir: „Lánssamningur er samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytenda lán í formi greiðslufrests eða svipaðar fjárhagslegar fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.“ Nokkrar undantekningar eru á þessu, þ.a.s. endurgreiðslan þarf að eiga sér stað á lengri tíma en 3 mánuðum svo lánssamningurinn falli undir lög in, þá verður hann að fela í sér endurgreiðslu vaxta eða kostnaðar, samningurinn má

²⁸ Sem síðar var breytt í lög 121/1994.

²⁹ A. liður 4. gr laga nr. 121/1994.

³⁰ Alþt. 1992-93, A-deild, þskj, 841 – 14. mál.

³¹ Sjá varðandi þetta t.d. 2. tl. 2. gr. tilskipunar um neytendavernd að því er varðar fjarsölu, nr. 97/7/EB.

ekki vera veittur með betri skilmálum en gengur og gerist og lánið verður að nema hærri fjárhæð en 15.000 kr.³²

Í skilgreiningunni sem er rakin hér að ofan er fjallað um „aðra svipaða fjárhagslega fyrirgreiðslu,“ og hefur þetta orðalag valdið því að vafi hefur leikið á hvaða samningar falli undir lögin. Í dómi Evrópudómstólsins var tekið til umfjöllunar hvort ábyrgðaryfirlýsingar teldust til lánessamninga samkvæmt tilskipun 87/102/EB. Í EBD máli C-208/98 (Berliner Kindl) var deilt um það hvort ábyrgðaryfirlýsing teldist til lánessamnings í skilningi tilskipunar 87/102/EBE. Í málinu hafði bruggverksmiðja lánað einstaklingi peninga, ásamt því að leigja honum eignir. Tilgangurinn með samningum milli verksmiðjunnar og lántakans var að gera lántakanum kleift að opna veitingastað. Að þessu kom þriðji aðili sem hafði í raun enginn tengsl við atvinnureksturinn en þessi aðili gaf út ábyrgðaryfirlýsingu við lánasamninginn. Svo kom að því að lánið var gjaldfellt og var þá ábyrgðarmaðurinn krafinn um greiðslu eftirstöðva þess. Upprunalegi lántakinn var gjaldþrota. Evrópudómstólinn taldi að ábyrgðaryfirlýsingin gæti ekki talist lánasamningur samkvæmt tilskipun 87/102/EBE. Niðurstaða dómsins var að þarna væri ekki um að ræða lán eða loforð um slíkt til ábyrgðarmannsins og þess vegna þurfti lánveitandi ekki að veita ábyrgðarmanninum þær upplýsingar sem kveðið er á um í tilskipuninni skriflega.

Af þessum dómi má sjá að mikilvægt er að skilgreina alltaf fyrst hvort samningar heyri undir lögin áður en þeim er beitt. Það þarf alltaf að líta til undanþáguákvæðisins sem finna má í 2. gr. nl.

Upprunalega var að finna í lögnum ákvæði þar sem ýmsir samningar voru felldir undir undanþáguákvæði í 2. gr. og voru lánessamningar sem voru tryggðir með veði í fasteignum þar taldir. Í frumvarpi er varð að lögum nr. 179/2000 um breytingu á lögum nr. 121/1994 var lögð til breyting á undanþáguákvæðinu og þá um leið gildissviði laganna. Efnahags- og viðskiptanefnd lagði til að undantekningarákvæðið um lán tryggt með veði í fasteignum, sem gerði það að verkum að það féll ekki undir gildissvið laganna, yrði fellt á brott. Ástæðan fyrir þessu var að þegar verið var að kanna hvort þessir samningar væru almennt felldir undir neytendalánalög kom í ljós að á Norðurlöndunum voru þessir samningar felldir undir gildissvið neytendalánalaga og taldi nefndin því ástæðulaust að slíkir samningar væru undanskildir ákvæðum laganna hér á landi.³³ Á sama tíma var annað undanþáguákvæði sem fjallaði um lánessamninga sem gerðir voru í því skyni að kaupa eða viðhalda fasteignum

³² 2. gr. laga nr. 121/1994.

³³ Alþt. 2000-01, A-deild, þskj. 90 – 90. mál, almennar athugasemdir, um 1.gr.

eða til þess að reisa, endurnýja eða bæta byggingu fellt á brott.³⁴ Að auki var undanþáguákvæði sem fjallaði um lánsamninga í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi einnig fellt á brott með fyrrnefndum lagabreytingum. Þessar breytingar voru gerðar m.a. með það markmið í huga að tryggja neytanda rétt til upplýsinga um árlega hlutfallstölu kostnaðar í fyrrgreindum samningum.

2.7 Neytendalánalög frá 1994 í framkvæmd

Ekki hefur borið mikið á því að þessum lögum sé beitt af dómstólum eða úrskurðarnefndum, en þó hefur það gerst nokkrum sinnum og verða einhver þeirra mála rakin hér.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2004 var fjallað um auglýsingabækling Sparisjóðs Reykjavíkur. Þann 20. maí 2003 sendu Neytendasamtökin Samkeppnisstofnun erindi vegna fyrrnefnds bækling. Auglýsingabæklingurinn fjallaði um hagstæð lán sem SPRON bauð gegn veði í fasteign, en í bæklingnum voru ekki tilgreind nein lánakjör. Vegna þess að lánakjör voru ekki tilgreind í bæklingnum væri auglýsingin ófullnægjandi eða röng vegna þess að ekki var hægt að meta hvort umrædd lán væru hagstæða eða ekki. Þá töldu Neytendasamtökin að umrædd lán féllu undir ákvæði laga um neytendalán. Þá var fjallað sérstaklega um að í 13. gr. laganna sé ákvæði sem taki til auglýsinga á neytendalánnum. Þar komi fram að á starfstöð lánveitanda, í auglýsingum og í tilboðum verði að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í ákvörðuninni kom fram að í bæklingnum séu auglýst neytendalán en ekki upplýst um árlega hlutfallstölu kostnaðar eins og lög um neytendalán kveði á um. Samkeppnisráð taldi það ekki nægjanlegt að hægt væri að nálgast upplýsingarnar á starfsstöð lánveitanda. Í ákvörðuninni kom fram að tilgangur laganna væri að tryggja neytendum greiðan aðgang að upplýsingum og væri lánveitendum þess vegna skylt að veita upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, bæði á starfsstöð og í auglýsingum. Þar sem þetta hafði ekki verið gert, hafði SPRON brotið gegn 13. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994.

Árið 2005 kvað áfrýjunarnefnd samkeppnismála upp ákvörðun í máli nr. 11/2005. Upphaflega hafði málið verið sent til Samkeppnisstofnunar og farið fram á að lögmæti uppgreiðslugjalds af neytendalánnum yrði kannað. Neytendasamtökin töldu að gjaldið samrýmdist ekki lögum um neytendalán nr. 121/1994. Áfrýjunarefndin taldi að í lögum nr. 121/1994 um neytendalán væri ekki að finna sérstakt ákvæði um uppgreiðslugjald. Þó væri í 16. gr. fyrrnefndra laga að finna ákvæði um greiðslur fyrir gjalddaga. Það ákvæði var hins vegar ekki talið fela í sér bann við uppgreiðslugjaldi og var gjaldið því talið heimilt.

³⁴ sama heimild.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2009 fjallar um kvörtun á skilmálum Kaupþings banka vegna myntkórfulána. Sá sem bar upp kvörtunina taldi að breytingar á kjörvöxtum færu gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994, og 36. gr. og 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936, vegna þess að það kom ekki fram í skilmálum lánsins með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir eða við hvaða aðstæður þeir breyttust. Neytendastofa taldi að það yrði að gera þá kröfu til lánveitanda að hann veitti fullnægjandi upplýsingar við gerð lánsamningsins, til þess að lántaki gæti áttað sig á því að ef breytingar yrðu þá væri ljóst við hvaða aðstæður það gerðist og um leið væri tilgreint með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir. Neytendastofa sagði að með því að breyta vöxtum lánsins án þess að tilgreina í skilmálunum með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust hefði Kaupþing brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Þessi ákvörðun Neytendastofu var svo kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála. Sá úrskurður er nr. 9/2009 en þar var þetta mál tekið fyrir aftur og var ákvörðun Neytendastofu staðfest. Áfrýjunarnefndin sagði að vandséð væri hvernig ná mætti fram þeim tilgangi, nema 9. gr. laganna sé skýrð á þann hátt að orðalagið „... tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast“ sé túlkað þannig, að lánveitendur verði að upplýsa lántaka um aðstæður sem geta haft áhrif á hækkun eða lækkun á vöxtunum. Þá taldi áfrýjunarnefndin að gera yrði þá kröfu til lánveitanda að hann tilgreini þannig að ekki sé neinn vafi á því hverjar þessar aðstæður séu.

Úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 22/2009 fjallaði um tvö skuldabréf sem neytendur höfðu gefið út. Lán þetta var samsett af erlendum gjaldmiðli. Hér var um fasteignalán að ræða og voru tilgreindir grunnkjörvextir og vaxtaálag. Neytandinn átti að greiða breytilega vexti eins og þeir voru ákveðnir af lánveitanda á hverjum tíma. Niðurstaða nefndarinnar var sú að skuldabréfin færu gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 því ekki var skýrt við hvaða aðstæður og með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir. Nefndin vísaði til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 6/2009 þar sem lánveitandi var talinn brotlegur með því að tilgreina ekki í skilmálum myntkórfulána-lánsamnings með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust.

Ákvörðun nr. 1/2010 frá Neytendastofu tekur einnig til ákvæða úr lögum nr. 121/1994. Þar var deilt um gengistryggðan bílasamning. Aðilinn sem gerði samninginn sendi inn kvörtun vegna þess að hann taldi að honum hefði ekki verið gerð nægileg grein fyrir þeirri áhættu sem fylgdi samningnum. Neytendastofa taldi að það hvíldi rík upplýsingaskylda á fyrirtækjum sem veittu lán, þó verði að hafa í huga að neytandi sem tekur lán eða gerir kaupleigusamning geti ekki ætlast til þess að lánveitandi kynni fyrir honum öll atriði

samningsins og afleiðingar hans. Lántaki þurfi að kynna sér alla skilmála sem hann undirritar og gengst undir. Neytendastofa taldi að í þessu tilfelli hefði upplýsingaskyldan verið uppfyllt og var því ekki gripið til fleiri aðgerða í þessu máli.

Í ákvörðun 21/2010 frá Neytendastofu var enn og aftur deilt um skilmála í bílasamningi. Rökstuðningur kærða (lánveitanda) var að upplýsingar um það hvernig vextir væru breytilegir þyrftu ekki að koma fram skriflega í lánessamningi, heldur væri nóg að veita þær munnlega ef lántaki spyrði um þá. Neytendastofa taldi að upplýsingar um vexti skv. 9. gr. laga nr. 121/1994, þ.e. með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir geti breyst, beri að veita skriflega við samningsgerðina. Einnig var tekið fram að þessi afstaða stofnunarinnar hafi komið fram í fyrri úrskurðum hennar, sbr. úrskurð 6/2009 sem er reifaður hér að ofan. Var lánveitandinn í þessu tilviki því talinn sekur um brot gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að tilgreina ekki í skilmálum bílasamnings með hvaða hætti vextir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Málinu var svo áfrýjað og kvað áfrýjunarnefnd neytendamála upp sinn úrskurð stuttu síðar. Sá úrskurður er nr. 6/2010. Í úrskurðinum kemur fram að þegar skoðaðir séu skilmálar lánsins sem um ræðir sé ljóst að lánveitandinn geti í raun haft vextina eins og honum þóknast. Því er lýst að vextirnir skuli vera samkvæmt gildandi vaxtaskrá lánveitanda á hverjum tíma en ekkert að talað um hvaða aðstæður það séu sem orsaki breytingar á vöxtunum. Þá segir einnig: „Áfrýjunarnefnd neytendamála telur ófært að skilja 9. gr. þannig að einföld tilvísun til vaxtaskrár kæranda, án nokkurra frekari útskýringa, uppfylli hið skýra skilyrði ákvæðisins“.

Það eru til fleiri mál er varða skilmála í bílasamningum, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 34/2010 og í kjölfar hennar ákvörðun áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 17/2010, sem er ákvörðun Neytendastofu um að Lýsing ehf. hafi gerst brotleg gegn lögum 121/1994. Var það vegna þess að upplýsingar í lánessamningi frá þeim væru ekki fullnægjandi og uppfylltu ekki þær kröfur sem löggin gera.³⁵

Í dómi Hæstaréttar frá 23. apríl 2013 (672/2012) var deilt um bílasamning. B hafði tekið á leigu bíl af L hf. Samkvæmt samningnum var L eigandi bílsins þangað til allur samningurinn væri uppgreiddur. Að því loknu myndi L gefa út afsal fyrir bílnum til B. Í kjölfar dóma Hæstaréttar um gengistryggingu lána kom fram krafa um að samningurinn væri endurreiknaður. Eftir endurútreikninginn taldi B að hann hefði ofgreitt vegna þess að L hf. hafi verið óheimilt að verðbæta þann hluta kröfunnar sem tilgreindur var í samningi aðila í íslenskum krónum, auk þess sem L hf. hafi verið óheimilt að reikna breytilega vexti á þann

³⁵ Í sambandi við þetta er einnig hægt að skoða ákvörðun Neytendastofu nr. 35/2010 og úrskurð áfrýjunarnefndar Neytendastofu nr. 11/2010.

hluta kröfunnar. Dómurinn taldi ljóst að lög nr. 121/1994 um neytendalán ættu við í þessu tilfelli og að lögin gerðu miklar kröfur til skýrleika lánessamninga. Hvergi kæmi fram í samningnum að hann væri verðtryggður, að því er varðaði þann láns hluta sem var í íslenskum krónum. Þá væri þess hvergi getið í samningnum hver grunnvísitala hans væri. Auk þess hafi samningurinn ekki með skýrum hætti borið með sér að vextir af umdeilda láns hlutanum hafi átt að vera breytilegir. Var L hf. því dæmt til þess að endurgreiða B þann hluta sem hann hafði ofgreitt.

Það er til töluvert af dómum og ákvörðunum sem varða eldri neytendalánalög, en farið hefur verið yfir nokkra þeirra hér. Síðar í ritgerðinni má svo finna fleiri ákvarðanir og dóma þar sem við á.

Af þessu má leiða að þegar kemur að skýrleika lánasamninga eru gerðar miklar kröfur og það liggur mikil ábyrgð hjá lánveitendum í þessum efnum.

3. Aðdragandi nýrra laga sem sett voru árið 2013

Eins og áður hefur komið fram voru sett ný lög um neytendalán árið 2013 hér á landi. Ástæðan fyrir setningu þeirra er aðallega fyrrnefnd tilskipun nr. 2008/48/EB frá Evrópusambandinu. Reglum um neytendalán er ekki ætlað að skerða samningsfrelsi og því er ekki að finna í þeim fyrirmæli sem setja skorður á efni samninga um neytendalán og skilmála þeirra. Þeim er frekar ætlað að leggja áherslu á það að neytendur skuli vera vel upplýstir um skilmála í lánessamningum og áhrif þeirra. Reglunum er ætlað að tryggja betur hagsmuni neytenda.³⁶

Þann 25. maí 2011 skipaði efnahags- og viðskiptaráðherra nefnd sem átti að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB. Úr varð að nefndin samdi frumvarp til laga um neytendalán nr. 33/2013.³⁷ Tilskipunin frá árinu 2008 var þannig gerð að hún heimilaði takmörkuð frávik frá efnisákvæðum hennar þegar aðildarríki myndu innleiða hana. Í þessu tilviki er því um fulla samræmingu (e. full harmonisation) að ræða og því mikilvægt að innleiða tilskipunina á réttan hátt. Þegar tilskipanir eru settar og krafist er fullrar samræmingar er markmiðið að samræma réttarreglur aðildarríkjana og ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum tilskipunarinnar nema það komi sérstaklega fram í ákvæðum hennar.³⁸

3.1 Tilskipun 2008/48/EB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerði skýrslur um framkvæmd við veitingu neytendalána í samræmi við tilskipun 87/102/EBE. Við gerð þessara skýrslna hafði stjórnin mikið samráð við hagsmunaaðila á neytendalánamarkaði.

Í ljós kom að mikill munur var á milli aðildarríkja varðandi það hvernig reglur í tengslum við neytendalán voru, þá var talið að sérstaklega mikið misræmi væri varðandi þau neytendaverndarúrræði sem aðildarríkin beittu til þess að uppfylla ákvæði tilskipunar 87/102/EBE. Í kjölfar þessa taldi framkvæmdarstjórnin að þessi munur gæti leitt til þess að innan innri markaðarins gæti orðið skekkt samkeppnisstaða og þá gætu einnig myndast óæskilegar aðgangshindranir. Þá var þessi munur einnig talinn geta takmarkað möguleika neytenda á lántöku yfir landamæri. Slíkt ósamræmi á innri markaðinum gæti í framhaldinu svo haft áhrif á eftirspurn og framboð eftir vörum og þjónustu innan markaðarins. Vegna þess sem fram kemur hér að framan var talið nauðsynlegt að endurskoða regluverk Evrópusambandsins varðandi neytendalán. Þegar sú vinna hófst var tekið mið af þeirri þróun

³⁶ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafli III.

³⁷ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, inngangur, kafli I.

³⁸ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafli III.

sem orðið hafði á lánamarkaði. Þróunin í gegnum tíðina hafði það í för með sér að nýjar tegundir af lánessamningum hafa orðið til, og var það talið tilefni til þess að víkka gildissvið reglnanna varðandi efnið. Þetta var aðallega gert til þess að lög og reglur sem settar yrðu um neytendalán næðu yfir allar þessar nýjungar og að þeir samningar féllu undir lögin.³⁹

Út frá þessari vinnu varð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB til. Hún var samþykkt af Evrópuþinginu 23. apríl 2008 og felldi um leið úr gildi eldri tilskipun 87/102/EBE um sama efni. Sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um að taka þessa tilskipun upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 16/2009 og var hún birt þann 19. mars 2009 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

3.1.1 Markmið tilskipunarinnar

Markmiðum tilskipunarinnar er lýst með skýrum og ítarlegum hætti í aðfaraorðum hennar og þar er einnig að finna nokkur orð um þær breytingar sem tilskipuninni er ætlað að ná fram varðandi reglur um neytendalán. Tilskipunin felur í sér miklar breytingar á reglum varðandi neytendalán og setur eins og áður kemur fram miklar kröfur um skýrar og góðar upplýsingar til neytenda. Vegna þeirra miklu breytinga sem gerðar voru, var talið rétt að fella eldri tilskipun um sama efni úr gildi.

Nú verða raktar helstu breytingarnar sem tilskipun 2008/48/EB var ætlað að ná fram. Í tengslum við þetta ber fyrst að nefna að í 3. gr. tilskipunarinnar frá 2008 er fjallað ítarlega um þann kostnað sem neytandi gæti þurft að bera í tengslum við lánessamninginn sem gerður er, svona ítarlegar skýringar á þessum kostnaði var ekki að finna í eldri tilskipunum. Í 4. gr. er að finna ákvæði sem fjallar um reglur sem gilda um milligöngu aðila við lánveitingar, hér skiptir ekki máli hvort það sé gert gegn gjaldi eða ekki, ákvæðið gildir um alla. Þá er einnig að finna reglur sem taka til upplýsinga sem verða að koma fram í auglýsingum varðandi neytendalán, en þessar reglur eru sérstaklega settar með það í huga að vernda neytendur fyrir ósanngjörnum eða villandi viðskiptaháttum. Gott er að hafa í huga að þessar reglur sem taldar eru upp í ákvæðinu eru samskonar þeim reglum sem ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti innihalda.

Neytendur eiga rétt á ákveðnum upplýsingum áður en lássamningur er gerður sbr. 5. gr. tilskipunarinnar. Í ákvæðinu kemur fram að með ítarlegum upplýsingum fyrir lánessamningsgerð gefist neytandanum tækifæri til þess að meta lánið betur, kynna sér betur skilmála og kostnað í tengslum við lánið. Þá á ákvæðið einnig að leiða til þess að neytandinn

³⁹ sama heimild.

átti sig betur á þeim skyldum sem lánssamningurinn mun leggja á hann. Lögð er skylda á lánveitendur að skýra frá árlegri hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaði. Þennan kostnað eiga öll aðildarríki að reikna eins út og sýna með dæmum en í tilskipuninni er gefin ákveðin formúla sem sýnir hvernig þessi kostnaður er fundinn út, sjá varðandi þetta 19. gr. tilskipunarinnar.

Í 8. gr. tilskipunarinnar er fjallað um skylduna sem lögð er á aðildarríki, en þau eiga að tryggja að lánveitingar séu ábyrgar á öllum stigum lánasambandsins. Aðildarríkjum er heimilt að setja nánari reglur um þær upplýsingar sem skylt er að veita. Þá er einnig heimilt að setja reglur um að fræða skuli lántaka um afleiðingar þess ef samningurinn er vanefndur og afleiðingar ef skuldsetning verði of mikil. Aðildarríkin eiga að sjá til þess að fullnægjandi eftirlit sé til staðar varðandi þær skyldur sem lagðar voru á lánveitendur í tengslum við greiðslumat. Lánveitandi á ekki að taka þátt í óábyrgri lánveitingu og á þar af leiðandi ekki að veita lán án þess að framkvæma greiðslumat og meta skuldastöðu neytandans. Ef lánveiting á sér stað yfir landamæri eiga aðildarríki að stuðla að því að lánveitendur hafi aðgang að gagnagrunni landanna til þess að hægt sé að leggja mat á greiðslugetu neytandans, sbr. 9. gr. Ef lánveitingu er hafnað vegna niðurstöðu úr greiðslumati, á að upplýsa neytandann um það og þá á einnig að koma fram hvaða gagnagrunn var stuðst við í matinu, nema slíkt brjóti gegn lögum sambandsins eða landslögum.

Rétturinn til þess að falla frá samningi var nýr með þessari tilskipun, en um þennan rétt er fjallað í 14. gr. tilskipunarinnar. Í ákvæðinu er að finna heimild fyrir neytandann til þess að falla frá samningi innan 14 daga frá því að samningurinn var gerður, án þess að tilgreina sérstakar ástæður fyrir því. Í 16. gr. er svo fjallað um uppgreiðsluákvæði en samkvæmt ákvæðinu á neytandinn rétt á að greiða upp allt lánið eða hluta þess áður en gjalddagi kemur. Þá er heimilt að setja ákvæði þess efnis að lánveitandi fái sanngjarnar bætur vegna hugsanlegs kostnaðar sem tengist þessari „fyrirfram“ greiðslu. Hins vegar eru settar ákveðnar hömlur á þessar bætur en fjárhæð þeirra getur ekki orðið hærri en 1% af greiðslunni sem greidd er fyrir gjalddaga ef greiðslan er framkvæmd þegar meira en ár er eftir af lánssamningnum. Ef greiðslan er framkvæmd þegar minna en ár er eftir af samningnum geta bæturnar ekki orðið hærri en 0,5% af þeirri fjárhæð sem greidd er. Í 17. gr. tilskipunarinnar er fjallað um framsal á kröfunni en samkvæmt ákvæðinu leiðir framsal ekki til þess að mótbáru glatist.

Tilskipunin gerir kröfu á aðildarríkin um að þau lögfesti reglur um refsiviðurlög ef brotið sé gegn ákvæðum hennar sem hafa verið innleidd í landsrétt. Því til viðbótar er gerð sú krafa að ríkin eigi að tryggja að þessum viðurlögum verði beitt, komi til brota gegn ákvæðum

tilskipunarinnar. Þessa kvöð á aðildarríkin má finna í 23. gr. tilskipunarinnar.

Hér hefur þá verið farið yfir helstu breytingarnar sem tilskipun nr. 2008/48/EB hafði í för með sér varðandi neytendalán.

3.2. Frumvarp að lögum um smálánafyrirtæki

Undanfarið hefur verið mikil umræða í samfélaginu um svokölluð smálánafyrirtæki. Smálánafyrirtæki eru fyrirtæki sem veita lán til einstaklinga en yfirleitt er um að ræða lágar fjárhæðir og lán til skamms tíma. Þessi starfsemi er ólík almennri lánastarfsemi að því leyti að þessi lán eru almennt lægri, styttri, og minni kröfur eru gerðar til fjárhagslegrar stöðu lántakenda. Þessi viðbót við lánaumhverfi Íslendinga er tiltölulega ný af nálinni en fyrstu smálánafyrirtækin hófu starfsemi sína hér árið 2011.⁴⁰

Áður en lög um neytendalán voru sett hafði verið nokkur umræða um það að þessi fyrirtæki þyrftu að fylgja ákveðnum reglum í tengslum við starfsemi sína. Talið var að neytendur hafi almennt verið í slæmri stöðu gagnvart þessum lánum og lánveitendum, og hagsmuna- og eftirlitsaðilar lýstu yfir áhyggjum varðandi þessi fyrirtæki því þarna væri um að ræða svokölluð okurlán. Ársvextir þessara fyrirtækja voru gríðarlega háir en vextir eru ekki gefnir upp á þessum lánum, aðeins er reiknaður lántökukostnaður, en hann er mismunandi eftir því hver upphæð lánsins er og hver lánstíminn er.⁴¹

Þegar starfsemi þessara fyrirtækja hófst hér á landi þurftu þau að fylgja lögum nr. 33/2005 um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Tilgangur laganna var að innleiða tilskipun 2002/65/EB sem fjallaði um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur.⁴² Smálánafyrirtækin féllu undir þessi lög vegna þess að í 4. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna kom fram að útlánastarfsemi flokkaðist undir fjármálaþjónustu og smálánafyrirtækin stunduðu útlánastarfsemi. Kveðið var á um í fyrrnefndum lögum að eftirlit með þeim væri í höndum fjármálaeftirlitsins en um eftirlitið myndu ákvæði laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gilda. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim fjármálaþjónustum sem eru eftirlitsskyld og þeir aðilar sem hafa heimild til þess að taka á móti innlánnum eru eftirlitsskyldir.⁴³ Smálánafyrirtækin voru ekki eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt þessu því ekkert af lánsfé þeirra byggðist á innlánnum og því þurftu þessi fyrirtæki ekki starfsleyfi. Eftirlit með þessum fyrirtækjum var því ekkert.

⁴⁰ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, meginefni frumvarpsins, kafli IV.

⁴¹ sama heimild.

⁴² Alþt. 2004-2005, A-deild, Þskj. 736 — 482. mál, almennar athugasemdir.

⁴³ Fjármálaeftirlitið. „Hlutverk fjármálaeftirlitsins.“ (Fjármálaeftirlitið, e.d.)
<[http://www.fme.is\(um-fme/hlutverk-fme/](http://www.fme.is(um-fme/hlutverk-fme/)> skoðað 15. október 2016.

Í nóvember árið 2010 voru kynnt drög að frumvarpi til laga um starfsemi smálánafyrirtækja. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga og dagaði uppi í þinginu, en er þó talið upphaf þess að starfsemi smálánafyrirtækjanna var felld undir lög um neytendalán. Í athugasemdunum sem fylgja frumvarpi um breytingu á lögum 121/1994 kemur fram að eðlilegt þyki að setja ákveðnar reglur um þessi lán og koma þeim fyrir innan ramma neytendalöggjafarinnar. Þetta hafi verið gert í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og er eftirlit með smálánum þar í höndum systurstofnana Neytendastofu. Þessi lán eru markaðssett þannig að markhópurinn er að mestu leyti ungt fólk og getur kostnaðurinn af þeim verið óhæfilega hár. Fram kom að haft hafi verið samband við marga hagsmunaaðila við gerð frumvarpsins og þeir beðnir um að kanna hver áhrif smálánafyrirtækjanna væru á neytendur.⁴⁴

Velferðarvaktin sendi inn umsögn við frumvarpið og í henni kom fram að þeirra mat sé að starfsemi smálánafyrirtækja sé mjög varasöm, þá sérstaklega vegna þess að þessi lán séu veitt án þess að mat á greiðslugetu eða almennt greiðslumat hafi farið fram. Því til viðbótar séu vextir eða þóknanir sem þessi fyrirtæki taki mjög háar og skilmálar þeirra ekki þannig gerðir að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um þessi lán. Þá sé auðvelt að fá þessi lán og fljót afgreiðsla á þeim geri það að verkum að illa sett og viðkvæmt fólk falli frekar fyrir markaðssetningu þeirra. Meðal viðkvæmra hópa sé ungt fólk í fjárhagsvandræðum, fíkniefnaneytendur og fólk með geðfötlun. Þá geri þessir aðilar sér ekki grein fyrir kostnaðinum sem fylgir því að taka lánin. Markhópur smálánafyrirtækjanna sé stór og fjölbreyttur enda beindust auglýsingarnar t.d. að ungu fólki og kostnaðurinn við að taka lánin kom ekki fram í þessum auglýsingunum.⁴⁵ Þessi umsögn var í takt við margar aðrar sem bárust varðandi þessi fyrirtæki við gerð frumvarpsins, að auki var vísað til þess að sífellt fleiri dæmi komu upp þar sem ungt fólk sem hafi átt í alvarlegum skuldavanda hafi aukið enn frekar á erfiðleika sína með lántöku hjá smálánafyrirtækjum.⁴⁶ Ráðuneytið ákvað að teknu tilliti til athugasemda sem gerðar voru við frumvarpsdrögin að útvíkka gildissvið laga um neytendalán nr. 121/1994 og fela Neytendastofu eftirlit með veitingu smálána. Þetta má sjá í upprunalega frumvarpinu sem var lagt fram en þá var ætlunin að setja heilan lagabálk sem átti einungis að snúa að smálánafyrirtækjum.⁴⁷

Markmiðið með þessum frumvarpsdrögum var að skylda lánveitendur smálána til þess að gefa upplýsingar um lán áður en samningur væri gerður. Þá var einnig að finna ákvæði sem

⁴⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj 1248 – 724. mál, almennar athugasemdir.

⁴⁵ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj 1248 – 724. mál, Fylgiskjal I.

⁴⁶ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj 1248 – 724. mál, almennar athugasemdir.

⁴⁷ Atvinnuvegaráðuneytið, „Frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja o. fl.“ (Drög, Atvinnuvegaráðuneytið)

<<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Smalanafvr151110.pdf>> Sótt 15. október 2016.

áttu að skylda fyrirtækin til þess að framkvæma greiðslumat áður en lánsúmsókn væri samþykkt, sbr. 17. gr.⁴⁸

3.3 Aðlögun tilskipunar 2008/48/EB í íslenskan rétt

Eins og áður hefur komið fram mælir tilskipun 2008/48/EB um neytendalán fyrir um allsherjarsamræmingu á reglunum sem þar koma fram. Aðildarríkin hafa því lítið sem ekkert svigrúm til þess að víkja frá ákvæðum tilskipunarinnar nema þegar fram kemur að það sé sérstaklega heimilað. Samkvæmt þessu eru því ekki öll ákvæðin þannig gerð að krafist sé allsherjar samræmingar en helstu ákvæðin sem krefjast þess varða þá þætti sem teknir eru með í útreikninginn þegar heildarlántökukostnaður er fundinn sbr. 3. gr., aðferðafræðina og þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð sbr. 19. gr. og viðauka I, og loks ákvæðin sem varða skyldur um birtingu annarra nauðsynlegra upplýsinga til neytenda, sbr. 2. kafla.

Innleiðing tilskipunar 2008/48/EB krafðist breytinga á lögum héraendis um neytendalán og skipaði þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra nefnd árið 2011 sem var ætlað að semja frumvarp til þess að innleiða fyrrnefnda tilskipun í íslensk lög.⁴⁹

⁴⁸ sama heimild.

⁴⁹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, inngangur, kafli I.

4. Lög um neytendalán 33/2013

Árið 2013 voru samþykkt ný lög um neytendalán. Það var gert eftir að nefnd var skipuð af efnahags- og viðskiptaráðherra til þess að semja frumvarp um neytendalán lagði það fram. Með frumvarpinu var lagt til að innleidd yrðu í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2008/48/EB með aðlögunaraðferðinni.⁵⁰ Frumvarpið fjallaði um veitingu lána til neytenda í atvinnuskyni.

Markmið laganna er fyrst og fremst að auka vernd neytenda í lánaviðskiptum. Lögnum er ætlað að tryggja að neytendur fái aukinn aðgang að upplýsingum um lánakjör og um leið að auðvelda neytendum samanburð á lánessamningum.

4.1 Gildissvið laga nr. 33/2013

Gildissvið laga um neytendalán nr. 33/2013 (hér eftir nll) er að finna í 1. gr. þeirra. Þar segir: „Lög þessi taka til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.“ Hér er fjallað með almennum hætti um hvert gildissvið laganna eigi að vera. Þá ber að nefna að í 2. gr. er að finna neikvæða afmörkun en þar má finna takmarkanir á gildissviðinu. Í 2. gr. koma fram nokkrar undantekningar frá hinu almenna gildissviði en mikilvægt er að skoða alltaf þessar tvær greinar saman þegar verið er að afmarka gildissvið nll, vegna þess að aðeins þeir lánessamningar sem eiga við í fyrstu grein og falla ekki undir 2. gr., falla undir lög. Í 3. gr. er svo að finna enn fleiri undanþágur en þar eru taldir upp samningar sem eru undanþegnir lögnum.

Þegar verið er að meta hvort lánessamningar falli undir lög. einnig alltaf að skoða þau hugtöku sem er að finna í 5. gr. laganna en þar er skilgreint hverjir geti talist neytendur og lánveitendur í skilningi laganna. Mikilvægt er því að afmarka alltaf hvaða samninga og aðila lög. taka til, en einungis eftir það er hægt að ákvarða hvort samningur eða aðilar getið notið þeirrar verndar sem felst í lögnum.

Gildissvið laganna fylgir að mestu leyti gildissviði tilskipunarinnar frá 2008 en fasteignalán og lán sem eru undir 200 evrum og yfir 75.000 evrum eru ekki undanskilin í lögnum eins og tilskipunin gerir ráð fyrir.⁵¹ Í tilskipuninni kom fram að aðildarríkjum væri heimilt að fella fleiri tegundir af lánasamningum undir landslög og var það gert.⁵²

⁵⁰ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafli III.

⁵¹ Hér ber þó að taka fram að í október 2016 voru sett ný lög sem undanskilja fasteignalán frá neytendalánalögum.

⁵² Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, meginefni frumvarpsins, kafli IV.

4.1.2 Aðilar samnings

Lögin taka til samninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytanda. Til þess að átta sig betur á því hverjir falla þar undir þarf að skoða skilgreiningar á helstu hugtökunum. Það skiptir miklu máli, því eins og áður segir getur afmörkun á því hverjir eru aðilar samnings haft áhrif á það hvort lögin eigi við um tiltekin lánsamning eða ekki.

Samkvæmt k. lið 5. gr. laganna er lánveitandi: „einstaklingur, lögaðili eða hópur sem veitir eða lofar að veita lán í atvinnuskyni.“ Í athugasemdum er fylgja frumvarpinu segir að hugtakaskilgreiningin sé í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1994. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 30/1993⁵³ kemur fram að hugtakið lánveitandi geti bæði átt við þann sem veitir lánið og þann sem hefur áunnið sér réttindi lánveitenda samkvæmt samningi, nema annað komi fram í lögnum. Lánveitandi getur einnig verið verslun, framleiðandi eða þjónustuaðili en með því að hafa þessa aðila með í upptalningunni ná lögin til svonefndra neyslulána og lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu⁵⁴ Ekki er að sjá að hugtakið sé útskýrt frekar í lögnum eða lögskýringargögnum og því er ágætt að skoða hvernig það hefur verið skilgreint utan þess. Hugtakið einstaklingur í k. lið. 5. gr. laganna fjallar um þá einstaklinga sem útvega lán fyrir hönd lánveitenda.⁵⁵ Þegar talað er um einstaklinga sem hafa öðlast rétt frá lánveitendum til að ganga frá samningum fyrir þeirra hönd, verður að hafa í huga að lánveitandi er ennþá kröfuhafi, nema hann framselji kröfuna til þriðja aðila.⁵⁶ Það er ekki að finna neina afmörkun á atvinnustarfsemi í lögnum eða lögskýringagögnum, en í því tilfelli er aðalatriðið hvort lánveitandi sé að bjóða neytanda lán í tengslum við starfsemi fyrirtækis og tilgangur starfseminnar sé svo að mynda gróða. Lánsamningurinn verður að vera í nánnum tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Ef lánið er veitt í tengslum við ákveðna þjónustu og neytandinn fær það á sömu kjörum og aðrir, þá er hægt að álykta að lánið muni falla undir lögin en hér er að finna nokkuð víðtæka skýringu á hugtakinu atvinnustarfsemi.⁵⁷

Til þess að hægt sé að tala um neytendalán, er skilyrði samkvæmt lögnum að lánveitandi sé í atvinnurekstri og lántaki sé neytandi og lánið sé ekki tekið í tengslum við atvinnurekstur. Lögin ná þess vegna ekki yfir lán milli tveggja fyrirtækja eða milli tveggja neytenda.

⁵³ Sem síðar urðu að lögum nr. 121/1994 um neytendalán.

⁵⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, þskj. 14 – 14. mál, gildissvið laganna, kafli 4

⁵⁵ Lennart Lynge Andersen, *Lov om kreditaftaler* 41.

⁵⁶ sama heimild 45.

⁵⁷ sama heimild 44.

Samkvæmt lögunum er neytandi sá einstaklingur sem tekur lánið og mikilvægt er að hafa í huga að lánið má ekki hafa verið tekið í atvinnuskyni, eins og áður kemur fram. Neytandi er skilgreindur í 1. lið í 5. gr. laganna sem: „einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hendi.“ Fjallað er um hugtakið neytandi í athugasemdum er fylgja frumvarpinu og í því kemur jafnframt fram að hugtakaskilgreiningin sé í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1994. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi til laga nr. 30/1993⁵⁸ segir að neytandi sé einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem kaupir vörur eða þjónustu gegn greiðslu, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. a.liður 4. gr. frumvarpsins.⁵⁹ Hér ber þó að nefna að eins og kemur fram hér að framan sendi Efnahags- og viðskiptanefnd frá sér nefndarálit eftir fyrstu umræðu um frumvarpið er fylgdi eldri neytendalánalögum og lagði til breytingu á þessari skilgreiningu vegna þess að skilgreiningin væri of víðtæk og legði of mikla upplýsingaskyldu á fyrirtæki.⁶⁰ Tillagan gerði ráð fyrir að hugtakið yrði þrengt. Niðurstaðan varð sú að hugtakið neytandi var afmarkað við einstakling sem á í viðskiptum sem falla undir gildissvið laganna og viðskiptin séu ekki gerð í atvinnuskyni. Þarna var lögaðili tekinn út úr skilgreiningunni með það að markmiði að þrengja hana. Þá var hugtakið einfaldað enn frekar þegar frumvarp til laga nr. 101/1994 um breytingu á lögum 30/1993 um neytendalán var lagt fram. Þar var lagt til að hugtakinu yrði breytt þannig að neytandi væri einstaklingur sem ætti í lánsviðskiptum sem lögin næðu til, enda væru þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu. Skilgreiningin er enn á þennan veg og henni hefur ekki verið breytt síðan.⁶¹

Ef tilskipanirnar frá Evrópusambandinu eru skoðaðar með þetta hugtak í huga, má sá að neytandi er yfirleitt skilgreindur á þann veg að aðeins einstaklingur getur verið neytandi en ekki lögaðilar eða fyrirtæki. Því til viðbótar er tekið fram að einstaklingurinn megi ekki vera í erindagjörðum vegna starfs síns.⁶² Það hafa fallið nokkrir dómar í sviði Evrópuréttar þar sem fjallað er betur um hugtakið neytandi.

Í máli Evrópudómstólsins C-361/89 var deilt um það hvort fyrirtækin sem Di Pinto heimsótti gætu talist neytendur í skilningi tilskipunar 85/577/EB. Di Pinto og starfsmenn hans fóru til fyrirtækja óumbeðnir og töluðu við forsvarsmenn þeirra annaðhvort á heimili þeirra eða vinnustað í því skyni að auglýsa fyrirtækið sitt og starfsemi þess. Tilskipuninni sem er nefnd hér að ofan var sett með það markmið í huga að vernda neytendur, en ekki kaupmenn.

⁵⁸ Sem síðar urðu að lögum nr. 121/1994

⁵⁹ Alpt. 1992-93, A-deild, þskj. 14 – 14. mál.

⁶⁰ Alpt. 1992-93, A-deild, þskj. 841 – 14. mál.

⁶¹ Alpt. 1993-94, A-deild, þskj. 642 – 430. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 3. gr.

⁶² Sjá t.d. 2. tölul. 2. gr. tilskipunar um neytendavernd að því er varðar fjarsölu.

Dómstóllinn komst að því að kaupmennirnir sem Di Pinto heimsóttu gætu ekki talist neytendur í ljósi þess að tilskipunin ætti einungis við um einstaklinga sem gerðu samninga sem væru ekki í tengslum við atvinnu þeirra.

4.1.3. Lánessamningar sem falla undir lög

Það skiptir miklu máli að skoða hvort lánessamningur sem verið er að gera falli undir lög en í 1. gr. nll segir: „Lög þessi taka til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur”. Til að átta sig á hvað felst í þessu þarf að skilgreina hugtakið lánessamningur. Í j. lið 5. gr. nll kemur fram að lánessamningur sé samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán, greiðslufrest eða sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins. Í ákvæðinu kemur fram að undanskildir séu samningar sem fjalla um veitingu endurtekinnar þjónustu eða afhendingu samskonar vöru þar sem neytandi greiðir afborganir af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té. Þessi undantekning tekur t.d. til váttryggingasamninga þar sem greitt er með mánaðarlegum afborgunum.⁶³ Þegar verið er að afmarka gildissvið laganna er mikilvægt að skoða undanþáguákvæði 3. gr. nll en þar eru ákveðnir lánessamningar undanþegnir gildissviði laganna, þó svo að þeir falli undir skilgreininguna í 1. gr. Af þessu leiðir að samningar sem samræmast 1. gr. laganna og eru ekki sérstaklega tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. laganna falla undir gildissvið þeirra.

4.2 Upplýsingaskylda áður en lánessamningur er gerður

Um upplýsingaskyldu fyrir lánessamningsgerð er fjallað í II. kafla laganna. Þeim kafla er ætlað að innleiða 2. þátt tilskipunarinnar. Þessi upplýsingaskylda er einn mikilvægasti þáttur laganna en þessar reglur hafa það að markmiði að tryggja stöðu neytandans enn betur við gerð lánessamninga.

4.2.1 Upplýsingar sem eiga að koma fram í auglýsingum eða öðru kynningarefni

Í II. kafla er fyrst fjallað um upplýsingar sem eiga að koma fram í auglýsingum eða öðru kynningarefni. Í 6. gr. nll segir að í öllum auglýsingum og kynningarefni eigi upphæð vaxta eða kostnaður af láninu að koma fram. Upplýsingarnar eigi að vera veittar á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt með lýsandi dæmi um útlánsvexti, heildarfjárhæð láns, árlega hlutfallstölu kostnaðar, gildistíma ef það á við, staðgreiðsluverð ef vara eða þjónusta er ekki að fullu greidd við afhendingu og heildarfjárhæð sem neytandi greiðir ef það á við.

⁶³ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 5. gr.

Í frumvarpinu sem varð að lögunum segir að mikilvægt sé að þær upplýsingar sem lánveitendur setji fram séu byggðar á raunsæju mati og í tengslum við það tilboð sem verið er að bjóða neytendum.⁶⁴

Í 3. mgr. 6. gr. er svo tekið fram að sé skylda að gera samning um viðbótarþjónustu til þess að fá lánið, en ekki sé unnt að ákvarða kostnað við slíka þjónustu fyrirfram, skuli ásamt árlegri hlutfallstölu kostnaðar einnig tilgreina á skýran og áberandi hátt að það sé skylda að gera samning um viðbótarþjónustu, en mikilvægt er að þetta komi alltaf skýrt fram svo ekki skapist ruglingur fyrir neytendur.

Í ákvörðun samkeppnisráðs frá 1. apríl 2004 í máli nr. 11/2004 var deilt um útgáfu auglýsingabæklings frá SPRON. Í bæklingnum var auglýst lán sem hægt var að fá hjá SPRON en það átti að vera tryggt með veði í fasteign. Ekki var að finna í bæklingnum nánari upplýsingar um lánakjör. Samkeppnisráð taldi að á lánveitendum hvíldi skylda til þess að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar, en slíkar upplýsingar var ekki að finna í bæklingnum heldur kom fram þar að þjónustufulltrúar sparisjóðsins veittu nánari upplýsingar. Að auki taldi samkeppnisráð að ekki væri nóg að veita umræddar upplýsingar eingöngu á starfsstöð.⁶⁵

Af þessu má sjá að mikilvægt er að þessum reglum sé fylgt en þær eru settar til að auðvelda neytendum samanburð og því verður að koma skýrt fram í öllu auglýsingaefni hvað neytandanum ber. Samskonar ákvæði var að finna í eldri neytendalánalögum, sbr. 13. gr. laga nr. 121/1994 en ákvæði nýju laganna eru nokkuð ítarlegri þó ekki sé um mikla efnisbreytingu að ræða og má því leiða líkur að því að dómur eða ákvörðun um þetta efni færi eins í dag. Í gegnum tíðina hafa fallið nokkrar ákvarðanir á þennan veg, en eftir breytinguna er ekki hægt að ætla að minna verði um slíkt þar sem upplýsingaskyldan var aukin og gerðar frekari kröfur um skýrleika. Þó virðist eftir skoðun á heimasíðum helstu viðskiptabankanna að þeir uppfylli þessa skyldu sína þegar þeir reyni að koma lánakjörum sínum á framfæri.

4.2.2. Upplýsingar áður en samningur er gerður, við gerð tiltekinna samninga og undanþága

Lögin gera kröfu um að neytandi fái ákveðnar upplýsingar áður en lánsamningur er gerður. Um þetta er fjallað í 7. gr. nll. Í ákvæðinu koma fram þær upplýsingar sem lánveitandi á að veita áður en lánsamningur er gerður, þá er einnig tekið fram á hvaða formi þessar upplýsingar skuli veittar.

⁶⁴ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 6. gr.

⁶⁵ Dómur reifaður betur í kafla 2.7 en hafa ber í huga að hann féll í tíð eldri laga.

Í 7. gr. laganna segir: „Lánveitandi skal með eðlilegum fyrirvara veita neytanda nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánsamning áður en neytandi er bundinn af lánsamningi eða tilboði“. Þá kemur einnig fram að upplýsingarnar eigi að veita á „grundvelli lánskilmála, skilyrða lánveitanda og, ef við á, fram kominna óska og upplýsinga frá neytanda“. Í 2. mgr. er svo fjallað um að upplýsingarnar skuli veita á pappír eða öðrum varanlegum miðli og á stöðluðum eyðublöðum sem birt eru í reglugerð. Í 4. mgr. sömu greinar má svo finna upptalningu á þeim upplýsingum sem eiga að koma fram.

Samkvæmt þessu eiga neytendur að fá ákveðnar upplýsingar fyrir sammingsgerð og mikilvægt er að muna að þessar upplýsingar á að veita á stöðluðu eyðublaði. Lánveitandi á einnig að veita lántaka upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði og þróun verðlags og vaxta. Ef umrætt lán á að vera verðtryggt, á neytandi að fá afhenta greiðsluáætlun þar sem búið er að reikna lánið með tilliti til meðalársverðbólgu síðustu 10 ára. Þá skiptir líka máli að veita þessar upplýsingar með hæfilegum fyrirvara svo að neytandinn geti kynnt sér þær og jafnvel borið saman við önnur lánstilboð, áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann vilji taka lánið eða ekki.⁶⁶

Það er sérstaklega tekið fram í 10. mgr. 7. gr. nll að í viðbót við þær upplýsingar sem lánveitanda er skylt að veita, skal hann og lánamiðlarar ef það á við, einnig veita neytanda útskýringar svo að hann geti ákveðið hvort lánsamningurinn sem verið sé að bjóða henti hans þörfum og fjárhagsstöðu. Að auki þarf lánveitandi að upplýsa um og skýra helstu einkenni þeirra lánsamninga sem í boði eru og þær afleiðingar sem slíkir samningar geta haft í för með sér ef til vanefnda kemur.⁶⁷ Af þessu má því sjá að upplýsingar sem fram koma í samningi um vexti, kostnað og fleira eru einar og sér ekki nægjanlegar til að neytandi geti tekið sjálfstæða og upplýsta ákvörðun um lántöku heldur þarf að bæta við upplýsingum af þessu tagi til þess að neytandi átti sig betur á því hvort umrætt lán henti hans hagsmunum.

Í 8. gr. er áfram fjallað um upplýsingaskyldu en þar koma fram þær kröfur sem gerðar eru um veitingu upplýsinga fyrir og við gerð tiltekinna lánsamninga í formi yfirdráttarheimildar og tiltekinna sérstakra lánsamninga. Í ákvæðinu er einnig að finna þær upplýsingar sem lánveitanda ber að veita vegna sérstakra tegunda lánsamninga sem taldir eru upp í ákvæðinu. Þá er talið mikilvægt að upplýsingarnar séu veittar með nægilega löngum

⁶⁶ Neytendastofa, „Neytendalán“ (Áður en samningur er gerður, e.d., Neytendastofa)

<<http://www.neytendastofa.is/neytendur/neytendalan/adur-en-samningur-er-gerdur/>> Sótt 23. nóvember 2016.

⁶⁷ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 7. gr.

fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af lánasamningi eða samningstilboði.⁶⁸ Í þessum tilvikum þarf m.a. að koma fram upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, hana skal svo skýra betur með því að sýna dæmi og um leið sýndar allar forsendurnar sem notaðar eru þegar hlutfallstalan er reiknuð út, sbr. f. lið 2. mgr. 8. gr. Í þessu ákvæði er, eins og í ákvæði 7. gr., gerð krafa um að þessar upplýsingar komi fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli sbr. 3. mgr. 8. gr. nll.

Í 9. gr. er svo að finna undanþágu frá þessari upplýsingagjöf, en þar segir: „Vöru- eða þjónustuveitendur sem hafa lánamiðlun sem aukastarf eru ekki bundnir af ákvæðum 7.–8. gr.” Þessi undanþága hefur ekki áhrif á skyldu lánveitanda til að tryggja að neytandi fái þær upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður. Eins og sjá má af ákvæðinu er ennþá nauðsynlegt að veita upplýsingarnar, sú skylda er ekki lánamiðlarans í þessu tilfelli heldur lánveitandans. Ef aðili hefur lánamiðlun að aðalstarfi gilda ákvæði 7.–8. gr. laganna um hann.⁶⁹ Þetta ákvæði er sett vegna þess að það hefur orðið meira um það í samfélaginu að vöru- og þjónustuveitendur geti boðið neytendum upp á það að ganga frá lánsamningi í tengslum við hina keyptu vöru eða þjónustu á staðnum. Þá er seljandinn lánamiðlari í aukastarfi en aðalstarf hans er yfirleitt sala vöru eða veiting þjónustu.⁷⁰ Dæmi um þetta geta verið t.d. símafyrirtækin, en þeir bjóða oft upp á svokölluð kortalán þegar vörur eru keyptar, lánið sem er veitt er þá á vegum kortafyrirtækjanna, t.d. Valitor.

4.2.3. Lánshæfis- og greiðslumat

Næst er fjallað um lánshæfis- og greiðslumat í lögnum en þar er verið að innleiða 8. gr. tilskipunarinnar. Áður en farið er yfir ákvæðið er gott að hafa í huga að greiðslumat hefur verið framkvæmt, þegar um lánveitingar er að ræða þar sem sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmanna eða lánsveð eru sett til tryggingar, frá gildistöku samkomulags um notkun ábyrgða en samkomulag þetta tók gildi árið 1998.⁷¹

Ákvæði 10. gr. nll fjallar um lánshæfis- og greiðslumat, þar er sú skylda lögð á lánveitendur að meta lánshæfi neytenda áður en lánsamningur er gerður. Auk þess eiga lánveitendur að framkvæma greiðslumat ef lánsfjárhæð er 2 milljón krónur eða hærri fyrir einstaklinga og 4 milljón krónur eða hærri ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða. Að lokum kemur fram að lánveitendum sé ekki heimilt að veita lán ef lánshæfis- eða greiðslumat sýnir að lántakandi hafi ekki fjárhagslega getu til þess að standa í skilum.

⁶⁸ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 8.gr.

⁶⁹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 9 gr.

⁷⁰ sama heimild.

⁷¹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 10 gr.

Að auki kemur fram að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats. Nýjung í þessu ákvæði er að gerður er greinamunur á lánshæfismati og greiðslumati. Í frumvarpinu er varð að lögnum kemur fram að lánshæfismat sé víðtækara hugtak en greiðslumat og það geti einnig tekið til huglægra þátta til viðbótar við hina hlutlægu og tekin eru dæmi um skilvísi eða greiðslusögu. Samkvæmt þessu er lánshæfismat þá notað til þess að staðreyna greiðsluvilja en með greiðslumati sé verið að meta greiðslugetu.⁷²

Ástæðan fyrir þessari skiptingu er sú að ef um er að ræða minni háttar lán eða breytingar á eldri lánnum er möguleiki á að framkvæma bara lánshæfismat svo það sé fullnægjandi samkvæmt lögnum. Ákvæði 10. gr. tekur sérstaklega fram að lánveitandi beri ekki ábyrgð ef lántaki framvísar röngum upplýsingum við lánshæfis- eða greiðslumat, sbr. 3. mgr. Þetta á þó bara við ef lánveitandi er grandalaus um að þarna sé um rangar upplýsingar að ræða.

Sett hefur verið reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat, nr. 920/2013 og fjallar hún um framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats áður en lánssamningur er gerður. Í 5. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði sem segir á hvaða upplýsingum lánshæfismat skuli byggja og í 6. gr. er svo fjallað um þær upplýsingar sem lánveitandi þarf að afla þegar hann framkvæmir greiðslumat. Þá er sérstaklega tekið fram í 7. gr. reglugerðarinnar að óheimilt sé að veita lántaka lán ef lánshæfis- eða greiðslumat leiði það í ljós að hann hafi ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Í ákvæðinu er einnig að finna undantekningu en heimilt er að víkja frá niðurstöðum úr lánshæfis- og greiðslumati ef veð eða önnur trygging sem lántaki leggur fram sé meira á þeim tíma þegar lánið er veitt en heildarfjárhæð lánsins.

4.3. Aðgangur að gagnagrunni

Þriðji kafli laganna fjallar um aðgang að gagnagrunni. Þessi kafli inniheldur aðeins eitt ákvæði en markmiðið með honum var að innleiða 3. þátt neytendalánatilskipunarinnar frá 2008.

Ákvæði 11. gr. nll fjallar annars vegar um aðgang lánveitenda að gagnasöfnum annarra aðildarríkja en það á við þegar um lánveitingu yfir landamæri er að ræða og hins vegar um upplýsingaskyldu lánveitenda til lántakanda ef lánsumsókn hans er hafnað eftir að lánveitandi hefur fengið upplýsingar úr gagnasafni.⁷³

⁷² sama heimild.

⁷³ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, III kafli.

Í 1. mgr. 11. gr. er fjallað um aðgang að gagnasafni ef lán er veitt yfir landamæri en í ákvæðinu er tekið fram að skilyrðin fyrir aðgangi að skuli vera án mismununar. Hér er verið að tala um aðgang að gagnasafni í viðkomandi aðildarríki þegar verið er að veita lán yfir landamæri. Íslensk gagnasöfn sem falla undir þetta ákvæði verða að fá leyfi frá Persónuvernd til þess að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhag og lánstraust einstaklinga, ef ætlunin er að miðla þessum upplýsingum áfram, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.⁷⁴

Lántaki á rétt á að fá upplýsingar ef verið er að hafna lánsúmsókn hans á grundvelli gagna sem fengin voru úr gagnagrunni annars staðar frá sbr. 2. mgr. Ef svo ber undir er lögð skylda á lánveitendur að upplýsa neytanda eins fljótt og auðið er og endurgjaldslaut um niðurstöðu slíkrar leitar. Það þarf að koma fram á hvaða upplýsingum höfnunin byggist og í hvaða gagnasafni þær upplýsingar var að finna, a.m.k. nafn gagnasafnsins og hvers konar upplýsingar þar er að finna.⁷⁵

4.4. Upplýsingar og réttindi varðandi lánsamninga

Fjórði kafli laganna fjallar um upplýsingar og réttindi varðandi lánsamninga. Í kaflanum kemur fram að samningsaðilar eigi að fá afrit af lánsamningi á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Varanlegur miðill er skv. orðskýringu í r. lið 5. gr. „tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.“ Í þessu samhengi ber þá að nefna að rafræn skjöl sem finna má netbönkum viðskiptabanka og tölvupóstur falla undir þessa skilgreiningu.⁷⁶

Í 12. gr. nll eru taldar upp þær upplýsingar sem eiga að koma fram í lánsamningi. Upplýsingarnar sem skylt er að veita við og fyrir samningsgerð eru að mestu leyti þær sömu.⁷⁷ Meðal upplýsinga sem eiga að koma fram í lánsamningum er árleg hlutfallstala kostnaðar (hér eftir áhk) og heildarfjárhæð sem neytandinn á að greiða, þær upphæðir sem gefnar eru upp skulu hafa verið reiknaðar um leið og lánssamningur er gerður, sbr. g. lið 2. mgr. 12. gr. Þegar þessar upplýsingar eru veittar hafa neytandi og lánveitandi verið búnir að komast að samkomulagi um heildarfjárhæð, gildistíma og eðli lánsamningsins. Þessu til viðbótar þarf

⁷⁴ Alpt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 13. gr.

⁷⁵ sama heimild.

⁷⁶ Hans-W. Micklitz, Norbert Reich, Peter Rott, *Understanding EU consumer law* (Oxford: Intersentia, 2009) 201.

⁷⁷ Alpt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 12. gr.

lánveitandi að tilgreina allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á áhk. Ekki hefur reynt mikið á þetta ákvæði 2. mgr. 12. gr. nll þó ber að nefna að í tíð eldri laga var látið reyna á samskonar ákvæði varðandi upplýsingagjöf, en í dómi Hæstaréttar frá 13. maí 2015 (160/2015) (Verðtryggingarmál 1) var deilt um lögmæti verðtryggingarinnar. Lántaki byggði á því að víkja ætti ákvæðum um verðtryggingu í lánsamningi hans til hliðar vegna 36. gr. a. til 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa eins og þeim var breytt með lögum nr. 14/1995. Á meðan málið var fyrir dómi var óskað eftir álit frá EFTA dómstólnum. Í álitinu var fjallað að nokkru um atriði í málinu með tilliti til tilskipunar ráðsins nr. 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Stuttu síðar gaf EFTA dómstóllinn út annað álit, en það var í máli Sævars Jóns Gunnarssonar og varðaði túlkun á sömu tilskipun og í fyrra álitinu.⁷⁸ EFTA dómstóllinn komst að því að tilskipunin bannaði ekki skilmála um verðtryggingu veðlána, og tilskipunin afmarki ekki svigrúm EES-ríkis til að ákvarða hvaða þættir það eru sem geti valdið breytingum á vísitölu. Dómstóllinn kom einnig inn á að það væri landsdóms í hverju landi fyrir sig að ákveða hvort samningsskilmálum hafi verið lýst fyrir neytandanum með nægilega skýrum og skiljanlegum hætti, komist landsdómstóll að því að samningsskilmálar séu óréttmætir séu þeir skilmálar ekki skuldbindandi fyrir neytandann.

Hæstiréttur taldi að ef Glitnir sem var lánveitandinn í þessu máli hefði ekki veitt sóknaraðila upplýsingar um efni og áhrif skilmála um verðtrygginguna í þeim mæli að það yrði talið ósanngjarnt af Glitni eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera þá fyrir sig væri mögulegt að víkja þeim til hliðar á grundvelli samningalaga. Tilskipunin sem EFTA vísaði til var innleidd í þágildandi neytendalánalög og samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna⁷⁹ og bar Glitni að veita sóknaraðila ákveðnar upplýsingar varðandi skuldabréfið. Hæstiréttur tók til skoðunar hvort útreikningur greiðsluáætlunarinnar á áhk hafi verið í samræmi við 12. gr. þág. nll með tilliti til 11. gr. laganna um grundvöll útreiknings hlutfallstölunnar. Í áður nefndu álit nr. 27/13 (Sævar Jón) komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þegar lánsamningur er bundinn við vísitölu neysluverðs og lántökukostnaðurinn breytist þá í samræmi við verðbólgu, sé það ekki heimilt samkvæmt neytendalánatilskipuninni að miða við 0% verðbólgu þegar útreikningur á heildarlántökukostnaði og áhk er framkvæmdur ef þekkt verðbólgu á lántökudegi er ekki 0%. Samkvæmt þessari skýringu á ákvæðum tilskipunarinnar var orðalag

⁷⁸ Dómstóllinn benti á að þær spurningar landsdómstólsins er snertu tilskipunina um óréttmæta skilmála væru efnislega samhljóða spurningunum sem nánar hefði verið fjallað um í máli E- 25/13 *Gunnar V. Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.* Í ljósi efnis spurninganna þótti engin ástæða til að greina á milli veðláns, sem fyrra málið snerist um, og neytendaláns. Svörin urðu því efnislega samhljóða í báðum málum.

<http://www.eftacourt.int/fileadmin/user_upload/Files/Cases/2013/27_13/27_13_PR_IS.pdf>

⁷⁹ Í þessum dóm er um að ræða eldri lög, neytendalánalög nr. 121/1994.

1. mgr. 12. gr. þág. nll ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 87/102/EBE. Orðalag þágildandi 1. mgr. 12. neytendalánalaga fjallaði um að í áætlun ætti að miða greiðslur samkvæmt lánsamningi, ef skuldin ætti að vera verðtryggð, við það að verðlag yrði óbreytt, hafði ótvíræða merkingu og gaf ekki svigrúm til að miða áætlun við aðra forsendu. Dómurinn taldi því að greiðsluáætlun sóknaraðila hafi verið í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 6. gr., sbr. 10., 11. og 12. gr. þág. nll og ekki hafði verið brotið gegn ákvæðum íslenskra laga um upplýsingaskyldu lánveitanda.

Hér er vert að minnast á að niðurstaða Héraðsdóms var ekki sú sama, en í héraðsdómnum var fallist á það að framsetning greiðsluáætlunar hafi ekki verið í samræmi við upplýsingaskyldu lánveitanda samkvæmt neytendalánalögum og ekki hafi verið veittar tilskyldar upplýsingar um heildarlántökukostnað við útgáfu skuldabréfsins. Héraðsdómurinn taldi þó að þessir vankantar væru ekki nægilegir til þess að það leiddi til ógildingar verðbótaákvæðis lánsamnings aðila, dómur þessi er reifaður í kafla 4.5.3.

Í dómi Hæstaréttar frá 26. nóvember 2015 (243/2015) (Vertryggingarmál 2) var einnig deilt um verðtryggingarákvæði í lánsamningi. Í þessu máli byggði sóknaraðili á því að að Íbúðalánasjóði hefði verið óheimilt að innheimta verðbætur af láni. En í þessu máli vísaði Hæstiréttur ítrekað til Verðtryggingarmáls 1 og komst að sömu niðurstöðu. Í framangreindum dómum mat Hæstiréttur íslensk lög á þann veg að þau legðu ekki bann við því að miða við 0% verðbólgu í lánasamningi og taldi tilskipunina ekki breyta því, en hún var ranglega innleidd samkvæmt Hæstarétti. Aftur á móti var það mat EFTA-dómstólsins að tilskipunin legði bann við því að miða við 0% verðbólgu enda hafi hún ekki verið 0% á þeim tíma sem lánið var veitt heldur hafi borið að miða við þá verðbólgu sem var á tíma lánveitingarinnar samkvæmt tilskipuninni.

Í dómum Hæstaréttar um þetta efni var ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins ekki gert hátt undir höfði enda snerti álitid aðallega tilskipunina sem metin var ranglega innleidd. Áður en þessir dómur féllu hafði Neytendastofa úrskurðað um verðtrygginguna í tengslum við neytendalán, áhugavert er að sjá að í ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2014 er komist að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hafi brotið gegn ákvæðum eldri laga um neytendalán við upplýsingagjöf á verðtryggðu húsnæðisveðláni, en þessi ákvörðun er andstæð því sem Hæstiréttur kemst svo að í niðurstöðu sinni.

Í lánsamningi á að koma fram hvaða vexti samningurinn ber. Sé vextir breytilegir þarf slíkt að koma fram með skýrum og greinagóðum hætti, auk þess eiga viðmiðunarvextir,

eða þeir vextir sem eru í gildi þegar lánið er tekið, að koma fram.⁸⁰ Í lögnum er að finna sérákvæði sem fjallar um upplýsingar varðandi útlánsvexti. Í 13. gr. kemur fram að það eigi að veita neytanda upplýsingar um allar vaxtabreytingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Þá þurfi að koma fram breyting á fjárhæðum sem greiða þarf eftir vaxtabreytingarnar og upplýsingar um fjölda greiðslna ef þær breytast. Þetta á almennt að gera með 30 daga fyrirvara. Með þessu ákvæði var verið að innleiða 11. gr. tilskipunarinnar. En samkvæmt þessu, skal lánveitandi, hyggist hann breyta vöxtum, láta neytanda vita með 30 daga fyrirvara. Ef vaxtabreytingar eru gerðar vegna breytinga á viðmiðunargengi, viðmiðunarvöxtum eða vísitölu geta lánveitandi og neytandi komið sér saman um að lánveitandi upplýsi um þessa breytingar með ákveðnu millibili, sbr. 2. mgr. 13. gr. Þegar talað er um viðmiðunargengi í ákvæðinu er átt við gengi sem notað er til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og á að vera aðgengilegt hjá lánveitanda sem og opinberlega, og viðmiðunarvextir samkvæmt ákvæðinu miðast við það vaxtastig sem notað er til grundvallar útreikningi á vöxtum og er aðgengilegt opinberlega.⁸¹

Ágreiningur varðandi þetta hefur komið til Neytendastofu. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála frá 25. september 2009 (9/2009) Í málinu var deilt um lánaskilmála frá Kaupþing, en í lánessamningnum sem var til skoðunar var tekið fram að heimilt væri að breyta vöxtum á þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem væru í gildi í nýjum og sambærilegum lánnum. Áfrýjunarnefndin taldi að fyrrgreindir skilmálar væru ekki nægjanlega ítarlegir og greindu ekki nægjanlega frá við hvaða aðstæður vextirnir breyttust. Ákvæðið væri frekar á þann veg að það væri algerlega í höndum bankans að ákveða vextina hverju sinni og enginn leið fyrir neytandann að sjá af hverju þeir breyttust. Nefndin taldi að erfitt væri fyrir neytendur að bera saman lán ef ákvæði í lánessamningnum væru ekki skýrari en þetta og þar af leiðandi væri tilgangi neytendalánalaga ekki náð. Í ákvörðun Neytendastofu (21/2010) var deilt um lánessamning sem varðaði bílalan frá Avant. Um var að ræða skuldabréf sem var tryggt með vísitölu neysliverðs og var með breytilega vexti. Það kom ekki fram í lánessamningnum við hvaða aðstæður vextirnir breyttust heldur var það í höndum lántaka að óska eftir þeim upplýsingum. Avant taldi að nægjanlegt væri að greina munnlega frá vaxtabreytingarástæðum þegar lánessamningur væri gerður. Neytendastofa taldi hins vegar að það væri skylda fyrir lánveitendur að veita neytendum skriflega upplýsingar um þær aðstæður gætu orðið til þess að vextir breyttust við lánessamningsgerð. Niðurstaðan var að lokum sú að

⁸⁰ Neytendastofa „Neytendalán” (Neytendastofa, e.d.)

<<http://neytendastofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3207>> Sótt 20. október 2016.

⁸¹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 13. gr.

Neytendastofa bannaði Avant að nota þessa samningsskilmála um breytilega vexti. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti þessa ákvörðun svo með úrskurði 16. júlí 2010 (6/2010). Hafa ber í huga að þessar ákvarðanir féllu í tíð eldri laga, en þar sem upplýsingaskyldan hefur aðeins verið aukin með nýjum lögum má leiða líkur að því að sama niðurstaða fengist í dag. Þó ber að nefna að þegar lög um neytendalán voru sett árið 2013 virðast helstu lánastofnanir hafa tekið þá skyldu sem lögð er á þær alvarlega, t.d. kom fréttatilkynning frá Landsbankanum um að ný lög hefðu tekið gildi, og listaðar upp helstu breytingarnar, sama á við um lífeyrissjóðina o.fl.⁸²

Að auki ber að nefna ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2014 en þar var deilt um vaxtaendurskoðunarákvæði Íslandsbanka. Í lánssamningnum sem var í gildi milli deiluaðila var ekki að finna skilgreiningu á því með hvaða hætti vextir væru breytilegir eða við hvaða aðstæður þeir breyttust. Neytendastofa fjallar um í niðurstöðu sinni að heimilt sé að semja um að vextir séu breytilegir, hins vegar verði að vera skýrt með hvaða hætti vextirnir breytist og við hvaða aðstæður. Niðurstaða Neytendastofu varð sú að banna Íslandsbanka að nota vaxtaendurskoðunarákvæðið því þeir hefðu brotið gegn 6. og 9. gr. nl. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti svo þessa ákvörðun með úrskurði nr. 20/2014 en eina breytingin sem þeir gerðu var að vísa til nýrra laga um neytendalán nr. 33/2013 varðandi bannið á notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins. Málið fór svo fyrir héraðsdóm. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 2016 í máli nr. E-2935/2015 kom til vegna þess að Íslandsbanki áfrýjaði málinu til þess að fá úrskurð áfrýjunarnefndarinnar felldan úr gildi. Í dómnum er fjallað um að lög 33/2013 eigi almennt ekki að gilda um samninga sem stofnað var til í tíð eldri laga, þó séu í lögnum að finna tilteknar greinar sem gilda skuli um opna lánssamninga, en þau ákvæði eru talin upp í 2. mgr. 36. gr. nll. Í þessari upptalningu í ákvæðinu er ekki að finna viðurlagaákvæði 29. gr. nll. Dómurinn segir að : „Ekki verður því byggt á því að í lögum nr. 33/2013 hafi verið það ófullkomin ákvæði um lagaskil að á umræddu ákvæði hinna nýju laga yrði byggt af þeim sökum.” Af þessum sökum hafi áfrýjunarnefnd Neytendamála ekki verið heimilt að taka umrædda ákvörðun á þeim lagagrundvelli sem hún byggði á. Felldi dómurinn af þessum ástæðum því úrskurð áfrýjunarnefndarinnar úr gildi.

Þessu til viðbótar er athyglisvert að skoða dóm Hæstaréttar frá 16. september 2010 (471/2010) en þar var deilt um vaxtaákvæði lánasamninga. En ágreiningurinn kom upp eftir

⁸² Sjá til dæmis: Landsbankinn „Ný lög um neytendalán taka gildi” (31. október 2013 Landbankinn) <<https://www.landsbankinn.is/frettir/2013/10/31/Ny-log-um-neytendalan-taka-gildi/?p=93>> skoðað 10. desember 2016.

að gengistrygging á lánasamningum var dæmd ólögmat.⁸³ Lántakandi byggði hluta af málflytningi sínum á lögfestum neytendaverndarsjónarmiðum, hins vegar er hvergi vikið að þessari röksemdarfærslu og ekki rökstutt hvers vegna hún eigi ekki við í Hæstarétti. Ekki var heldur tekin rökstudd afstaða til þessa í Héraðsdómi.

Í lögunum er næst fjallað um þá upplýsingaskyldu sem lögð er á lánveitendur í tengslum við lán í formi yfirdráttarheimildar, en upplýsingaskyldan sem fjallað er um í ákvæðinu er viðvarandi allan lánstímann og skal veitt á pappír eða öðrum varanlegum miðli, varðandi þetta sjá 14. gr. nll. Í dómi Hæstaréttar frá 14. mars 2013 (605/2012) var deilt um yfirdráttarheimild. Í dómnum reyndi á grunnreglu í neytendalánalögum varðandi það að lánessamningar skuli gerðir skriflega. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að af gögnum málsins megi ráða að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur, hins vegar hafi lántaki notað reikninginn og fengið send yfirlit þar sem hægt var að sjá breytilegar yfirdráttarheimildir, og var reikningurinn notaður til samræmis við yfirdráttarheimildirnar hverju sinni. Dómurinn taldi að lántakandinn hefði með samfelldri notkun sinni samþykkt þær yfirdráttarheimildir sem honum voru veittar og skipti því ekki máli að ekki lægi fyrir skriflegur samningur.⁸⁴

Samkvæmt eldri lögum var því hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að ekki var gerður skriflegur samningur, það hefur ekki reynt á þetta eftir að nll tóku gildi og því erfitt að spá fyrir um hver niðurstaðan yrði í dag ef samskonar mál kæmi upp. Þó verður að telja að gera sé skýr krafa um að reglunum sem settar eru í lögunum um lánessamninga sé fylgt.

Í 15. gr. laganna er síðan að finna ákvæði sem tekur til opinna samninga. Opnir samningar eru samningar þar sem möguleiki er fyrir neytendur að fá endurtekna fyrirgreiðslu innan ákveðinnar úttektarheimildar sem samið hefur verið um, sbr. m. lið 5. gr. sömu laga. Hér ber þó að taka fram að þegar verið er að ræða um opna lánessamninga er yfirleitt verið að tala um lánessamning sem tengdur er útgáfu kreditkorts. Þessi kort eru yfirleitt kölluð sveiflu- eða veltukort (e. revolving credit). Með þessum kortum þarf ekki að greiða upp alla heimildina heldur er hluta af henni, eða ákveðnu lágmarki og eftirstöðvum skuldar velt yfir á næsta tímabil.⁸⁵

Í 1. mgr. 15. gr. kemur fram að neytandi geti sagt upp lánessamningi hvenær sem er sér að kostnaðarlausu og á þetta alltaf við nema aðilar hafi samið um annað uppsagnartímabil. Uppsagnartímabilið sem samið er um má þó ekki vera lengra en einn mánuður. Að auki getur lánveitandi, ef lánessamningurinn heimilar, sagt honum upp með því að veita neytanda að

⁸³ Sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 (92/2010)

⁸⁴ Hafa ber í huga að dómur féll í tíð eldri laga.

⁸⁵ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 15. gr.

minnsta kosti tveggja mánaða uppsagnarfrest. Þá getur lánveitandi einnig, ef lánssamningur heimilar, með rökstuddum ástæðum, svipt neytanda rétti til að nýta opinn lánssamning. Lánveitandi skal þá upplýsa neytanda fyrirfram um slíkt og ástæður fyrir sviptingunni, en ef ómögulegt er að upplýsa neytanda áður en svipting á sér stað skal gera það strax eftir að sviptingin varð, sbr. 2. mgr.

4.4.1. Réttur til að falla frá samningi

Í lögnum er tryggður réttur neytenda til þess að hætta við lántöku innan 14 daga án þess að skýra það nánar fyrir lánveitanda. Þennan frest skal byrja að telja annað hvort frá þeim degi sem lánssamningurinn er gerður eða frá þeim degi sem neytandanum berast lánsskilmálarnir, ef sá dagur er seinna, sbr. 2. mgr. 16. gr. nll. Af þessu má sjá að neytandi verður aldrei bundinn af samningi fyrr en honum hafa borist allar upplýsingar sem honum ber að fá við gerð lánssamninga.

Ef staðan er sú að neytandi ætli að nýta sér þennan rétt, ber að nefna að þá þarf ekki að greiða uppgreiðslugjald. Neytandinn getur þó þurft að greiða vexti eða sambærilegan lánskostnað og áfallnar verðbætur fyrir þá daga sem hann hafði peningana. Þessi upphæð skal þá vera reiknuð hlutfallslega miðað við skilmála lánsins. Hafi neytandinn fengið lánið greitt til sín, skal hann endurgreiða alla upphæðina innan 30 daga, sjá varðandi þetta b. lið 3. mgr. 16. gr.

Í frumvarpinu er varð að lögnum segir að vaxtaútreikning eigi að miða við þá vexti sem kveðið er á um í samningi aðila. Í ákvæðinu er einnig að finna „leiðbeiningar“ um það hvernig neytandi geti fallið frá samningi, en í a. lið 3. mgr. segir að neytandi skuli upplýsa lánveitanda um að hann ætli að nýta rétt sinn til þess að falla frá samningi, innan tímafrestsins sem kveðið er á um í 1. mgr. Því til viðbótar þarf tilkynningin að vera í samræmi við lánssamninginn sem er í gildi á milli aðilanna, enda hafi neytandinn fengið upplýsingar varðandi það, sbr. p. lið 2. mgr. 12. gr. nll.

Ákvæði 16. gr. laganna tekur sérstaklega á því að lánveitandinn hafi ekki rétt til þess að innheimta neinar annars konar greiðslur frá neytanda en um leið er sérstaklega tekið fram að hann má innheima óafturkræf opinber gjöld sem hann hefur þegar greitt til hins opinbera vegna lántökunnar. Honum er einnig heimilt að krefjast greiðslu vegna skjalagerðar sem hefur farið fram í tengslum lánssamninginn, þó er sérstaklega tekið fram að gjaldið sem lagt sé á verði að vera í samræmi við verðskrá lánveitanda. Þessu til viðbótar ber að taka fram að ef neytandi nýtir rétt sinn til þess að falla frá samningi sem snertir afhendingu vöru eða þjónustu er hann ekki lengur bundinn af tengdum lánssamningi, sbr. 17. gr. nll. Þetta ákvæði var

sérstaklega sett inn í löginn vegna þess að raunin er oft sú að sala vöru eða veiting þjónustu og lánveiting er ekki alltaf frá sama aðilanum. Í frumvarpinu kemur fram að ef það væri ekki sett inn svona ákvæði, gæti staðan orðið sú að neytandi gæti verið bundinn af lánsamningi þó svo að varan hefði ekki haft þá eiginleika sem hann taldi að hún ætti að hafa. Ef slíkt kæmi upp þyrfti neytandinn að greiða allt lánið og gera svo kröfu á seljandann með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.⁸⁶ Ásamt þessu kemur fram í frumvarpinu að þessi réttur sem um ræðir í ákvæðinu samræmist þeim tímamörkum sem sett eru í tengslum við rétt neytenda til þess að falla frá kaupum almennt, en þetta er ólíkt almennum ákvæðum um heimild til þess að falla frá samningi. Að lokum er tekið fram að ákvæðið fjalli ekki sérstaklega um kostnað sem kemur til í samningsgerðinni eða skilum á lánsfé.⁸⁷

Í 2. mgr. 17. gr. er fjallað um rétt neytenda til þess að beita ákveðnum úrræðum gegn lánveitanda ef varan eða þjónustan er vanefnd. Hér er um að ræða ákvæði sem veitir neytanda rétt til þess að sækja rétt sinn á lánveitanda ef ekki hefur gengið áður að sækja á seljanda, en það er skilyrði að fyrst sé reynt að ganga á seljanda. Ef neytandinn ætlar að sækja á lánveitandann, þarf að uppfylla eitt af þremur skilyrðum sem talin eru upp í lögnum. Þessi skilyrði eru að bú seljanda þarf að hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða seljanda hefur verið veitt heimild til þess að leita nauðasamnings eða ef í ljós hefur komið við aðfaragerð að seljandi geti ekki greitt skuldir sínar sbr. 3. mgr. Þá er tekið fram í 4. mgr. að neytandi geti ekki krafist seljanda um hærri bætur en það sem höfuðstól lánsamningsins nemur á þeim tíma sem krafan er gerð.

Markmiðið með þessu var að neytandi á ekki að greiða fyrir vöru eða þjónustu sem var ekki afhent. Til þess að neytandi geti beint úrræðum gegn lánveitanda í þeim tilfellum sem fjallað er um í b. eða c. lið 3. mgr. þarf hann áður að hafa reynt að halda uppi kröfu á seljanda eða þrotabú hans.⁸⁸ Að lokum er svo tekið fram að réttur neytenda til að beita úrræðum gegn lánveitendum nái ekki til fasteignalána.

4.4.2. Greiðsla fyrir gjalddaga

III. kafli neytendalaganna fjallar um greiðslu fyrir gjalddaga, og kveður 16. gr. laganna á um rétt neytenda til þess að endurgreiða lánið fyrir gjalddaga. Ef neytandi notfærir sér þessa heimild skal lækka heildarlántökukostnað um það sem nemur þeim vöxtum og gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag, sbr. 1. mgr. 18. gr. nll. Í ákveðnum tilvikum getur lánveitandi þó átt rétt á sanngjörnum bótum vegna þessa, en slíka heimild er að finna í 2. mgr.

⁸⁶ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 17 gr.

⁸⁷ sama heimild.

⁸⁸ sama heimild.

Í frumvarpinu kemur fram að um slíkar bætur hafi í gegnum tíðina verið notað orðið uppgreiðslugjald, en þegar ákvæði líkt þessu kom fyrst inn í lögin var deilt um hvort verið væri að banna uppgreiðslugjöld, en með ákvörðun samkeppnisráðs þann 7. júní 2005 nr. 19/2005 var talið að samskonar ákvæði í fyrri lögum bannaði ekki uppgreiðslugjaldið, en ef ætti að leggja slíkt gjald á, þyrfti það að koma skýrt fram í upphafslegum lánsamningi. Þessi ákvörðun var svo staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 6. október 2005 nr. 11/2005.⁸⁹ Í kjölfar þessa var eldri lögum breytt og lögfestar reglur sem vörðuðu heimildir lánveitenda til gjaldtöku, sbr. lög nr. 63/2008. Í neytendalánatilskipuninni frá 2008 er að finna ófrávíkjanleg ákvæði varðandi takmarkanir á uppgreiðslugjaldi. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að aðildarríki samræmi reglur sínar um hámark uppgreiðslugjalds.

Í 3. mgr. eru settar reglur sem fjalla hámarksfjárhæð uppgreiðslugjalds. Þar segir: „Uppgreiðslugjald má ekki fara yfir 1% af fjárhæð endurgreiðslu ef lengri tími en eitt ár er á milli greiðslunnar og loka lánstíma samkvæmt samningi aðila. Ef eitt ár eða minna er eftir af samningstíma má uppgreiðslugjaldið ekki fara yfir 0,5%”. Af þessu má því sjá að annars vegar er verið að ræða hámark þegar lengri tími en ár er á milli uppgreiðslu lánsins og loka lánstímans, og hins vegar hámark ef eitt ár eða minna er eftir af samningnum.

Næsta málsgrein í ákvæðinu tekur svo til þess að ákveðið hámark er sett á hversu hátt uppgreiðslugjald lánveitandi má krefja neytanda um almennt. Það má ekki vera herra en sú vaxtafjárhæð sem neytandi hefði greitt til enda lánstímans, sbr. 4. mgr. 18. gr. Að lokum er svo að finna tilvik þar sem lánveitanda er ekki heimilað að innheimta uppgreiðslugjald og er um að ræða fimm tilvik: Í fyrsta lagi, ef greiðsla var framkvæmd vegna váttryggingasamnings sem var ætlað að tryggja greiðslu lánsins, í öðru lagi ef lánið er í formi yfirdráttarheimildar, í þriðja lagi er ekki heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds ef lán ber breytilega vexti, í fjórða lagi ef ástæða þess að verið er að greiða upp lánið sé að lánið var gjaldfellt og í fimmta lagi ef uppgreiðslan sem framkvæma á er lægri en 1.000.000 kr. á ársgrundvelli. Varðandi þetta, sjá 5. mgr. 18. gr. nll.⁹⁰ Í 6. mgr. er svo ákvæði sem leggur þá skyldu á lánveitendur að kveða á um í lánsamningi ef ætlunin er að innheimta uppgreiðslugjald.

Af þessu má sjá að í lögnum er heimild til að semja um uppgreiðslugjald en mikilvægt er að lánveitandi taki til greina allar þær reglur sem taldar eru upp í ákvæðinu. Reglurnar voru upphaflega settar vegna þess að lánveitandi getur orðið fyrir tjóni þegar hann

⁸⁹ Hafa ber í huga að þessi ákvörðun var tekin í tíð eldri laga, en leiða má líkur að því að niðurstaðan yrði sú sama ef samskonar ágreiningur kæmi upp í dag.

⁹⁰ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 18. gr.

gerir ráð fyrir langtímaláni sem er greitt fyrir umsaminn gjalddaga⁹¹ en auk þess er þeim eins og öllum lögnum ætlað að vernda neytendur og koma í veg fyrir óréttmæta skilmála.

4.4.3. Framsal kröfuréttinda

Í 19. gr. nll er fjallað um framsal réttar, og kemur fram í ákvæðinu að neytandi tapi ekki rétti sínum til að halda uppi sömu mótbárum gagnvart þriðja aðila og hann hafði gagnvart upprunalegum eiganda kröfunnar. Þessi regla er þó háð því að lántakandi hafi haft möguleika á því að gera þessa kröfu og halda uppi þessum mótbárum gagnvart lánveitanda áður en kröfuhafaskiptin fóru fram. Hér er um að ræða frávik frá almennum reglum sem gilda um framsal kröfu en meginreglan um framsal kröfu er sú að framsal kröfuréttar á ekki að leiða til þess að skuldari lendi í verri stöðu.⁹² Ákvæðið er sambærilegt því sem var að finna í 17. gr. eldri neytendalaga nr. 121/1994.

Evrópudómstóllinn hefur þurft að taka á því, þegar deilt er um réttarstöðu lántakanda eftir að lánveitandi og seljandi hefur framselt kröfuna og seljandi svo vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum. Í máli EBD, mál C-509/07, ECR 2009 (Scarpelli) var deilt um lánasamning varðandi kaup á mótörhjól. Hjólið var aldrei afhent kaupandanum en hann hafði fengið lán til þess að geta keypt hjólið. Að auki greiddi hann ákveðna fjárhæð til seljandans þegar kaupin voru gerð. Krafa lánveitandans var framseld til þriðja aðila og neytandinn hóf þá að greiða honum mánaðarlegar afborganir, gekk það í 2 ár en að þeim tíma liðnum fór kaupandinn að halda eftir greiðslum vegna þess að seljandinn afhenti honum ekki fyrrgreint hjól. Sá sem fékk lánsamninginn framseldan krafðist þess að lántaki greiddi eftirstöðvarnar af skuldinni ásamt kostnaði en kaupandinn sem var lántakinn gerði kröfu um að fá endurgreitt þá fjárhæð sem hann hafði þegar greitt. Evrópuómstóllinn taldi þá að í þessu tilviki væri rétt að ógilda lánsamninginn vegna vanefnda seljanda. Um leið tók hann fram að lántaki ætti rétt á að fá endurgreidda þá fjárhæð sem hann hafði þegar greitt. Í málinu má sjá dómstóllinn fjalla um rétt neytenda til þess að beina kröfu um úrbætur á hendur framsalshafa lánsamnings.

Í 2. mgr. er svo að finna ákvæði þar sem upplýsingaskylda er lögð á upphaflegan lánveitanda varðandi framsal. Þar segir: „Upphaflegur lánveitandi skal upplýsa neytanda um framsal sem um getur í 1. mgr. nema þegar upphaflegur lánveitandi heldur áfram lánsþjónustu sinni við neytanda með samkomulagi við framsalshafa.“ Af þessu má sjá að ekki er

⁹¹ Alþt 2007-08, A-deild, þskj. 838 – 537 mál, athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, um 3. gr..

⁹² Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 19 gr.

nauðsynlegt að framfylgja þessari upplýsingaskyldu ef upphaflegur lánveitandi mun halda áfram að þjónusta lánið með samkomulagi við framsalshafa.⁹³

4.4.4. Ósamþykktur yfirdráttur og FIT-kostnaður

Í 20. gr. nll er fjallað um samning sem gerður er í tengslum við veltureikning og möguleiki er á því að ósamþykktur yfirdráttur geti stofnast. Þar kemur fram að í samningnum skuli veita upplýsingar um útlánsvexti og skilyrðin sem gilda um beitingu þeirra. Lánveitandi á alltaf að veita þessar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Í frumvarpinu er varð að nll segir að lög um tékka nr. 94/1933 hafi ekki að geyma önnur ákvæði um innistæður en þau, að reikningshafi eigi að sjá til þess að alltaf sé nægileg innistæða á móti útgefnum tékkum. Þetta ákvæði hefur sérstöðu vegna þess að í því er ekki að finna áskilnað um að samið hafi verið um lánveitingu. Ásamt þessu kemur fram að vegna þessarar sérstöðu hafi verið nauðsynlegt að setja ákvæðið til þess að skýra réttindi neytenda vegna þess að í þessum tilvikum er enginn samningur sem hægt er að leggja til grundavallar.⁹⁴

Í dag er töluvert minna um þessi tilvik en áður, sérstaklega vegna mikillar tækniþróunar. Þetta kemur þó fyrir enn í dag og ekki hefur verið hægt að koma alveg í veg fyrir að ósamþykktur yfirdráttur myndist á reikningi. Oft hefur verið lagður á svokallaður FIT-kostnaður þegar yfirdráttur myndast á reikningi en FIT er skammstöfun fyrir „færsluskra innistæðulausra tékka“. Ákvæði varðandi FIT-kostnað kom inn í eldri neytendalánalög með breytingarlögum nr. 63/2008 og var sett inn í framhaldi af skýrslu sem var gerð á vegum viðskiptaráðherra, en hann skipaði starfshóp til þess að kanna heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl. Starfshópurinn átti að gera úttekt á þeim reglum sem voru í gildi um viðskipti milli neytenda og banka. Áðurnefndur FIT-kostnaður hefur í gegnum árin verið mikið gagnrýndur, í því samhengi er mest fjallað um fjárhæð hans og forsendur við útreikning en þegar fjármálafyrirtæki leggja þennan kostnað á virðist ekki vera gerður neinn greinamunur á ástæðum fyrir óheimilum yfirdrætti, að auki hefur nokkuð verið gagnrýnt að hann sé strax færður til skuldar. Komi upp sú staða að FIT-kostnaður myndist á reikningi berast tilkynningar um hann venjulega í pósti og stundum líða nokkrir dagar eftir að óheimill yfirdráttur hefur átt sér stað þangað til það berst til vitundar reikningshafa. Vegna þessa getur komið upp sú staða að grandalausir viðskiptamenn séu krafðir um FIT-kostnað vegna fleiri en

⁹³ sama heimild.

⁹⁴ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 20. gr.

einnar færslu áður en þeir fá vitneskju um að óheimilaður yfirdráttur hafi myndast á reikningi þeirra.⁹⁵

Í framhaldi af skýrslunni var lögfest ákvæði sem fjallar um takmörkun á þeim kostnaði sem innheimtur er vegna óheimils yfirdráttar. Þetta var gert til þess að reyna að halda kostnaðinum af þessum óheimilaða yfirdrætti hóflegum og á kostnaðurinn nú að vera í samræmi við þann kostnað sem fyrirtæki geta orðið fyrir vegna yfirdráttarins. Ástæðan fyrir þessu var fyrst og fremst sú að koma í veg fyrir að innheimta gjalda vegna óheimils yfirdráttar byggðist á gróðasjónarmiðum fjármálafyrirtækis.⁹⁶

Í dag hafa lánastofnanir sett skilmála sem gera neytendum mögulegt að komast hjá þessum kostnaði ef greitt er innan ákveðinna tímamarka. Ákvæðið í nll takmarkar þessi viðurlög lánastofnanna og leggur aukna upplýsingaskyldu á lánveitendur og ætti það að skila sér í enn frekari fækkunum þessara tilfella. Þá er í 3. mgr. 20. gr. fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda í þeim tilfellum þar sem ósamþykktur yfirdráttur nemur fjárhæð að andvirði 30.000 kr. eða meira og hefur staðið í lengri tíma en einn mánuð.⁹⁷

4.5 Árleg hlutfallstala kostnaðar

Fimmti kafli laganna fjallar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, kaflinn í heild sinni er aðeins eitt ákvæði og er það 21. gr. nll. Ákvæðið fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á því hvað árleg hlutfallstala kostnaðar sé, en samkvæmt ákvæðinu er áhk:

Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. Skal hún reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkan sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur.

Þessi skilgreining er eins og skilgreiningin á árlegri hlutfallstölu kostnaðar í lögnum frá 1994 um neytendalán. Neytendalánatilskipunin setti þau skilyrði að áhk væri birt á öllum stigum lánveitingar. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða fyrir samningsgerð, í auglýsingum eða kynningarefni, eða við samningsgerð. Voru þessi ákvæði sett inn til þess að auka neytendavernd og samanburðarhæfi tilboða. Í dómi Evrópudómstólsins í máli C-449/13 (CA

⁹⁵ Starfshópur á vegum viðskiptaráðherra, „Skýrsla um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl.” (Atvinnuvegaráðuneytið, Desember 2007) 39.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/frettir/heimildir_fjarmalafyrirtækja.pdf> Sótt 3. nóvember 2016.

⁹⁶ Alþt 2007-08, A-deild, þskj. 838 – 537 mál, athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, um 1. gr.

⁹⁷ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 20 gr.

Consumer Finance) fjallaði dómurinn um upplýsingaskyldu lánveitanda varðandi neytendalán. Í 3. mgr. dómsins kemur fram að til þess að neytandi geti tekið meðvitaða ákvörðun um lántöku verði hann að fá fullnægjandi upplýsingar um þau skilyrði og þann kostnað sem hann þarf að greiða af láninu, áður en samningur er undirritaður. Þessar upplýsingar eigi að innihalda áhk, en með því sé gagnsæi og samanburðarhæfi lánstilboða aukið.⁹⁸

Í 2. mgr. 21. gr. nll er að finna ákvæði sem segir að áhk skuli fundin út á þeim tíma sem lánsamningurinn er gerður og við útreikninginn skuli gengið út frá því að lánsamningur gildi í ákveðinn tíma, þegar áhk er reiknuð þarf ekki að taka tillit til breytinga eða hugsanlegra vanefnda sem kunna að verða á samningi.⁹⁹ Þar á eftir er í 3. mgr. að finna ákvæði sem fjallar um það að ef lánsamningur ber breytilega vexti eða annað sem reiknast með í áhk og ekki sé unnt að meta á hverjum tíma, skuli reikna áhk miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

Í 4. mgr. kemur fram að þegar áhk sé reiknuð út skuli um leið ákveða heildarlántökukostnað neytanda. Þegar þetta er gert þarf ekki að taka með inn í útreikninginn möguleg viðurlög eða sektargreiðslur vegna vanefnda sem gætu átt sér stað, þá á heldur ekki að reikna með kostnaðinn sem getur fylgt kaupum á vöru eða þjónustu. Þá er að lokum fjallað um í 5. mgr. að kostnaður við að viðhalda reikningi, við notkun greiðsluleiðar fyrir nýtingu láns og greiðslufærslna skuli vera tekin með inn í heildarkostnað af láni til neytenda nema valfrjálst sé að opna reikning og kostnaðurinn sé greinilega tekinn fram í samningi aðila.

Af þessu má því leiða að í nll er mikið lagt uppúr því að neytendum séu veittar skýrar upplýsingar um áhk. Þessar upplýsingar gera lántökum betur kleift að bera saman mismunandi lánstilboð og kostnað vegna lána með einföldum hætti. Þessar upplýsingar eru í raun nauðsynlegar þegar samningar innihalda fleiri breytur en bara vexti, vegna þess að þegar upplýst er um áhk fá lántakendur betri upplýsingar um þann kostnað sem þeim ber að greiða af skuldbindingum sínum.

4.5.1. Heildarlántökukostnaður

Hugtakið heildarlántökukostnaður er mikilvægt þegar verið er að reikna út áhk. Hugtakið er skilgreint í g. lið 1. mgr. 5. gr. nll þar sem segir að heildarlántökukostnaður sé allur kostnaður sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við

⁹⁸ Mál C-449/13 CA Consumer Finance SA g. Ingrid Bakkaus, Charline Bonato, née Savary og Florian Bonato [2015] OJ C 65, 19. mgr.

⁹⁹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 21. gr.

sammingsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Þessu til viðbótar er tekið fram að kostnaður vegna viðbótarþjónustu skuli tekinn með, sé skylda að gera viðbótarþjónustusamning.

Heildarkostnaður láns á því samkvæmt þessu að innihalda allan kostnað sem hægt er að mæla sem neytandi gæti þurft greiða til að geta fengið lánið afgreitt eða til þess að geta nýtt það. Með því að birta áhk er verið að gera neytendur meðvitaða um alla kostnaðarþættina sem geta haft áhrif á lánsamning þeirra.¹⁰⁰

Þegar heildarlántökukostnaður er reiknaður þarf að taka allan kostnað með inn í útreikninginn, þá skiptir ekki máli hvort kostnaðurinn sé greiddur beint til lánveitanda eða til þriðja aðila. Í ákvörðun Neytendastofu frá 2. júní 2014 í máli nr. 29/2014 var deilt um hvort flýtigjald sem hægt var að greiða til að flýta afgreiðslu svokallaðra smálána þyrfti að taka með í útreikninginn þegar heildarlántökukostnaður væri reiknaður. Neytendastofa óskaði eftir skýringum frá smálánafyrirtækjunum Múla, Hraðpeningum og 1909 á því af hverju flýtigjald væri ekki með í útreikningnum þegar árleg hlutfallstala kostnaðar væri reiknuð út. Þegar verið var að taka lán hjá fyrrnefndum fyrirtækjum bauðst viðskiptavinum að velja flýtiþjónustu og greiða kr. 4.990 kr í flýtigjald fyrir lánshæfismat hjá fyrirtæki sem sérhæfði sig í slíku. Ljóst var að ef flýtigjaldið var ekki reiknað með inn í árlega hlutfallstölu kostnaðar nam hún samtals þeim 55%, sem heimil eru skv. 1. mgr. 21. gr. nll. En um leið og þessu flýtigjaldi var bætt inn í útreikninginn hækkaði hlutfallstalan upp í 2.036,6%. Neytendastofa taldi að umrætt flýtigjald væri ekki önnur þjónusta til viðbótar við lánið, heldur leiddi það til þess að lánið væri afgreitt fyrr. Vegna þessa væri ekki hægt að fella þetta flýtigjald undir viðbótarþjónustu sem hægt væri að undanskilja við útreikning á hlutfallstölu. Þó svo að þetta flýtigjald væri greitt til þriðja aðila væri það ekki nóg til þess að rjúfa tengsl kostnaðarins við lánið sbr., g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna. Niðurstaðan í málinu var sú að Neytendalán ehf., rekstraraðili fyrrnefndra fyrirtækja, hefði brotið gegn 21. gr. neytendalánalaga og 3. gr. reglugerðar nr. 965/2013 um útreikning áhk, með því að reikna ekki með kostnað af framkvæmd lánshæfismats inn í áhk. Að auki var lögð stjórnvaldssekt á þessi fyrirtæki að fjárhæð kr. 750.000 kr. sbr., u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. nll.¹⁰¹

Um samskonar álitaefni var deilt í dómi Evrópudómstólsins í máli C-143/13 Volksbank. Í málinu var fjallað um hvort heimilt væri að undanskilja svokallað „áhættugjald“

¹⁰⁰ Dr. Gloria M. Soto, „Study on the application of the annual percentage rate of charge for consumer credit agreements“ (European Commission. Directorate-General Health and Consumer Protection október 2013) 41. <http://ec.europa.eu/consumers/documents/study_apr_2013_final.pdf> Sótt 15. nóvember 2016.

¹⁰¹ Neytendastofa komst sömu niðurstöðu í ákvörðun Neytendastofu (28/2014) og lögðu þeir stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 250.000 kr, á Kredia og Smálán. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti svo ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 13/2014.

þegar verið væri að reikna út áhk, og um leið hvort skilmálar tveggja lánessamninga væru óréttmætir samkvæmt tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Áhættugjaldið sem deilt var um var greitt mánaðarlega samkvæmt lánessamningnum og var þetta gjald reiknað út frá höfuðstól lánsins hverju sinni. Dómstóllinn taldi að g. lið 3. gr. neytendalánatilskipunarinnar sem fjallaði um heildarlántökukostnað, ætti að túlka mjög rúmt. Dómstóllinn taldi að hugtakið yrði að skýra þannig að inn í heildarlántökukostnað þyrfti að reikna allan kostnað sem greiða ætti samkvæmt lánessamningi. Tilgangur þessa umrædda áhættugjalds væri að tryggja endurgreiðslu lánsins og því ekki hægt að telja það ótengt lánveitingunni. Vegna þessa taldi dómstóllinn að það félli undir heildarlántökukostnað og skyldi útreikningur áhk því einnig taka til áhættugjaldsins.¹⁰² Af þessum dómum má þá sjá að ekki er hægt að komast hjá því að reikna ákveðin gjöld með inn í heildarlántökukostnað með því að færa þau til annars aðila eða kalla þau nöfnum sem virðast vera ótengd lánveitingunni.

4.5.2. Viðbótarþjónusta

Ef það er skylda að gera samning um viðbótarþjónustu í tengslum við lánessamning þarf að reikna kostnaðinn með þegar áhk er reiknuð út.¹⁰³ Í g. lið 1. mgr. 5. gr. neytendalánalaga og í skýringum í frumvarpinu er varð að lögunum kemur fram að viðbótarþjónusta geti til dæmis verið váttryggingar.¹⁰⁴

Svo hægt sé að tala um viðbótarþjónustu þarf að vera um að ræða einhverja þjónustu sem er veitt til viðbótar við lánveitingu. Það er ekki skilyrði að kostnaðurinn vegna þjónustunnar sé innheimtur af lánveitanda, en kostnaður sem hlýst af viðbótarþjónustu má einnig vera innheimtur af þriðja aðila, sbr. túlkun Neytendastofu í ákvörðun 29/2014. Ef staðan er sú að neytandi hefur val á milli mismunandi þjónustu eða vöru frá lánveitanda á meðan lánessamningur er í gildi, og það hefur ekki áhrif á lánafyrirgreiðsluna, er þjónustan þannig, að um er að ræða viðbótarþjónustu sem ekki þarf að reikna með þegar áhk er fundin út. Sama gildir þegar viðbótarþjónustan er þannig að mögulegt er að segja henni upp hvenær sem er og hætt þá um leið að greiða kostnað vegna hennar.¹⁰⁵

¹⁰² Mál C-143/13 Bogdan Matei, Ioana Ofelia Matei ing. bank Romania SA [2014] OJ C 171, mgr. 68.

¹⁰³ Sjá varðandi þetta G.lið 1. mgr. 5. gr. nll.

¹⁰⁴ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 5. gr.

¹⁰⁵ Commission Staff Working Document: „Guidelines on the application of Directive 2008/48/EC (Consumer Credit Directive) in relation to costs and the Annual Percentage Rate of Charge“ (European commission, Brussels 8.5.2012) 17-18.

4.5.3. Árleg hlutfallstala kostnaðar í samningum

Eins og áður kemur fram þarf lánveitandi að veita ýmsar upplýsingar í lánsamningi og er áhk ein af þeim. Ásamt því þarf að koma fram heildarfjárhæðin sem neytandinn þarf að greiða, reiknuð á sama tíma og lánsamningurinn er gerður, sbr. g. lið 2. mgr. 12. gr. nll. Þegar komið er að þessu hafa neytandi og lánveitandi komist að samkomulagi um heildarfjárhæð lánsins, gildistíma þess og eðli lánsamningsins. Þá er lögð sú skylda á lánveitanda að tilgreina allar forsendur sem hann notar þegar áhk er reiknuð út.

Ekki er skýrt tekið fram í nll um afleiðingar þess ef lánveitandi gefur ekki upp áhk, m.ö.o það liggur ekki augum uppi hvaða rétt neytandi hefur í slíkum tilfellum. Í þessu samhengi er vert að minnast á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, en í máli nr. E-4521/2013 var deilt um hverjar afleiðingarnar væru ef áhk hefði ekki verið tekin fram í lánsamningi eins og neytendalánalög gerðu ráð fyrir. Töldu lántakendur að lánveitanda hefði ekki verið heimilt að innheimta vexti og annan kostnað því ekki hefði komið fram í lánsamningi þeirra upplýsingar um áhk. Héraðsdómur taldi að það hvíldi ákveðin skylda á lánveitanda til þess að upplýsa um áhk. Þrátt fyrir það taldi dómurinn að vanræksla á því að veita þessar upplýsingar myndi ekki leiða til þess að lánveitandi mætti ekki innheimta ákveðin lánskostnað. Dómarinn taldi að lántakendur yrði að vera það ljóst að lánið hefði verið verðtryggt og af því þyrfti að greiða vexti. Vegna þessa taldi dómstóllinn að þrátt fyrir að lánveitandinn hefði vanrækt þessa upplýsingaskyldu sína hefði honum samt verið heimilt að innheimta eðlilega vexti og kostnað af láninu. Þá tók dómurinn sérstaklega fram að útreikningur hlutfallstölunnar væri oft byggður á áætlun sem tæki tillit til breytilegra atriða sem ekki væri hægt að mæla á tíma útreiknings. Þessari niðurstöðu var svo áfrýjað til Hæstaréttar, en fjallað er um þann dóm í kafla 4.4 (Verðtryggingarmál 2).¹⁰⁶ Þó ber sérstaklega að nefna hér að Hæstiréttur taldi í því tilviki að ákvæði íslenskra laga væru ekki sambærileg ákvæðum tilskipunarinnar sem EFTA-dómstóllinn vísaði til í álitinu sínu. Ákvæði íslensku laganna hefðu verið á þann veg að vaxtaendurskoðunarákvæði lánsamningsins var innan marka laganna. Þá tók dómurinn einnig fram að skýra ætti lög og reglur að svo miklu leyti sem við ætti til samræmis við EES-samningin og þær reglur sem honum fylgi, hins vegar leiði það ekki til þess að orðum íslenskra laga verði gefin önnur merking en leidd verður af hljóðan þeirra.

¹⁰⁶ Hafa ber í huga að þessir dómur byggjast á eldri lögum um neytendalán og fordæmisgildi þeirra því eftir því. Ekki hefur enn reynt á þetta álitaefni á grundvelli nýju laganna og því erfitt að spá fyrir um hvernig samskonar vanræksla yrði metin á grundvelli þeirra.

Í lögnum er að finna heimild fyrir Neytendastofu til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef lánveitendur brjóta gegn lögnum og er þar sérstaklega kveðið á um upplýsingar sem lánveitandi verður að veita neytendum, og þar á meðal er áhk, sbr. 1. mgr. 30. gr. nll.

Í forúrskurði Evrópudómstólsins í máli C-76/10 Pohotovost kom fram að ef lánveitandi hefði vanrækt að veita upplýsingar um áhk í lánsamningi væri það í höndum dómstóla heimaríkis að meta hvort um væri að ræða ósanngjarna samningsskilmála. Dómstóllinn fjallaði einnig um það að ef samningsskilmálar hefðu verið samdir einhliða af lánveitanda væri það skylda dómstóla heimaríkis að skoða þá vel og hafa til hliðsjónar ákvæði tilskipunar 93/13/EB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum vegna þess að í slíkum tilvikum væri neytandinn í veikari stöðu. Þetta var svar dómstólsins við spurningum um það hvort það lánsamningur teldist óskýr og óskiljanlegur ef hlutfallstalan væri ekki gefin upp, og þá hvort það hefði úrslitaáhrif að neytandi fái áhk gefna upp í prósentum.¹⁰⁷ Af þessum dómi mætti draga þá ályktun að Evrópudómstóllinn telji að dómstólar heimaríkis þurfi að túlka neytendalánatilskipunina á þann hátt að ekki sé heimilt að krefjast greiðslu vaxta og kostnaðar sé áhk ekki gefin upp í lánsamningi og á sama tíma eigi landslög heimaríkis að leiða til þess að þetta verði raunin.

Þegar ofangreindir dómur eru skoðaðir og bornir saman virðist það vera svo að Evrópudómstóllinn og íslenskir dómstólar túlki umræddar reglur ekki á sama veg, verður að telja að þetta sé mjög athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að innan Evrópubandalagsins er lögð mikil áhersla á að reglurnar eigi að vera túlkaðar eins alls staðar svo markmiðinu um samræmdan innri markað sé náð. Hins vegar verður að taka fram að Hæstiréttur taldi að ákvæði íslensku laganna hefði ekki verið sambærilegt samskonar ákvæði í tilskipuninni og tilskipunin því ekki réttilega innleidd. Hér mætti þá bera upp spurninguna um hvort að grundvöllur sé þá komin fyrir máli gagnvart íslenska ríkinu vegna rangrar innleiðingar, vegna þess að íslenskir neytendur njóta ekki þeirra réttinda sem tilskipunin átti að innleiða.

Í máli Pohotovost fjallað Evrópudómstóllinn um það að nauðsynlegt sé að skýra neytendalánatilskipunina þannig að óheimilt sé að krefjast greiðslu vaxta og kostnaðar ef áhk er ekki gefin upp í lánsamningi, og dómstólar heimaríkis eigi að túlka lögin á þann veg. Hins vegar virðast íslenskir dómstólar telja að skortur á þessum upplýsingum verði ekki til þess að óheimilt sé að innheimta kostnað, svo lengi sem hann sé stilltur í hóf, sbr. Héraðsdóminn.

¹⁰⁷ Mál C-76/10 Pohotovost [2010] ECR I-11557. mgr. 71 – 72.

Hér ber þó að nefna að lögum um neytendalán er ætlað að vernda hagsmuni neytenda og tryggja stöðu þeirra í samningsgerð við fyrirtæki og við túlkun nll á alltaf að hafa þetta í huga.

4.5.4 Hámark árlegrar hlutfallslegrar tölu kostnaðar

Í frumvarpinu er varð að nll kemur fram að það hafi verið sérstaklega skoðað hvort innleiða ætti hámarkskostnað í tengslum við neytendalán. Þetta var meðal annars gert til þess að sporna við svokölluðum smálánafyrirtækjum. Þegar það var verið að leggja mat á það var litið til nágrannalandanna en þar hafa verið settar reglur í löggjöf ríkjanna ákvæði um hámarksvexti. Eftir að þetta var kannað og mismunandi leiðir höfðu verið bornar saman var talið æskilegast að setja hámark á áhk. Leitað var umsagnar Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fyrirhugaða breytingu. Nokkuð var um að aðilar væru á móti þessari leið, en meðal þeirra mótraka sem fram komu voru sjónarmið um frjálsa samkeppni og samningafrelsi. Á endanum mat þó löggjafinn málið þannig að með ákvæði er varðaði hámark áhk væri stuðlað betur að neytendavernd og um leið væri ákvæðið til hagsbóta fyrir neytendur.¹⁰⁸ Ákveðið var að setja ákvæði í lögin þar sem kom fram að áhk á neytendalánnum megi ekki nema meira en 50% að viðbættum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, sbr. 26. gr. nll.

4.5.5 Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar

Í 21. gr. nll er fjallað um útreikning áhk. Í ákvæðinu er að finna þær forsendur sem ber að miða við og taka með í útreikninginn þegar áhk er reiknuð út. Þá má einnig sjá forsendur fyrir útreikningi áhk í reglugerð nr. 965/2013, sbr. liði a-e. í 3. gr. reglugerðarinnar. Þessar forsendur fyrir útreikningnum eru gefnar til þess að ákveða hluta af þeim þáttum sem teljast með í heildarlántökukostnaði. Þessar forsendur er nauðsynlegt að hafa og skipta þær miklu máli þegar ákveðnir þættir sem eiga að vera hluti af árlegri hlutfallstölu kostnaðar eru ókunnir, eða ekki er hægt að vera fullviss um þá þegar hlutfallstalan er reiknuð, þá geta þessir tilteknu þættir einnig verið breytilegir eftir framkvæmd lánsamningsins, en í þessum tilvikum gegna fyrrgreindar forsendur mikilvægu hlutverki.¹⁰⁹

Þegar ákvæði g. liðar 4. mgr. 7. gr., f. liðar 2. mgr. 8. gr. og g. liðar 2. mgr. 12. gr. nll eru skoðuð má sjá að það skiptir ekki máli hvort útreikningurinn sé gerður fyrir samningsgerð

¹⁰⁸ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, almennar athugasemdir, kafla IV.

¹⁰⁹ Commission Staff Working Document: „Guidelines on the application of Directive 2008/48/EC (Consumer Credit Directive) in relation to costs and the Annual Percentage Rate of Charge“ (European commission, Brussels 8.5.2012) 27.

eða við samningsgerð, forsendurnar eiga alltaf að fylgja með. Með þessu er verið að stuðla að gagnsæi lánessamningsins og auðvelda neytanda að skilja útreikning hlutfallstölunnar.

Í 1. mgr. 21. gr. er fjallað almennt um áhk og svo segir um útreikning hlutfallstölunnar: „Skal hún reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkan sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð”. Í 2. mgr. kemur svo fram að hlutfallstalan skuli vera reiknuð þegar lánessamningur er gerður og þegar útreikningurinn er gerður eigi að ganga út frá þeirri forsendu að lánessamningur muni halda gildi sínu á umsömdu tímabili og að lánveitandi og neytandi muni uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningi þeirra á milli. Í 4. mgr. 21. gr. er svo ákvæði þar sem segir að við útreikning á áhk skuli ákvarða heildarlántökukostnað neytanda, þessu til stuðnings má sjá a. lið 3. gr. reglugerðar nr. 965/2013.

4.5.5.1 Reglugerð nr. 965/2013 um útreikning áhk

Reglugerð nr. 965/2013 um útreikning áhk, fjallar um útreikninginn sjálfan þegar hlutfallstalan er reiknuð, og er sett með heimild í V. kafla nll, sbr. einnig c. lið 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. Með reglugerðinni var I. viðauki við neytendalánatilskipun 2008/48/EB innleiddur í íslenskan rétt.

Í 1. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði þar sem fjallað er um að áhk skuli reiknuð út á þeim tíma sem lánessamningur er gerður. Þá er einnig að finna mikilvægt atriði í 2. gr. reglugerðarinnar en þar má sjá stærðfræðilíkan sem á að liggja til grundvallar útreikningi áhk, sbr. einnig 1. mgr. 21. gr. nll. Stærðfræðilíkanið er eftirfarandi.

$$\sum_{k=1}^m C_k (1 + X)^{-t_k} = \sum_{l=1}^{m'} D_l (1 + X)^{-s_l}$$

Til þess að átta sig betur á þessari stærðfræðijöfnu er í reglugerðinni að finna útskýringar á hvað sérstakir stafir og tákni merkja en ekki verður farið frekar í það hér.

Í 3. gr. reglugerðarinnar er svo fjallað um forsendur fyrir útreikningi áhk, og í 4. gr. má finna viðbótarforsendur. Þegar ekki er hægt að mæla alla þættina sem á að nota við útreikning á áhk gegna fyrrnefndar forsendur sem finna má í nll og viðbótarforsendurnar sem finna má í reglugerðinni mikilvægu hlutverki. Þær leiða til þess að hægt er að bregðast við óvissuþáttum og eiga þessar forsendur að aðlagast þeim breytingum sem geta orðið á lánaformum, en með þeim er verið að tryggja að neytendur hafi upplýsingar um það hvernig

kostnaður af lánum getur orðið. Lánaform eru mörg og mismunandi að gerð, þau geta tekið breytingum og þessi útreikningur getur því verið mjög flókinn.¹¹⁰

Neytendalánatilskipuninni frá 2008 var breytt árið 2011 með tilskipun nr. 2011/90/EB. Þessar breytingar voru gerðar eftir að rannsókn um útreikning áhk var gefin út árið 2009.¹¹¹ Með breytingunni voru settar inn frekari forsendur fyrir útreikningi áhk en þessar forsendur finna í I. viðauka tilskipunarinnar frá 2008. Með fyrrnefndri reglugerð var tilskipun nr. 2011/90/EB innleidd í íslenskan rétt.

Af ofangreindri umfjöllun má leiða að áhk er mjög mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf lánveitenda til neytenda, en sjá má af neytendalöggjöfinni að lánveitendum ber að veita upplýsingar um hlutfallstöluna á öllum stigum lánveitingarinnar.

4.6 Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar

VII. kafli nll fjallar um kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar ef neytandi er í vanskilum með afborganir eða lánskostnað. Þessi kafli er eins og fyrri lagagreinar um sama efni í lögum nr. 121/1994, en tilskipun 2008/48/EB tekur ekki á þessum atriðum með beinum hætti.¹¹²

Þegar fjallað er um eignarréttarfyrirvara í neytendalögum er átt við tilvik þar sem neytandi kaupir vöru og gerður er samningur milli aðila þar sem kemur fram að lánveitandi sé eigandi hennar þar til varan er að fullu greidd samkvæmt samningi þeirra á milli. Lánveitandinn er þá í þeirri stöðu að hann getur þá tekið vöruna til baka ef neytandinn stendur ekki við samninginn, sbr. b. lið. 1. mgr. 5. gr. nll. Í tilskipuninni sem nefnd er hér að ofan er fjallað um það að aðildarríkjum beri að tryggja rétt kaupanda til þess að fá aftur hlut sem lánveitandi hefur tekið til sín vegna vanefnda kaupanda. Þá eiga ríkin að setja skilyrði fyrir endurheimt eignarréttar og tryggja að þegar lánveitandi nýti sér eignarréttarfyrirvara og taki til sín söluhlut að reikningar séu gerðir upp á þann hátt að endurheimtin feli ekki í sér auðgun fyrir lánveitandann. Hvorki lánveitandi né seljandi eiga að hagnast á þessum aðgerðum, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Kaup með eignarréttarfyrirvara hafa lengið tíðkast hér á landi eins og kemur fram í kafla 2.2. hér að framan. Áður en neytendalánalög nr. 30/1993 voru sett, voru engar reglur

¹¹⁰ Dr. Gloria M. Soto, „Study on the application of the annual percentage rate of charge for consumer credit agreements“ (European Commission. Directorate-General Health and Consumer Protection október 2013) 78. <http://ec.europa.eu/consumers/documents/study_apr_2013_final.pdf> Sótt 18. nóvember 2016.

¹¹¹ Dr. Gloria M. Soto, „Study on the application of the annual percentage rate of charge for consumer credit agreements“ (European Commission. Directorate-General Health and Consumer Protection október 2013) <http://ec.europa.eu/consumers/documents/study_apr_2013_final.pdf> Sótt 15. nóvember 2016.

¹¹² Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um VII kafla.

varðandi slíka samninga í gildi. Þegar kaup eru framkvæmd með eignarréttarfyrirvara þarf að uppfylla sömu upplýsingaskyldu og þegar um önnur lán er að ræða. Í frumvarpi er varð að lögum nr. 30/1993 kemur fram að vanræksla á upplýsingaskyldunni sem krafist er í lögnum hafi afleiðingar í för með sér, þó er tekið fram að vanrækslan hafi ekki áhrif á gildi eignarréttarfyrirvara.¹¹³

Í 1. mgr. 23. gr. nll kemur fram að lánveitandi geti endurheimt hlutinn sem seldur er með eignarréttarfyrirvara með aðfaragerð, ef það hafi ekki náðst samkomulag um afhendingu hans á grundvelli skriflegs samnings þar sem kveðið var á um fyrirvarann. Það er skilyrði fyrir endurheimt að neytandinn sé í vanskilum með afborganir eða lánskostnað, eða sé ekki að standa við samning sem gerður hefur verið. Þegar söluhlutur er endurheimtur á uppgjör milli aðilanna að reyna að vera eins nálægt því og hægt er að aðilarnir verði eins settir og ef viðskiptin hefðu ekki farið fram sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þá er tekið fram í 3. mgr. að ef andvirði söluhlutar sé meira en eftirstöðvar lánsamnings skuli lánveitandi greiða neytanda mismuninn til baka. Við mat á því hvert andvirði söluhlutarins sé, skal litið til þess hvort rýrnun eða slit séu eðlileg og til frádráttar vaxta frá endurheimtudegi til loka lánsamnings, sbr. 4. mgr. Þetta ákvæði er ekki útskýrt nánar í lögskýringargögnum en leiða má af ákvæðinu að óeðlilegt slit eða rýrnun á söluhlutnum geti orðið til verðlækkunar á hlutnum sem um ræðir. Komi upp ágreiningur um verð söluhlutar skal útkljá hann með matsgerð sérfróðs og óhlutdrægs manns, matskostnaður skal ákvarðaður af matsmanni. Sé ágreiningur um matsgerðina sem unnin hefur verið er unnt að óska eftir nýrri með dómkvaðningu matsmanns, en þetta kemur fram í 5. mgr. 23. gr. nll.

Í 24. gr. nll er að finna ákvæði sem tekur á því þegar fleiri en einn hlutur er keyptur samkvæmt sama samningnum en ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt neytenda við endurheimt hlutar. Hér er um að ræða tilvik þar sem fleiri en einn hlutur er keyptur með einum og sama samningnum. Hafi lánveitandi lagt fram kröfu um endurheimt þeirra á neytandinn að hafa val um hvort hann afhendi einn eða fleiri hluti, það er þó gegn því skilyrði að hann greiði um leið mismuninn á andvirði þeirra hluta sem hann heldur eftir.

Eigi lánveitandinn minna inni en andvirði hlutarins, á neytandinn rétt á því að fá mismuninn greiddan þegar hluturinn er afhentur, varðandi þetta sjá 1. mgr. 24. gr. nll. Í 2. mgr. sömu greinar segir: „Neytandi getur ekki leyst til sín hlut ef hann er úr safni eða samstæðu sem lánveitandi hefur einnig endurheimt frá neytanda og aðskilnaðurinn hefur í för

¹¹³ Alþt. 1992, A-deild, þskj. 14 – 14. mál, endurheimt eignaréttar, kafla 10.

með sér verulega rýrnun á verðmæti hlutanna”. Af þessu má því sjá að þarna eru sett ákveðin mörk þegar um er að ræða endurheimt á mörgum hlutum, bæði á lánveitanda og lántaka.

4.6.1 Réttarstaða neytandans utan samningsbandsins

Í ákvæðum laga um samningsveð er fjallað um réttarstöðu neytenda og lánveitenda gagnvart viðsemjendum og skuldheimtumönnum kaupandans. Algengast er að stofnað sé til söluveðs í tengslum við afborgunarkaup. Í lögum um samningsveð nr. 75/1997 er fjallað um söluveð. Þegar reglurnar um söluveð voru settar var að mestu leyti verið að lögfesta þær réttarreglur sem áður voru taldar gilda um eignarréttarfyrirvara. Eignarréttarfyrirvari og veðréttindi eru talin álík réttindi og því talið rétt að beita reglum um veðréttindi þegar um eignarréttarfyrirvara er að ræða.¹¹⁴

Í 35. – 42. gr. laga um samningsveð er að finna reglur sem gilda um söluveð. Þegar talað er um söluveð er í þessu tilviki átt við söluhlut sem hefur verið veðsettur til tryggingar láni sem annað hvort seljandi eða annar aðili hefur veitt í tengslum við kaupin á söluhlutnum. Gilda ákvæði laganna um öll tilvik þar sem um er að ræða lán með eignarréttarfyrirvara og seljandi eða lánveitandi hefur áskilið sér eignarrétt að söluhlutnum þar til lánið hefur verið að fullu greitt, sbr. 42. gr. laganna.¹¹⁵ Í þessum lögum er einnig að finna ákvæði þess efnis að samningur milli aðila verði að vera skriflegur, sbr. 1. mgr. 38. gr. Ljóst er að reglur laga um samningsveð eiga við um samskipti neytenda við viðsemjendur og aðra skuldheimtumenn hans. Þó ber að hafa í huga að innbyrðis staða viðsemjenda, s.s. seljanda eða lánveitenda og neytandans fylgir ákvæðum nll og ber að fylgja ákvæðum laganna varðandi uppgjör þeirra á milli. Þá kemur skýrt fram að samningsaðilar eigi að vera eins nálægt því að vera jafnsettir og ef viðskiptin hefðu verið gerð ef endurheimt á sér stað.

4.7 Eftirlit og viðurlög

IX. kafli nll fjallar um eftirlit, viðurlög, réttarúrræði og bótaskyldu. Í 1. mgr. 29. gr. er komið inn á það að Neytendastofa annist eftirlit með ákvæðum laganna og um málsmeðferð Neytendastofu gildi ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá ber einnig að nefna að ákvæði VII. kafla laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gilda um heimildir Neytendastofu til upplýsingaöflunar, haldlagningar gagna, þagnarskyldu og afhendingar upplýsinga til stjórnvalda annarra ríkja en ákvæði varðandi þetta má finna í 2. mgr. 29. gr. nll.

¹¹⁴ Þorgeir Örlygsson, *Veðréttur* (Bókaútgáfa Orators 2002) 336.

¹¹⁵ sama heimild, 336-337.

Sé ætlunin að skjóta málinu til áfrýjunarnefndarinnar, skal það gert innan fjögurra vikna frá því að aðilum máls var tilkynnt um ákvörðunina.¹¹⁶ Hér ber þó að taka fram að þó svo að ákvæði nll séu einkaréttarlegs eðlis, hefur Neytendastofa ekki heimildir til þess að leysa úr einkaréttarlegum kröfum neytenda.¹¹⁷ Til þess að fá leyst úr slíkum kröfum verða neytendur að leita til dómstóla. Þessu til stuðnings má sjá að í ákvörðun Neytendastofu frá 12. mars 2009 nr. 6/2009 segir að í erindi sem barst þeim sé vísað til lagagreinar þar sem fram kemur að sé staðan sú að lánveitandi hafi ekki staðið við upplýsingaskyldu sína geti lántaki átt rétt á skaðabótum. Hins vegar er ekki að finna í ákvæðum laganna heimild fyrir Neytendastofu til þess að taka slíkar ákvarðanir um skaðabætur og er því nauðsynlegt að höfða slíkt mál á grundvelli reglna um skaðabætur fyrir dómstólum.

Af þessari ákvörðun má sjá að alltaf er nauðsynlegt að leita til dómstóla eða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálaþyrirtæki ef aðilar ætla að fá skorið úr um hvort þeir eigi rétt á skaðabótum vegna brota á nll.

Í neytendalánatilskipuninni frá 2008 kemur fram að aðildarríkjum sé skylt að setja ákvæði sem setur reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum tilskipunarinnar ásamt því er ákvæði sem segir að aðildarríkin eigi að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögum sé beitt.

4.7.1 Aðgerðir Neytendastofu

Í 3. mgr. 29. gr. nll eru taldar upp þær aðgerðir sem Neytendastofa getur beitt. Þær geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum. Eftir að Neytendastofa hefur tekið ákvörðun á grundvelli nll er hægt að skjóta henni til áfrýjunarnefndar neytendamála sem tekur málið þá til skoðunar. Áfrýjunarnefnd neytendamála starfar á grundvelli 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu.

Neytendastofa hefur í nokkrum málum bannað lánveitendum notkun skilmála í lánsamningum vegna þess að hún taldi að þeir tilteknu skilmálar færu gegn ákvæðum laganna.¹¹⁸ Ákvörðun Neytendastofu er ekki hægt að bera undir dómstóla fyrir en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Með þessu er verið að tæma kæruleiðir innan

¹¹⁶ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 29. gr.

¹¹⁷ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson (n. 4) 171.

¹¹⁸ Sjá ákvörðun Neytendastofu frá 3. ágúst 2010 nr. 25/2010: Þar bannaði Neytendastofa SP-fjármögnun að leggja vaxtaálag á svokallaða LIBOR vexti í þeim tilvikum þar sem það var ekki sérstaklega greint í samningum. Í ákvörðuninni kom fram að ef ekki yrði fylgt þessu banni yrðu lagðar á stjórnvaldssektir, og í ákvörðun Neytendastofu frá 28. apríl 2010 nr. 21/2010 bannaði Neytendastofa Avant að nota samningsskilmála um beytilega vexti þegar það væri ekki að finna í lánsamningi upplýsingar um það við hvaða aðstæður og hvenær vextir myndu breytast.

stjórnsýslunnar áður en mál er borið undir dómstóla og er þetta ákvæði í samræmi við 1. mgr. 25. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 40. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.¹¹⁹

Vilji aðili ekki una úrskurði frá áfrýjunarnefndinni er hægt að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar hans og skal mál höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndar, þó ber að taka fram að málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar né aðfararheimild.¹²⁰ Ástæða þess að tekið er sérstaklega fram að málshöfðun fresti ekki gildistöku úrskurðar er vegna þess að málshöfðun getur tekið langan tíma og þá getur verið mikil óvissa í gangi ef málum væri háttáð á annan hátt.¹²¹

Í 30. gr. nll er að finna heimild fyrir Neytendastofu til þess að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna. Þá er í 31. gr. nll heimild Neytendastofu til þess að leggja á dagsektir ef aðilar fara ekki að ákvörðunum sem stofnunin hefur tekið samkvæmt lögum. Sambærilegt ákvæði er að finna í fyrrgreindum lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.¹²² Sætti aðili sig ekki við ákvörðun um dagsektir er hægt skjóta henni til áfrýjunarnefndar neytendamála, dagsektir reiknast ekki fyrr en áfrýjunarfrestur sem er 14 dagar er liðinn. Sé ákvörðun um dagsektir áfrýjað munu dagsektir ekki falla á aðila fyrr en niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar liggur fyrir, sbr. 3. mgr. 31. gr. Margar ákvarðanir Neytendastofu teljast til stjórnvaldsákvarðana, þegar Neytendastofa bannar ákveðna háttsemi, leggur á dagsektir eða tekur ákvörðun um stjórnvaldssektir eru það stjórnvaldsákvarðanir, þess vegna þarf Neytendastofa að fylgja reglum stjórnsýsluréttar þegar hún tekur ákvarðanir í slíkum málum.

Í 32. gr. nll er svo að finna ákvæði þar sem Neytendastofu er veitt heimild til þess að ljúka málum með sátt. Sé gerð sátt í málum er hún bindandi fyrir málsaðila þegar þeir hafa samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift.

Þá er að finna í 1. mgr. 33. gr. nll ákvæði sem skyldar lánveitendur til þess að veita neytanda upplýsingar um möguleg úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís vegna neytendaláns. Eins og áður kemur fram, sker Neytendastofa ekki úr um einkaréttarleg álitaefni eða kröfur um skaðabætur. Til þess að auðvelda neytendum að fá úr skorið um einkaréttarlegar kröfur geta þeir skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Að auki geta neytendur alltaf borið kröfur sínar undir dómstóla. Ástæða

¹¹⁹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 29. gr

¹²⁰ Sjá varðandi þetta 4., 5., 6., og 7. mgr. 29. gr. nll.

¹²¹ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 29. gr.

¹²² Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Þess að mögulegt er að fá úrskurð frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er sú að í 24. gr. tilskipunar 2008/48/EB er að finna ákvæði sem segir að aðildarríki eigi að sjá neytendum fyrir þeim möguleika að skjóta málum varðandi neytendalán til úrskurðaraðila, annars en dómstóla. Þá leggur tilskipunin einnig til að lánveitendum verði gert skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni.

4.7.1.1 Áfrýjunarnefnd neytendamála

Eins og áður kemur fram getur aðili sem er ósáttur við ákvarðanir Neytendastofu skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar neytendamála. Nefndin starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005. Með því að setja nefnd eins og þessa á fót er verið að stuðla að því að ákvarðanir sem eru teknar af stjórnslunni séu réttar. Hér er þá hægt að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Helstu kostirnir við þessa uppbyggingu eru að kærán er ódýr, skilvik og einföld.¹²³

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnustuúrskurðir og þá um leið aðfararhæfir, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005. Áfrýjunarnefnd neytendamála telst til sjálfstæðrar stjórnslunefndar og ákvarðanir sem eru teknar af slíkum nefndum er ekki hægt að skjóta til ráðherra og ráðherra gefur slíkum nefndum ekki bindandi fyrirmæli um úrlausn mála nema heimild til þess sé lögbundin.¹²⁴ Þegar talað er um sjálfstæða stjórnslunefnd er átt við nefnd sem er skipuð til hliðar við ráðuneytið og lýtur ekki stjórn þess.¹²⁵

4.7.1.2 Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Neytandi getur borið ágreining við lánveitanda undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefndin starfar samkvæmt samkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytis, Samtaka fjármálafyrirtækja og Neytendasamtakanna frá 8. júní 2000. Nefndin hefur sett sér ákveðnar samþykktir þar sem má finna reglur um störf hennar.¹²⁶ Viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni geta kvartað til nefndarinnar og leitað álits hennar á ágreiningsefnum. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og rökstuddir, sbr. 4. gr. samþykktanna. Þá kemur fram í 5. gr. samþykktanna að skilyrði fyrir meðferð hjá nefndinni sé að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns og að ekki

¹²³ Páll Hreinsson, Stjórnslulögin: skýringarit (Forsætisráðuneytið 1994) 251.

¹²⁴ sama heimild 261.

¹²⁵ sama heimild.

¹²⁶ Fjármálaeftirlitið „Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki” (Fjármálaeftirlitið) <<http://www.fme.is/media/urskurdanefndir/fjarmalafyrirtaeki/Samthykktir-nefndarinnar.pdf>> Sótt 26. nóvember 2016

hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Nefndin getur leyst úr einkaréttarlegum kröfum þegar lögbrot hefur verið staðfest af Neytendastofu. Eins og áður kemur fram hefur Neytendastofa ekki heimild til þess að ákvarða um skaðabætur eða einkaréttarlegar kröfur, en þessu til stuðnings má sjá ákvörðun Neytendastofu 12. mars 2009 nr. 6/2009.

Krafan sem neytandinn ber undir nefndina verður að vera hægt að meta til fjár og þá er það skilyrði að krafan sé ekki á sama tíma til meðferðar hjá almennum dómstólum eða gerðardómi, sbr. b. og d. liði 6. gr. samþykktanna. Í samþykktunum má einnig finna ákvæði þess efnis að krafan verði að vera skýr og málið vel upplýst svo möguleiki sé fyrir nefndina að taka málið til úrskurðar, sbr. e. lið 6. gr. samþykktanna. Ef framlagðar upplýsingar leiða til þess að málið sé ekki hæft til afgreiðslu hjá nefndinni, getur hún vísað því frá skv. 7. gr. samþykktanna. Fjármálafyrirtæki sem gerast aðilar að nefndinni skuldbinda sig þá um leið til þess að fylgja ákvörðunum hennar og greiða bætur sé það niðurstaða nefndarinnar, en hafi úrskurður nefndarinnar fordæmisgildi eða veruleg útgjöld í för með sér getur viðkomandi fjármálafyrirtæki tilkynnt nefndinni og aðila málsins að það muni ekki greiða bætur nema dómstóll skeri úr um ágreininginn, sbr. 12. gr. samþykktanna.

Til eru nokkur dæmi um að neytendur hafi leitað til nefndarinnar með einkaréttarlegar kröfur, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 17. maí 2005 nr. 2/2005 og 26. nóvember 2009 nr. 24/2009 en í þeim málum var deilt um hvort ákvæði laga nr. 121/1994 um neytendalán ættu við, en málin fjölluðu um uppgreiðslugjald og skaðabætur. Í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 22. desember 2009 nr. 22/2009 (sjá málsatvik í málinu í kafla 2.7 hér að framan) Var niðurstaða nefndarinnar að skuldabréfin færu gegn ákvæðum 6. og 9. gr. nl og varð því að víkja þeim til hliðar. Þá vísaði nefndin í 15. og 27. gr. nl og sagði að lánveitanda bæri skylda til þess að bæta neytendum það tjón sem þeir hefðu orðið fyrir vegna ofgreiðslu vaxta.

Með þessari breytingu geta neytendur þá fengið úrlausn um einkaréttarleg álitafni með því að fara með ágreining sinn til nefndarinnar, ef hún væri ekki til staðar hefðu aðilarnir þurft að bera ágreininginn undir dómstóla með tilheyrandi kostnaði og tíma sem málsmeðferð tekur.

4.7.2 Bótaskylda

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. getur brot gegn nll valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur bótaréttar. Í frumvarpinu er varð að lögunum kemur fram að ákvæðið sé samhljóða eldra ákvæði í lögum um neytendalán en í ákvæðinu sé gert ráð fyrir að gera megi aðila að greiða bætur vegna brota gegn ákvæðum laganna.¹²⁷

Í 2. mgr. segir svo: „Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara” Verði bætur dæmdar er heimilt að innheimta þær hjá þeim aðila sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðilanum sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið, sbr. 3. mgr. 27. gr. nll.

Af þessu má því sjá að til þess að neytandi geti átt rétt á bótum er það skilyrði að einhver starfsmaður sem starfar fyrir lánveitanda hafi brotið gegn lögunum með gáleysislegri hegðun sinni. Það er ekki skilyrði að sök sannist á einhvern tiltekinn starfsmann lánveitanda. Rétturinn til skaðabóta tengist ekki úrræðum Neytendastofu í lögunum, og geta þess vegna úrræði Neytendastofu ekki komið í veg fyrir að neytendur geti krafist skaðabóta eftir almennum reglum fyrir það tjón sem þeir telja sig hafa orðið fyrir.¹²⁸

Á Íslandi er ólögfest meginregla að maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur, ef það verður rakið til sakar hans.¹²⁹ Samkvæmt reglunni nægir gáleysi til þess að geta valdið bótaábyrgð en með gáleysi er almennt átt við óæskilega hegðun sem felur í sér töluverða hættu á tjóni.¹³⁰

Neytandi getur orðið fyrir töluverðu tjóni ef lánveitandi fylgir ekki ákvæðum laga um neytendalán, eins og dómur Hæstaréttar frá 16. júní 2010 (92/2010) og dómur frá 16. júní 2010 (153/2010) sýna fram á.

Í Hrd. 92/2010 var deilt um bílasamning sem var 100% gengistryggður og greiðslur tækju breytingum m.v. Libor vexti. Mánaðarlegar greiðslur hækkuðu stöðugt og á endanum gat lántaki ekki greitt af því. Í neytendalánalögunum sem voru í gildi þegar þessi tilvik áttu sér stað var ekki að finna heimild til þess að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og var ákvæðið í lánssamningum um þetta efni því ógilt. Hrd. 153/2010 fjallaði um samskonar samning og verður ekki farið nánar í hann hér. Af þessum dómum má leiða að með ákvæðum um bótaskyldu í nll sé verið að tryggja enn betur að tilgangi laganna sé náð og

¹²⁷ Alpt. 2012-2013, A-deild, þskj. 228 – 220. mál, athugasemdir við einstaka greinar, um 34. gr.

¹²⁸ Alpt. 1993-94, A-deild, þskj. 642 – 430. mál, athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, um 14. gr.

¹²⁹ Yfirleitt kölluð sakarreglan

¹³⁰ Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (Bókaútgáfa Orators 1999) 59.

um leið stuðla slík ákvæði að betri vernd í tengslum við réttindi neytenda þegar brotið er gegn þeim.

5. Áhrif breytinganna sem gerðar voru 2013

Nll eru mikilvægur þáttur í neytendavernd hér á landi og var markmiðið með lögnum eins og áður segir að auka neytendavernd og samræma lagaumhverfi við veitingu neytendalána. Eftir að löggin voru sett árið 2013 var upplýsingaskylda lánveitenda augin mjög, ásamt því að hámark var sett á áhk. Þá voru reglur sem fjalla um þær upplýsingar sem neytandinn á rétt á að fá við og fyrir lánessamningsgerð einnig skýrðar betur og bætt við þær.

Með nýju lögnum var aukið á svigrúm neytenda til þess að greiða lánið upp og falla frá lánessamningum óski þeir þess og þar sem nýju löggin ná til fleiri lánessamninga en þau eldri var fleiri neytendum gert kleift að leita réttar síns telji þeir brotið á sér. Með nll var gildissviðið útvíkkað, en gildissviðið laganna fylgdi gildissviði neytendalánatilskipunarinnar frá 2008 að mestu leyti. Þó ber að nefna að fasteignalán og lán að fjárhæð undir 200 evrum og yfir 75.000 evrum voru ekki undanskilin gildissviðinu í nll. Þetta varð til þess að svokölluð smálán féllu nú undir löggin. Þá voru einnig sett inn sérstök ákvæði varðandi lánamiðlara og lánshæfismat.

5.1. Áhrif á lánveitendur.

Í nefndarálti efnahags- og viðskiptanefndar sem var unnið í tengslum við gerð frumvarpsins kom fram að þessar auknu skyldur sem verið var að leggja á, gætu leitt til þess að kostnaður lánveitenda hækkaði og það gæti þá leitt til hækkunar vaxta- og lántökugjalda.¹³¹ Í umsögn sem Samtök fjármálafyrirtækja gerðu í tengslum við frumvarpið benda þau á, að ef fjármálafyrirtæki þyrftu að fara að framkvæma lánshæfismat á öllum viðskiptavinum sínum gæti komið til aukinn kostnaður vegna mikillar vinnu við gagnaöflun og töldu samtökin að með þessu væri verið að þrengja lánamöguleika skilvísra viðskiptavina að tilefnislausu.¹³² Afleiðing þessa er einnig að það getur tekið lengri tíma að afgreiða lánin en áður, en það er vegna þess að fjárhagsstaða viðskiptavinanna er skoðuð betur en áður.

Nokkrir viðskiptabankanna tóku upp nýtt gjald í kjölfar lagasetningarinnar, svokallað skjalagerðargjald, en það var tekið upp vegna samninga um yfirdráttarheimild. Gjaldið var sett á vegna aukinnar umsýslu við veitingu yfirdráttarlána.¹³³ Ekki er að sjá á heimasíðum viðskiptabankanna að slíkt gjald sé enn innheimt.

¹³¹ Alpt. 2012-2013, A-deild, þskj. 1060 – 220. mál, almennt um frumvarpið og tilurð þess, kafli 1.

¹³² Alpt. 2012-2013, B-deild, 220. mál, umsögn samtaka fjármálafyrirtækja við frumvarpið, erindi nr. Þ141/403.

¹³³ Ritsstjórn „Rukka 1200 kr í umsýslugjald vegna yfirdráttar“ *Viðskiptablaðið* (Reykjavík 8. desember 2013) <<http://www.vb.is/frettir/rukka-1200-kr-i-umsyslugjald-vegan-yfirdrattar/99443/?q=KR>> skoðað 11. nóvember 2016.

5.1.1. Smálánafyrirtækin

Fyrir smálánafyrirtækin voru helstu breytingarnar þær að eftirlit og viðurlög með þessum fyrirtækjum hefur stóraukist og réttindi neytenda sem taka smálán hafa verið bætt til muna. Þessu til viðbótar ber að nefna að með tilkomu hámarks á áhk hefur kostnaður við lántöku lækkað töluvert en á móti kemur að fyrirtækin bættu svokölluðu flýtigjaldi við kostnað neytenda en það var valkvætt hvort neytandinn vildi taka það eða ekki.

Flýtigjaldið var greitt fyrir þjónustuna sem snéri að lánshæfismati lántakenda en með því að greiða þetta aukagjald var hægt að fá lán afgreitt samdægurs.¹³⁴ Með þessu töldu smálánafyrirtækin að þau væru að veita viðbótarþjónustu sem mætti undanskilja sbr. g. lið. 1. mgr. 5. gr. nll. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 28/2014 bannaði Neytendastofa Kredia ehf. og Smálánnum ehf., að undanskilja kostnað af framkvæmd lánshæfismats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Neytendastofa taldi að Kredia ehf. og Smálán ehf., hefðu brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán með því að innheimta kostnað af lánnum sem nam 3.214,0% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Í ákvörðun 29/2014 komst Neytendastofa að sömu niðurstöðu varðandi Múla, Hraðpeninga og 1909. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti svo ákvörðun Neytendastofu nr. 28/2014 með úrskurði nr. 13/2014 og ákvörðun Neytendastofu nr. 29/2014 var staðfest af áfrýjunarnefndinni með úrskurði nr. 14/2014.

Fyrirtækin Kredia ehf. og Smálán ehf. tóku þá ákvörðun að fylgja ekki þessu banni Neytendastofu en í janúar 2015 ákvað Neytendastofa að nýta dagsektarúrræðið sem er að finna í 31. gr. nll og lagði á fyrirtækin dagsektir, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2015. Héraðsdómur hefur svo staðfest þá niðurstöðu Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála að smálánafyrirtækin Kredia og Smálán hafi brotið gegn lögum um neytendalán með innheimtu flýtigjalds, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 2016 í máli nr. E-1935/2015. Þar fjallar dómurinn einnig um hvort hámark áhk sé andstætt Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eins og smálánafyrirtækin héldu fram en kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Smálánafyrirtækin töldu að ákvæði laga um neytendalán, einkum þó 26. gr. gangi of langt og stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnræði, friðhelgi eignaréttar og atvinnufrelsi. Dómurinn taldi að tilgangur löggjafans með lögfestingu 26. gr. nll hafi verið að vernda neytendur gegn ofurvöxtum. Hann taldi að ákvæðinu væri ekki beint sérstaklega að starfsemi stefnanda þó svo að ákvörðun löggjafans hefði vissulega áhrif á starfsemi stefnanda og annarra sem stundi sambærilega starfsemi, um leið taldi dómurinn að löggjafinn hefði víðtækt vald til þess að banna eða takmarka starfsemi sem teldist skaðleg eða óæskileg þó svo

¹³⁴ Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 21. nóv 2014 (13/2014)

að það feli í sér almennar takmarkanir á eignarrétti eða atvinnufrelsi. Af þessum ástæðum hafnaði dómurinn því að 26. gr. nll hefði ekki stjórnskipulegt gildi eða að brotið hefði verið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum stefnanda.

Eftir þetta breyttu fyrirtækin um stefnu en núna reka smálánafyrirtækin rafbókasölu og eru flýtigjöldin svonefndu ekki lengur í boði. Á heimasíðum fyrirtækjanna kemur nú fram að þau hafi verið stofnuð til þess að „veita almenningi aðgang að stóru rafbókasafni okkar og veita viðskiptavinum lán á góðum kjörum.“¹³⁵ Þegar þetta er skoðað nánar kemur í ljós að verð tveggja bóka hjá fyrirtækjunum nemur sömu upphæð og áður nefnd flýtiþjónusta kostaði viðskiptavinum fyrirtækjanna. Hér ber að hafa í huga að ekki er hægt að taka lán hjá fyrrnefndum fyrirtækjum nema kaupa bók.¹³⁶ Leiða má líkur að því að rafræn bóksala geti talist viðbótarþjónusta sem skylt er að taka. Af heimasíðum smálánafyrirtækjanna má sjá að einungis er hægt að fá lán ef rafbók er keypt. Samkvæmt skilgreiningu á heildarlántökukostnaði og dómi Evrópu dómstólsins EBD í máli C-143/13 (Volksbank)¹³⁷ er líklegt að telja þurfi greiðslu vegna rafrænna bókakaupa með þegar áhk er reiknuð.

Neytendastofa tók nýverið ákvarðanir gagnvart fyrirtækjunum þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að kaupverð rafbóka skyldi meðhöndlað sem kostnaður við lántöku sem aftur leiðir til þess að kostnaður af láni fer yfir leyfilegt hámark áhk. Þessa niðurstöðu má finna í ákvörðunum 16/2016 og 17/2016 og 59/2016. Í málunum óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum og gögnum sem vörðuðu veitingu lána samhliða rafbókarkaupum. Gögnin skiluðu sér ekki innan tilskilins frests og fór Neytendastofa aftur fram á að fá þessi gögn afhent. Þegar gögnin voru loks afhent Neytendastofu vöknudu þar ýmsar spurningar sem var svo beint til fyrirtækjanna. Þær snérist aðallega um upplýsingagjöf fyrirtækjanna til lántaka og hvers vegna kostnaður vegna bókana væri ekki reiknaður inn í heildarlántökukostnað. Neytendastofa taldi að fyrirtækin hefðu brotið gegn tilteknum liðum 2. mgr. 4. gr. nll, tilteknum liðum 2. mgr. 12. gr. nll, 21. gr. nll og 26. gr. nll. Að auki kom Neytendastofa inn á það, að þær bækur sem smálánafyrirtækin seldu og skilyrtu kaup á við lánveitingu væru bækur þar sem höfundaréttur væri fallinn niður og bækurnar því aðgengilegar almenningi á netinu án greiðslu. Að auki var fjallað um að kaupverð bókana væri mjög sambærilegt þeim kostnaði sem fyrirtækin kröfðu neytendur um áður sem flýtigjald. Niðurstaða Neytendastofu var að þetta gæti ekki talist valkvæð viðbótarþjónusta og vegna þessa ætti að taka með þessar fjárhæðir þegar áhk væri reiknuð. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvarðarnir

¹³⁵ Smálán, „Um okkur“ <<https://smalan.is/um-okkur>> skoðað 15. nóvember 2016.

¹³⁶ Kredia, „Almennir skilmálar E-content“ <<https://kredia.is/skilmalar>> Sjá skilmála fyrir lán, lið 1 upplýsingar.

¹³⁷ Fjallað er um málið í kafla 4.5.1

Neytendastofu í málum 16/2016 og 17/2016 með úrskurði nr. 3/2016, að því undanskildu að felldir eru úr gildi þeir hlutar þeirra er lúta að brotum Kredia ehf. og Smálána ehf. gegn 1. mgr. og d. og f. lið 4. mgr. 7. gr. og a., c., f., j., q., s., t. liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013. Ekki er komin úrskurður frá áfrýjunarnefndinni varðandi ákvörðun 59/2016.

5.2. Áhrif á lántaka

Með gildistöku nýju laganna varð talsverð réttarbót fyrir neytendur. Meðal þess sem breyttist fyrir lántakendur er að aukin krafa var sett á þá um að þær upplýsingar sem þeir veita séu réttar sbr. 10. gr. nll.

Búið er að auðvelda ferlið ef lántakandi ætlar að fá úrlausn í máli ef upp kemur ágreiningur en með nýju lögunum er að finna í 33. gr. ákvæði sem fjallar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli neytenda og lánveitenda. Eftir gildistöku ákvæðisins geta neytendur skotið ágreiningi varðandi fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þetta var gert til þess að auðvelda neytendum að leita lausna á ágreiningi ef hann kemur upp í viðskiptum þeirra við fjármálafyrirtækin, og er þetta bæði fljótlegri og hagstæðari leið en að fara fyrir dómstóla.

Í nll voru einnig sett inn ákvæði sem eiga að auðvelda lántakanda að greiða upp lán sé vilji til þess. Heimilt er að krefjast uppgreiðslugjalds en settar voru reglur um það og hversu hátt það mætti vera. Þá var einnig bætt inn ákvæði varðandi það ef lántakandi vill hætta við lántöku.¹³⁸ Í þessu felst eins og áður segir mikil réttarbót fyrir neytendur.

5.3. Hefur lögunum verið beitt af úrskurðaraðilum eða dómstólum?

Í nokkrum tilfellum hefur nll verið beitt um álitafni sem komið hafa upp og verður nú farið yfir þau til þess að sjá hvernig þróunin hefur verið eftir að lögin voru samþykkt árið 2013.

Í þessu samhengi ber fyrst að nefna ákvarðanir Neytendastofu nr. 28 og 29/2014, en eins og áður kemur fram var deilt um svokallað flýtigjald sem smálánafyrirtækin lögðu á en töldu ekki með í heildarlántökukostnaði. Neytendastofa taldi að með því væru fyrirtækin að brjóta gegn ákvæðum nll er vörðuðu hámark áhk og bönnuðu þetta flýtigjald. Úrskurðarnefnd áfrýjunarmála staðfesti svo þessa ákvörðun í úrskurðum 13 og 14/2014. Neytendastofa beitti svo þeim úrræðum sem henni var veitt heimild til með nll í ákvörðun 3/2015 og lagði dagsektir á tvö smálánafyrirtækjanna sem breyttu ekki starfsemi sinni eftir fyrri úrskurðina. Hér ber einnig að nefna að Héraðsdómur hefur staðfest þessar ákvarðanir sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 2016 í máli nr. E-1935/2015 sem er reifaður í kafla 6.1.1.

¹³⁸ Sjá varðandi þetta 16. gr. nll.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 16/2016 og 17/2016 og 59/2016 sem er stuttlega minnst á hér að framan, óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum og viðeigandi gögnum í tengslum við veitingu neytendalána samhliða kaupum á rafbókum. Eftir að Neytendastofa fékk þær upplýsingar sem hún taldi fullnægjandi, stóð eftir það álitafni hvort rekstraraðili smálánafyrirtækjanna uppfyllti skilyrði nll við lánveitingu til neytenda. Í þessu tilviki var aðallega skoðað staðlað eyðublað sbr. 7. gr. nll, lánssamningurinn sbr. 12. gr. nll og útreikningur heildarlántökukostnaðar og áhk. Niðurstaða Neytendastofu var sú að smálánafyrirtækin hefðu brotið gegn c., e., g., og l. liðum 4. mgr. 7. gr. nll með ófullnægjandi upplýsingagjöf í stöðluðu eyðublaði. Þessu til viðbótar voru fyrirtækin talin hafa brotið gegn e., g., h., l., q., og v., liðum 2. mgr. 12. gr. nll með því að hafa ekki veitt fullnægjandi upplýsingagjöf í lánssamningi, og þá var einnig talið brot gegn 21. gr. nll með því að hafa ekki talið kaupverð bóka til kostnaðar við lánveitingu og að lokum talið að fyrirtækin hefðu brotið gegn 26. gr. nll með því að skilyrða lántöku við greiðslu kostnaðar svo næmi hærri árlegri hlutfallstölu kostnaðar en 50% að viðbættum stýrivöxtum. Neytendastofa beindi þeim tilmælum til fyrirtækjanna að tryggja að upplýsingagjöf þeirra standist ákvæði nll, ásamt því að reikna kaupverð bóka með inn í heildarlántökukostnað og áhk. Þá var fyrirtækjunum bannað að krefja neytendur um greiðslu kostnaðar sem leiddi til hærri árlegrar hlutfallstölu kostnaðar en 50% að viðbættum stýrivöxtum og jafnframt lögð stjórnvaldssekt á fyrirtækin. Eins og fram kemur hér að ofan, hefur áfrýjunarnefnd neytendamála staðfest ákvarðanir 16/2016 og 17/2016 að undanskildum nokkrum atriðum sem eru tiltekin hér að framan.

Höfundur fór á fund hjá Neytendastofu við gerð þessarar ritgerðar og kannaði hvort raunin væri sú að lögunum hefði einungis verið beitt af úrskurðaraðilum í tengslum við smálán. Þórunn Anna Árnadóttir sviðsstjóri neytendasviðs, sagði að það hefði þó nokkuð reynt á lögin síðan þau voru sett en hins vegar hafi ekki mörgum málum lokið með ákvörðun. Það er vegna þess að í flestum tilvikum hafi fyrirtækin sem hafi komið til skoðunar farið að ábendingum Neytendastofu. Þegar upp komi svona tilvik sé oftast um vanþekkingu að ræða og það sé algengt þegar ný löggjöf tekur gildi að fyrirtækjum sé leiðbeint án þess að gripið sé til íþyngjandi aðgerða.¹³⁹ Þessu til stuðnings er gott að skoða ársskýrslu Neytendastofu fyrir árið 2014 en þar kemur fram að mál sem vörðuðu neytendalán og áhk hafi verið fyrirferðamikil á árinu.¹⁴⁰

¹³⁹ Þórunn Anna Árnadóttir og Matthildur Sveinsdóttir, Neytendastofu, viðtal við höfund (23. nóvember 2016).

¹⁴⁰ Neytendastofa, „Ársskýrsla Neytendastofu 2014“ (Neytendastofa e.d. 2014) 7.

<http://www.neytendastofa.is/library/Files/Stjornsyslusvid/arsskyrsla2014_heild_jul.pdf> Sótt 10. nóvember 2016.

Neytendastofa tók ákvörðun í máli er varðaði útreikning heildarlántökukostnaðar og útreiknings áhk með tilliti til verðbóta og er hún nr. 8/2014. Í þessu máli ákvað Neytendastofa að Íslandsbanki hefði brotið gegn lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum nr. 57/2005 og ákvæðum laga um þágildandi neytendalán með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og setja inn 0% sem verðbótaforsendu við útreikning hlutfallstölunnar og framlagningu upplýsinga við lánveitinguna til kvartanda. Hér er áhugavert að nefna að Hæstiréttur var ekki sammála Neytendastofu sbr. Verðtryggingardómana sem eru reifaðir í kafla 4.4.

Í fyrirnefndri ársskýrslu kemur fram að stofnunin hafi tekið til skoðunar mál er vörðuðu auglýsingar og kynningar fyrirtækja sem selja vörur og samhliða kaupunum sé boðið upp á að greiða fyrir vöruna með neytendaláni sem veitt er með greiðslukorti. Í mörgum tilfellum kom í ljós að áhk var rangt reiknuð eða hana skorti í auglýsingum fyrirtækjanna. Málin voru þó yfirleitt leyst á þann hátt að fyrirtækin bættu úr þeim göllum sem Neytendastofa benti á áður en til ákvörðunar kom.¹⁴¹

Af þessari yfirferð má sjá að gerð er rík krafa um að upplýsingaskyldunni sé fylgt og hversu mikilvægt er að áhk sé reiknuð út á réttan hátt. Í samtali við starfsmenn Neytendastofu kom fram að flestar lánastofnanir hefðu aðlagð sig mjög fljótlega að nýjum lögum, nokkuð hafi verið um fyrirspurnir fyrst um sinn en fyrirtækin hafi fylgt öllum leiðbeiningum sem komu frá Neytendastofu.¹⁴²

¹⁴¹ Þórunn Anna Árnadóttir og Matthildur Sveinsdóttir, Neytendastofu, viðtal við höfund (23. nóvember 2016).

¹⁴² sama heimild.

6. Ný lög um fasteignalán til neytenda

Þann 20. október 2016 voru samþykkt lög á Alþingi um fasteignalán. Lögin eru nr. 118/2016 (hér eftir fl). Í 1. gr. þeirra kemur fram að markmið laganna sé að tryggja neytendavernd og stuðla að ábyrgum lánveitingum.

Frumvarpsdrögin voru samin af nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði árið 2014. Frumvarpið átti að taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði.¹⁴³

Þegar löggjöfin á fjármálamarkaðnum var endurskoðuð var horft mikið til lánveitinga til neytenda vegna fasteignakaupa, að hluta til vegna þess að lán til kaupa á fasteign er oft ein stærsta skuldbinding heimila. Þá eru fasteignalán og miðlun þeirra eitt helsta hlutverk fjármálafyrirtækja og -markaða. Vegna þessa var talið að umbætur á lagaákvæðum varðandi þetta efni ættu að taka bæði til laga og reglna sem gilda um veitingu lána og einnig hvernig slík lán séu fjármögnuð og farið með þau innan fjármálafyrirtækja.¹⁴⁴ Lögin fela fyrst og fremst í sér upptöku á efnisreglum tilskipunar 2014/17/EB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði.

Lögin fjalla um veitingu fasteignalána til neytenda í atvinnuskyni en lánveiting telst vera í atvinnuskyni hvort sem um er að ræða aðal- eða aukastarfsemi, sbr. 2. gr. laganna. Þó ber alltaf að hafa í huga undanþágur sem fjallað er um í 3. gr. ef verið er að skoða hvort tiltekinn samningur falli undir lögin.

Þegar fjallað er um fasteignalán í lögunum er átt við lán sem veitt er í atvinnuskyni til neytenda, sem annars vegar er lán tryggt með veði eða annarri tryggingu í íbúðarhúsnæði eða með réttindum sem tengjast íbúðarhúsnæði og hins vegar lán sem eru veitt í þeim tilgangi að kaupa eða viðhalda eignarrétti á fasteign.¹⁴⁵ Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um svokölluð seljandalán en þá lánar seljandi viðkomandi fasteignar kaupanda fyrir kaupverðinu. Í þessu tilfelli skiptir ekki máli hvort lánið sé aðeins fyrir hluta eða allri fasteigninni, en þegar verið er að meta hvort slík láni falli undir lögin þarf að skoða hvort lánveitingin sé gerð í atvinnuskyni eða ekki. Með þessu var verið að reyna að fella fleiri lánveitingar undir gildissvið laganna en það var ekki talin minni þörf á neytendavernd þó svo að lánveitandi væri almennt fyrirtæki, verktaki eða einstaklingur. Ef allar slíkar lánveitingar þyrftu ekki að fylgja reglum laganna væri staðan sú að ekki þyrfti að framkvæma greiðslumat fyrir slík lán, þá væru einnig aðrar reglur sem ætlað er að tryggja hagsmuni neytenda sem ættu ekki við, s.s. neytandi ætti ekki

¹⁴³ Alþt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafli II.

¹⁴⁴ sama heimild.

¹⁴⁵ Sjá 4.lið 4. gr. fl.

rétt á að falla frá samningi innan 14 daga, hann ætti sömuleiðis ekki rétt á upplýsingum um vaxtabreytingar eða að greiða upp lánið fyrir gjalddaga ofl.¹⁴⁶

Í lögnum er fjallað um áhk í nokkrum ákvæðum en í frumvarpinu kemur fram að frá árinu 2001 hafi lánveitendum verið skylt að veita upplýsingar um áhk í tengslum við fasteignalán. Í frumvarpinu kemur einnig fram að ekki sé lögð til efnisbreyting á því hvernig áhk er reiknuð út. Í tilskipuninni sem lögnum var ætlað að innleiða er gert ráð fyrir að í tveimur tilvikum sé neytanda veittur viðbótarútreikningur á áhk, annars vegar þegar samningar um fasteignalán fela í sér breytilega vexti og er viðbótarútreikningur áhk þá ætlað að sýna hvernig veruleg hækkun vaxta hefur á kostnað lánsins og hins vegar ef samningar um fasteignalán kveður á um fasta vexti í ákveðinn tíma og svo er samið að nýju um vexti að þeim tíma liðnum til ákveðins tímabils.¹⁴⁷

Í 16. gr. fll er svo að finna ákvæði sem skyldar lánveitanda eða lánamiðlara til þess að útskýra fyrir neytanda áður en samningur um fasteignalán er gerður, þær upplýsingar sem skylt er að veita honum skv. 13–15. gr. fll Í VI. kafla laganna er fjallað um lánshæfis- og greiðslumat en eins og í neytendalánum er skylt að framkvæma slíkt mat nema sérstakar undantekningar eigi við og eru þær taldar upp í 23. gr. laganna.

Ásamt þessu er fjallað um veðsetningarhlutföll, starfskjör starfsmanna hjá lánastofnunum, uppgreiðsluákvæði, lánaráðgjöf og lánamiðlara.¹⁴⁸

6.1 Tilskipun 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði

Allt frá árinu 2003 hefur framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skoðað hvort þörf sé á aðgerðum til þess að styrkja enn betur innri markaðinn í tengslum við veitingu fasteignalána. Þessi skoðun leiddi til þess að Hvítbók um samræmingu evrópsks fasteignaveðlánamarkaðar var gefin út árið 2007.¹⁴⁹ Í framhaldi af þessu voru skipaðir sérfræðingahópar sem aðstoðuðu við mótun frekari tillagna.

Drög að tilskipun varðandi umgjörð fasteignalána í Evrópu voru svo birt árið 2011 en eftir að framkvæmdastjórn, ráðherraráðið og Evrópuþingið fóru yfir þau saman var þeim breytt töluvert. Þegar þessar breytingar voru gerðar var horft til þess að tilskipunin ætti að auka neytendavernd, auðvelda viðskipti yfir landamæri og um leið var lögð áhersla á að tryggja fjármálastöðugleika. Úr varð að árið 2014 var lögð fram tilskipun sem varðaði

¹⁴⁶ Alþt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál, Megin efni frumvarpsins - seljandalán, kafli III

¹⁴⁷ Alþt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál, Megin efni frumvarpsins – árleg hlutfallstala kostnaðar, kafli III

¹⁴⁸ sama heimild.

¹⁴⁹ e. *White Paper on the Integration of EU Mortgage Credit Markets.*

lánssamninga við neytendur sem tengjast fasteignum. Hún á að tryggja að til staðar sé markaður með fasteignalán sem nær yfir öll ríki innri markaðar ESB og EES. Tilskipunin kveður á um lágmarkssamræmingu en þá mega reglur aðildarríkja ganga lengra en tilskipunin kveður á um. Þó ber að nefna að frá þessu er undantekning en hún á við um nokkur ákvæði sem varða upplýsingaskylduna.¹⁵⁰

Markmiðið með þessari tilskipun var að efla traust neytenda á lánveitendum og með bættri upplýsingagjöf, betra greiðslumati og traustari ráðgjöf á þetta að takast.¹⁵¹ Í tilskipuninni er fjallað um þær upplýsingar sem skylda er að veita neytendum sbr. 8. gr., og 14. gr. Í henni er að finna reglur og staðla varðandi veitingu þjónustu, hér er t.d. átt við viðskiptahætti, hæfi starfsfólks og annað slíkt sbr. 7. og 9. gr. Þá er einnig að finna skýrar kröfur um greiðslumat sbr. 6. kafla tilskipunarinnar. Um uppgreiðslu lána er fjallað í 25. gr., og ber sérstaklega að nefna að tilskipunin tryggir að óheimilt sé að skilyrða lánveitingu öðrum viðskiptum við lánveitanda en þó eru til einstaka réttlætunleg tilvik sbr. 2. mgr. 12. gr. Í tilskipuninni er einnig að finna ákvæði sem banna vissar samkeppnishamlandi aðgerðir.

Áhrif tilskipunarinnar eiga að vera aukið gagnsæi þegar lán er tekið en með meiri og betri upplýsingagjöf í auglýsingum og áður en samningur er gerður er ætlunin að ná því fram. Í þessum upplýsingum þarf að kynna sérstaklega eiginleika lánsins, t.d. breytilega vexti eða annað slíkt. Eftir að tilskipunin tók gildi á að vera auðveldara fyrir neytendur að flytja viðskipti sín milli fjármálastofnanna, án þess að það geri þeim erfiðara fyrir að taka lán við hæfi en þetta er tryggt með áðurnefndri 12. gr.

6.2. Helstu breytingar frá gildandi rétti

Með gildistöku fll var þó nokkuð um breytingar á gildandi rétti. Í þessu samhengi ber fyrst að nefna að sett var inn ný krafa um að starfskjör starfsmanna lánveitenda og lánamiðlara eigi ekki að hafa áhrif á hæfi þeirra til að stunda góða viðskiptahætti og jafnframt er gerð sérstök krafa um að starfskjör þeirra séu ekki árangurstengd. Starfsfólk lánveitanda eða lánamiðlara þarf einnig að hafa ákveðna grunnþekkingu en gert er ráð fyrir ákveðnu svigrúmi við innleiðingu á þessu. Í frumvarpinu sem varð að lögunum er lagt til að til 21. mars 2019 verði heimilt að horfa eingöngu til reynslu viðkomandi starfsmanns við mat á þekkingu hans og hæfni þegar verið er að ráða starfsfólk til þess að starfa á vegum lánveitenda og lánamiðlara þegar verið er að veita fasteignalán.¹⁵²

¹⁵⁰ Alpt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál, tilefni og nauðsyn lagasetningar, kafla II.

¹⁵¹ sama heimild.

¹⁵² Alpt. 2015-2016, A – deild, þskj. 519 – 338. mál, helstu breytingar frá gildandi rétti, kafla IV.

Mikil áhersla er lögð á hvernig útskýra skuli samninga um þau fasteignalán sem í boði eru og um leið er fjallað sérstaklega um hvernig lánaráðgjöf eigi að fara fram. Þá er einnig nýmæli að sett sé í reglur að óheimilt sé að binda samning um fasteignalán eða lánstilboð við kaup á annarri þjónustu frá lánveitanda. Lánveitanda er þó heimilt að bjóða fasteignalán þar sem neytandi á einnig kost á að gera samning um kaup á annarri afurð eða þjónustu frá honum.¹⁵³

Ekki eru öll ákvæðin aðeins breyting fyrir lánveitendur, heldur er gerð krafa um að neytandi þurfi að uppfylla strangari kröfur þegar verið er að framkvæma greiðslumat í tengslum við fasteignalán í erlendri mynt. Hins vegar mega lánveitendur, á grundvelli frekari upplýsinga eða aukinnar tryggingar frá neytendum, veita lán þrátt fyrir neikvætt greiðslumat. Að vissum skilyrðum uppfylltum skal heimila neytanda að breyta eftirstöðvum láns sem veitt er í erlendum gjaldmiðli sé hann óvarinn fyrir gjaldeyrisáhættu.¹⁵⁴

Í lögunum er gerð sú krafa til lánamiðlara að þeir skrái sig hjá Fjármálaeftirlitinu og er lögð sú skylda á þá að þeir eigi aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til þess að setja reglur um hámark veðsetningarhlutfalls eftir tilmæli frá fjárstöðugleikaráði. Reglur um uppgreiðslugjald héldust að mestu óbreyttar frá því sem var samkvæmt nll, þó var gert ráð fyrir því að lækka þá fjárhæð sem lánveitendum er heimilt að innheimta en markmiðið með þeirri breytingu var að stuðla að auknu framboði lána með föstum vöxtum. Þá voru einnig lögfest úrræði hvað varðar lausnir fyrir neytendur áður og eftir að fasteign er seld á nauðungarsölu.¹⁵⁵

Hér hefur þá verið farið yfir helstu breytingarnar sem lögunum var ætlað að ná fram, en eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan er helsta markmiðið að auka vernd neytenda þegar þeir taka fasteignalán en það er, eins og áður segir, ein stærsta fjárfesting sem margir fara út í á lífsleiðinni. Einnig var ætlunin að auka ábyrga lánveitingu. Hér ber þó að hafa í huga að lögin eru nýsamþykkt og taka ekki gildi fyrirren 1.apríl 2017. Þó verður að telja að með lögunum sé verið að auka enn frekar á vernd fyrir neytendur þegar þeir taka lán í tengslum við fasteignakaup og með auknum upplýsingum geti neytendur tekið upplýstar ákvarðanir varðandi fasteignalán.

¹⁵³ sama heimild.

¹⁵⁴ sama heimild.

¹⁵⁵ sama heimild.

7. Samantekt og niðurstaða

Neytendalánalög hafa tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Markmiðið með lögnum er að auka neytendavernd í lánaviðskiptum hér á landi. Eins og fram kemur hér að framan er mikilvægt að fara í gegnum aðdraganda laganna til þess að fá betri mynd af því hvers vegna löggin eru eins og þau eru í dag. Ástæðan fyrir því að reglur og lög eru sett um neytendalán er að vernda neytendur. Lögnum er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstir og geti þá betur lagt mat á það hvort þjónustan sem í boði er henti þeim. Evrópusambandið hefur sett nokkrar tilskipanir er varða neytendalán og hefur Ísland innleitt þær eftir að þær hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Þessar tilskipanir hafa haft mikil áhrif á hvernig reglur um neytendarétt eru hér á landi.

Helsta markmiðið með þessari ritgerð var að kanna hvernig lögnum hefði verið beitt í gegnum tíðina af úrskurðaraðilum og dómstólum og bera það svo saman við hvernig framkvæmdin er í dag. Til þess að framkvæma það voru nll skoðuð ítarlega ásamt lögskýringargögnum. Helstu dómur og ákvarðanir sem snúa að neytendalánnum fjalla um upplýsingaskylduna sem lögð er á lánveitendur. Eftir þessa skoðun er skýrt að upplýsingaskyldan er einn stærsti þátturinn í lögnum og að með henni sé verið að vernda neytendur og þar með fylgja markmiðum laganna. Með nll var þessi skylda aukin þó nokkuð en ekki er að sjá að slíkt hafi haft í för með sér fleiri deilumál en áður. Eftir gildistöku nll virðast stærstu viðskiptabankarnir hafa breytt verklagi innan stofnananna og aðlagð sig fljótt nýjum reglum en þeir gera flesta lánessamninga hér á landi.

Áhk gegnir stóru hlutverki í nll og því er fjallað ítarlega um hana. Hlutfallstalan hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar í ákveðnu formi um það lán sem er til skoðunar. Jafnframt á áhk að sýna neytanda raunhæfa mynd af þeim kostnaði sem fylgir láninu. Lánveitendum ber að veita upplýsingar um hlutfallstöluna á öllum stigum lánveitingar. Í dómunum sem eru raktir um áhk má sjá að Evrópudómstóllinn telur að dómstólar heimaríkis þurfi að skýra neytendalánatilskipunina samhliða landslögum heimaríkis þannig að óheimilt sé að innheimta greiðslu vaxta og kostnaðar ef áhk er ekki gefin upp í samningi þeirra á milli sbr. Mál nr. C-76/10 (Pohotovost). Í máli er varðaði áhk taldi Héraðsdómur í máli E-4521/2013 að þrátt fyrir að hlutfallstala hefði ekki verið gefin upp í lánessamningi væri það ekki sjálfkrafa þannig að þá væri óheimilt að innheimta greiðslu vaxa og kostnaðar, að auki kom dómurinn sérstaklega inn á að útreikningur á áhk væri byggður á áætlun þar sem tiltekin atriði væri ekki hægt að mæla þegar útreikningurinn er gerður. Túlkun dómstólanna virðist að þessu leyti ekki vera alveg sambærileg. Þessi niðurstaða gæti verið umdeilanleg í ljósi þess að

neytendalánalög eru sett til þess að vernda neytendur og virðist vera vegið að því með þessari niðurstöðu.

Með gildistöku nll voru gerðar ýmsar breytingar frá því sem áður var og ber helst að nefna útvíkkað gildissvið. Það hefur þó tekið breytingum aftur en fasteignalán hafa nú verið undanskilin frá nll með setningu nýrra laga um fasteignalán. Smálán voru felld undir nll og eftirlit með þeim fyrirtækjum var stóraukið en áður en nll tóku gildi var ekki mikið eftirlit með smálánafyrirtækjunum.

Hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar var innleitt með lögnum en það ákvæði hefur víðtækustu áhrifin á fyrrnefnd smálánafyrirtæki. Margar umsagnir bárust þegar frumvarpið er varð að nll var tekið fyrir og virðast margir umsagnaraðilar telja að löggjafinn hafi gengið ansi langt í afskiptum sínum af lánsamningum milli aðila með því að setja hámark á áhk. Þessar athugasemdir hafa verið teknar fyrir í Héraðsdómi sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 2016 í máli nr. E-1935/2015 en hann er reifaður í kafla 6.1.1. Eflaust er hægt að deila frekar um það hvort löggjafinn hafi gengið of langt en ekki verður farið nánar í það hér.

Breytingarnar sem gerðar voru með nll hafa haft mikil áhrif og þá sérstaklega á smálánafyrirtækin. Þær ákvarðanir sem hafa verið teknar eftir gildistöku nll og eru byggðar á ákvæðum laganna, varða allar smálán. Þær snúast um upplýsingaskylduna sem smálánafyrirtækin uppfylla ekki samkvæmt lögnum og aðferðir þeirra við að finna út heildarlántökukostnað og reikna áhk í framhaldi af því.

Af þessari umfjöllun má sjá að flest fyrirtæki virðast hafa breytt verklagi sínu til þess að uppfylla þær kröfur sem löggin gera. Með útvíkkuðu gildissviði heyra flestir lánsamningar nú undir löggin og njóta fleiri neytendur en áður þeirrar verndar sem þau kveða á um. Ljóst er að þetta réttarsvið er í mikilli þróun innan Evrópusambandsins og mun landsréttur halda áfram að þróast samhliða því.

Heimildaskrá

Arnlfótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (Bókaútgáfa Orators 1999)

Atvinnuvegaráðuneytið, „Frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja, o. fl. (Atvinnuvegaráðuneytið) <<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/ Acrobat/Smalanafrv151110.pdf>> skoðað 15. október 2016

Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson, *Neytendaréttur* (Codex 2009)

Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson, *Kauparéttur: skýringar á lögum um lausafjárkaup og lögum um neytendakaup* (Codex 2006)

Commission Staff Working Document, „Guidelines on the application of Directive 2008/48/EC (Consumer Credit Directive) in relation to costs and the Annual Percentage Rate of Charge“ (European commission, Brussels, 5. ágúst 2012) <http://ec.europa.eu/consumers/archive/rights/docs/guidelines_consumer_credit_directive_sw_d2012_128_en.pdf> skoðað 11. mars 2016

Dr. Gloria M. Soto, „Study on the application of the annual percentage rate of charge for consumer credit agreements“ (European Commission. Directorate-General Health and Consumer Protection, október 2013) <http://ec.europa.eu/consumers/documents/study_apr_2013_final.pdf> skoðað 15. nóvember 2016

Fjármálaeftirlitið, „Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki“ (jún 2000) <<http://www.fme.is/media/urskurdanefndir/fjarmalafyrirtaeki/Samthykktir-nefndarinnar.pdf>> skoðað 26. nóvember 2016

Fjármálaeftirlitið, „Hlutverk fjármálaeftirlitsins“ (*Fjármálaeftirlitið*) <[http://www.fme.is\(um-fme/hlutverk-fme/](http://www.fme.is(um-fme/hlutverk-fme/)> skoðað 15. október 2016

Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur, Rit II* (Reykjavík 1978-1980)

Hans-W. Micklitz, Norbert Reich og Peter Rott, *Understanding EU consumer law* (Oxford : Intersentia 2009)

Kredia, „Almennir skilmálar E-content“ (*Kredia*) <<https://kredia.is/skilmalar>> skoðað 15. nóvember 2016

Landsbankinn „Ný lög um neytendalán taka gildi“ (31. október 2013 Landbankinn) <<https://www.landsbankinn.is/frettir/2013/10/31/Ny-log-um-neytendalan-taka-gildi/?p=93>> skoðað 10. desember 2016

Lennart Lyngé, *Lov om kreditaftaler* (København : Thomson GadJura 2001)

Neytendastofa, „Ársskýrsla Neytendastofu“ (Neytendastofa, 2014) <http://www.neytendastofa.is/library/Files/Stjornsyslusvid/arsskyrsla2014_heild_jul.pdf> skoðað 11. október 2016

Neytendastofa, „Neytendalán - áður en lánsamningur er gerður“ (*Netendastofa*)
<<http://www.neytendastofa.is/neytendur/neytendalan/adur-en-samningur-er-gerdur/>> skoðað
23. nóvember 2016

Páll Sigurðsson, *Lagaþættir III* (Háskólaútgáfan í Reykjavík 1994)

Páll Sigurðsson, *Stjórnsýslulögin: skýringarrit* (Forsætisráðuneytið 1994)

Ritstjórn, „Rukka 1200 kr í umsýslugjald vegna yfirdráttar“ (*Viðskiptablaðið*, 12. ágúst 2013)
<<http://www.vb.is/frettir/rukka-1200-kr-i-umsyslugjald-vegan-yfirdrattar/99443/?q=KR>>
skoðað 11. nóvember 2016

Smálán, „Um okkur“ (*Smálán*) <<https://smalan.is/um-okkur>> skoðað 15. nóvember 2016

Starfshópur á vegum viðskiptaráðherra, „Skýrsla um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku
o.fl.“ (Atvinnuvegaráðuneytið, Desember 2007)
<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/frettir/heimildir_fjarmalafyrirtækja.pdf> skoðað
11. mars 2016

Weatherill, Stephen, *EU consumer law and policy* (Edward Elgar publishing 2005)

Þorgeir Örlygsson, *Veðréttur* (Bókaútgáfa Orators 2002)

Þórunn Anna Árnadóttir og Matthildur Stefánsdóttir, *Neytendastofu, viðtal við höfund*
(Reykjavík 23. nóvember 2016)